



126126



SKRIFSTOFAN Í VASANUM

Þú getur gert best allt sem þú getur á skrifstofunni þinni – með bestum vörum.



BlackBerry

Sérhæft, þróaðar vörur þínar eru stærstaklega hannað til að virka með góða nálgun þess að vera fyrsta. Tækið hefur stílk og þægilegt lykklaborð og stóra skjá.

Windows Mobile

Microsoft sími sem getur þú hafið á vörum með tölvuþrátt eða í Microsoft umhverfi.



Palm OS

Hugbúnaður sem veitir aðgang að tölvuþrátt, dagbók eða OpenHand er hægt að koma á skrifstovu með tölvuþrátt.

The BlackBerry logo is a registered trademark of Research In Motion. All other trademarks are the property of their respective owners.

„Í viðskiptalífinu er lykilatriði að vera alltaf í góðu sambandi“

Hörður Þórðarson, framkvæmdastjóri Actavis Íslands



LLOYD

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN




LLOYD

SMÁRALIND (551 8519) - KRINGLAN (568 9212)



10 – Ritstjórnargrein:

Á Bausgjölskyldan Ísland?



170 – Bókardómur:

Að vinna með nýrri konu

FRJÁLS VERSLUN

Stofnuð 1939

Sérítt um viðskipta-, efnahags- og atvinnumál – 67. ár
ÚTGEFANDI:

Heimur hf.

RITSTJÓRN, AUGLÝSINGAR OG AFGREIÐSLA:

Borgartúni 23, 105 Reykjavík, sími: 512 7575, fax: 561 8646,
netfang: fv@heimur.is

ÁSKRIFTARVERÐ:

kr 9.300 á ári, 10% afsláttur ef greitt er með kreditkort.

LAUSASÖLUVERÐ:

899 kr.

DREIFING:

Heimur hf., sími 512 7575

PRENTVINNSLA:

Gutenberg hf.

LJÓSMYNDIR:

© Heimur hf. – Öll réttindi áskilin varðandi efni og myndir

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR: Jón G. Hauksson

AUGLÝSINGASTJÓRI:

Sjófn Sigurgeirsdóttir



LJÓSMYNDARI:

Geir Ólafsson



ÚTLITSHÖNNUN:

Magnús Valur Pálsson



ISSN 1017-3544



10 Leiðari:
Á Bausgjölskyldan Ísland?

12 Kynning:
Íslandsbanki.

14 Fréttir:
Þeir eru OverTheEdge.

28 Kynning:
Línuhönnun.

30 Dagbókin:
Það sem verið hefur efst á
baugi í viðskiptalífinu sl. mánuð

38 300 stærstu:
Veislan er hafin.

88 Kynning:
Þorgeir og Helgi.

120 Kynning:
Sparisjóður Mýrasýslu.

148 Kynning:
LH tækni.

140 Kauphöllin:
Verðmætustu fyrirtækin í
Kauphöll Íslands.

150 Setið fyrir svörum:
23 þekktir forstjórar sitja fyrir
svörum og spá í árið 2006

168 Kvikmyndir:
Leitin að sannleikanum.

170 Bókardómur:
Að vinna með nýrri konu.

174 Úr einu í annað.

178 Davíð í Japan.

182 Sumarmyndir Geirs Ólafssonar.

186 Fólki.



14 – Íslenskt-danskt tölvufyrirtæki:

Peir eru OverTheEdge



168 – Kvikmyndir:

Leitin að sannleikanum



188 – Fólk:

**Nýr markaðsstjóri
Kauphallar**



30 – Dagbókin:

**Áfall fyrir
ákæruvaldið**



178 – Austrið heillar:

Davíð í Japan



Við komum hreyfingu á peningana!



Innviðskattabætur Intrum hafa skilað
fjöldi fyrirtækja og stofnana bættum
árangri við innheimtu vanskilakrafna með
mun minni tilkostnaði og fyrirhöfn.

Þarft þú að koma hreyfingu á peningana þína?

intrum  **justitia**

www.intrum.is



300 STÆRSTU

**Veislan byrjar
á bls. 38.**

40 AÐALLISTINN

- 300 stærstu árið 2004.
- 50 HELSTU NIÐURSTÖÐUR.
- 52 SKÝRINGAR.
- 56 HÆSTU LAUNIN.
- 64 MESTUR HAGNAÐUR.
- 70 HAGNAÐUR SEM % AF VELTU.
- 71 STÆRSTU VINNUVEITENDUR.
- 73 MEST EIGIÐ FÉ.
- 74 ARÐSEMI EIGIN FJÁR.
- 76 VELTUAUKNING.
- 80 VELTUFJÁRHLOTFALL.

ATVINNUGREINAR

- 94 STÆRST Í HVERRI
ATVINNUGREIN.
- 96 ALMENNUR IÐNAÐUR.
- 96 MÁLM- OG SKIPASMÍÐI.
- 97 SMÁSALA.
- 98 FJÖLMÍÐLAR.
- 99 FLUTNINGAR.
- 100 TRYGGINGAFÉLÖG.
- 100 ORKUVEITUR.
- 100 OLÍUFÉLÖG.
- 100 AUGLÝSINGASTOFUR.

- 100 HÚSGÖGN.
- 101 LYFJAFYRIRTÆKI.
- 101 LÍFTÆKNI.
- 101 FASTEIGNAFÉLÖG.
- 101 BÆJARFÉLÖG.
- 102 VERKTAKAR.
- 104 TÖLVUBÚNAÐUR OG ÞJÓNUSTA.
- 104 HUGBÚNAÐARFYRIRTÆKI.
- 104 RÁÐGJÖF.
- 107 BIFREIÐAR.
- 107 FERÐASKRIFSTOFUR.
- 108 FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI.
- 110 LÍFEYRISSJÓÐIR.
- 112 MATVÆLAÐNAÐUR.
- 112 HEILSUGÆSLA.
- 112 FJÁRFESTINGAFÉLÖG.
- 114 SJÁVARÚTVEGUR.
- 116 HEILDVERSLUN.
- 116 KAUPFÉLÖG.
- 116 ÝMIS SAMTÖK.
- 118 HÓTEL OG VEITINGAHÚS.
- 118 FJARSKIPTAFYRIRTÆKI.
- 118 ENDURSKOÐENDUR.
- 118 ÝMIS ÞJÓNUSTA.
- 119 ÝMSAR OPINBERAR STOFNANIR.

KJÖRDÆMI

- 120 REYKJAVÍK.
- 121 SUÐVESTUR.
- 121 NORÐVESTUR.
- 122 NORÐAUSTUR.
- 122 SUÐUR.

FORSTJÓRAVIÐTÖL


- 84 ANDRI MÁR INGÓLFSSON.
- 86 ERNA GÍSLADÓTTIR.
- 88 FINNUR ÁRNASON.
- 90 HREGGVIÐUR JÓNSSON.
- 92 HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON.
- 126 HRUND RUDOLFSÓTTIR.
- 128 EGILL ÁGÚSTSSON.
- 130 KATRÍN PÉTURSDÓTTIR.
- 132 LÝÐUR GUÐMUNDSSON.
- 134 STEINÞÓR SKÚLASON.
- 136 JÓN KARL ÓLAFSSON.
- 138 ÞÓRÓLFUR ÁRNASON.



84-93 og 126-139

Forstjóraviðtöl

Opnuviðtöl við tólf forstjóra á 300 stærstu listanum



52 – Setið fyrir svörum:

**23 þekktir
forstjórar spá
í árið 2006**





VÍÐA LIGGJA ÞRÆÐIR:

Á Baugsfjölskyldan Ísland?

ÞAÐ VAR SAGT í kímni að Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, hefði loksins eignast Ísland þegar Baugur yfirtók Big Food Group sem rekur m.a. matvörubúðirnar Iceland í Bretlandi. Þarna var auðvitað verið að vísa til þeirrar umræðu að Baugsfjölskyldan eigi Ísland – svo víða liggi þræðir hennar í íslensku viðskiptalífi.

PEGAR BETUR ER að gáð þá er langur vegur frá því að Baugsfjölskyldan eigi Ísland og gíni yfir öllu í atvinnulífinu þótt voldug sé hún og áköf í matvöru, fatnaði og í fjölmiðlun. Hún rekur fjölmiðla en það hefur orðið hlutskipti hennar að vera sjálf bitastæður fréttamatgur. Ég tel

ljós að Baugsfjölskyldan er aðeins ráðandi í þremur af tuttugu og fimm stærstu fyrirtækjum landsins. Þetta eru fyrirtækin Hagar, Skeljungur (nú inni í Högum) og Og fjarskipti (nú Dagsbrún). Þá kemur fjölskyldan við sögu sem meðeigandi í FL Group, en þar á hún hlut í félaginu Kötlun Investment sem aftur á 27% í FL Group. En seint verður sagt að hún drottnei yfir því félagi, jafnvel þótt stjórnarformaður þess sé náinn viðskiptafélagi Jóns Ásgeirs. Er þess skemmst að minnst að yfirtökunefnd Kauphallar Íslands komst að þeirri niðurstöðu sl. sumar að ekki hefði myndast yfirtökuskylda vegna fjárfestinga Baugs í FL Group.

BAUGSFJÖLSKYLDAN HEFUR Í viðskiptum einbeitt sér að því sem í hagfræðinni hefur verið nefnt þarfirnar þrjár – fæði, klæði og skjól. Áhrif hennar eru langmest í matvöru og fatnaði. Í gegnum fasteignafélögin Stóðir og Þyrpingu kemur skjólið, þ.e. fasteignaviðskiptin. Fyrirtæki fjölskyldunnar, Hagar, eru með um 50% markaðshlutdeild á matvörumarkaðnum á öllu landinu en á höfuðborgarsvæðinu er hlutfallið hærra. Bara verslanir Bónuss eru með 30% hlutdeild á matvörumarkaðnum og takið eftir því að fjölskyldan hefur ekki opnað neina aðra matvöruverslun í háa herrans tíð nema Bónus. Hvorki Hagkaup né 10-11. Í fatnaði er áætlað að Hagar séu með um 30% hlutdeild. Skeljungur er með svipaða sneið af olíumarkaðnum, eða 30%. Þá er Og Vodafone með tæp 25% af símamarkaðnum á móti Símanum.

AÐ UNDANFÖRNU HEFUR mest verið rætt um ægivald Baugsfjölskyldunnar á markaði fjölmiðla. 365 miðlar, sem reka m.a. Fréttablaðið, DV, Stöð 2, Bylgjuna og fleiri miðla, eru með um 40% hlutdeild á fjölmiðlamarkaðnum. Frjáls verslun áætlað að veltan á fjölmiðlamarkaði sé um 14 milljarðar króna og þar af sé sneið 365 miðla um 5,4 milljarðar. Ákafi 365 miðla til að vaxa á öllum sviðum fjölmiðlunar er ótrúlegur.

Vegir Baugsfjölskyldunnar eru augljóslega ekki óránsakanlegir. En þræðir Baugsfjölskyldunnar liggja víða og þeir eru sterkastir í matvöru, fatnaði og fjölmiðlun. Fráleitt er hins vegar að halda því fram að fjölskyldan eigi Ísland – breytir þar engu þótt hún drottnei yfir keðjunni Iceland í Bretlandi. 

Jón G. Hauksson

Á hún Ísland?
Baugsfjölskyldan
á 3 af 25 stærstu
fyrirtækjum landsins
og er sterkust í
matvöru, fatnaði og
fjölmiðlun. Hún er
með 50% hlutdeild
á matvörumarkaði,
30% í fatnaði, 30%
í olíuverslun, 25% á
símamarkaði og 40%
í fjölmiðlun.

að fjölmiðlar hafi algjörlega misst sig í aukatriðum um aðdraganda Baugsmálsins. Stóra málið er að lögreglan hóf rannsókn og lagði málið fyrir dómstóla. Niðurstaða dómstóla er það sem skiptir öllu máli. Ekki verður annað séð en að byrinn sé með Baugsmönnum sem stendur þar sem Héraðsdómur Reykjavíkur vísaði málinu frá í heild sinni og Hæstiréttur vísaði öllum ákæruðum frá nema átta. Þetta er mikill áfellsdómur yfir ákæruvaldinu, hvort sem það skrifar nýjar ákæru eða ekki í vetur.

Í ATGANGINUM Í BAUGSMÁLINU hefur hávær umræða vaknað upp að nýju um nauðsyn fjölmiðlalaga og laga gegn hringamyndun. Þau rök hafa verið notuð að umfjöllun fjölmiðla í eigu Baugs um Baugsmálið sé svo lituð að þörfin fyrir fjölmiðlalög

sé aldrei brýnni. Ég held að það hefði litlu breytt um efnistöð Fréttablaðsins og DV að undanförmu þótt fjölmiðlafrumvarpið hefði orðið að lögum í fyrri. Samkvæmt frumvarpinu máttu stórfyrirtæki eiga prentmiðla, hnífurinn stóð í kúnni varðandi ljósvakamiðlana. Það breytir samt ekki því – hverju sem eigendur og fréttamenn Baugsmiðlanna halda fram – að það setur alla fjölmiðla í erfiða klípu þegar eigendur þeirra eru á sama tíma ákafir, atkvæðamiklir og í aðalhlutverki í atvinnulífinu, hvað þá þegar þeir stela senunni dag eftir dag.

NÝR LISTI FRJÁLSRAR verslunar yfir 300 stærstu fyrirtæki landsins, sem birtur er í þessari bók, leiðir í



BOSS
HUGO BOSS


S E L E C T I O N

GERMANIA 1911 1949

Áhersla lögð á viðskiptavininn

Ávormánuðum 2004 var skipulagi Íslandsbanka breytt í þá veru að öll þjónusta innanlands við viðskiptavini var færð undir eitt svið, Viðskiptabankasvið. Markmið breytinganna var að auka enn frekar áherslu á heildstæða þjónustu við viðskiptavini og afmarka þjónustuna frá annarri starfsemi með skýrari hætti. Haukur Oddsson hefur veitt Viðskiptabankasviði Íslandsbanka forystu frá ársbyrjun 2005.

Haukur er öllum hnútum kunnugur í heimi bankaviðskipta enda verið við stjórnvölinn hátt í 20 ár. Haukur er rafmagnsverkfræðingur að mennt og tók til starfa hjá Iðnaðarbankanum árið 1984. Að loknu framhaldsnámi snéri Haukur aftur og tók þá við starfi forstöðumanns tölvudeildar Iðnaðarbankans. Haukur varð framkvæmdastjóri upplýsingatækisviðs Íslandsbanka 1998 þar til hann söðlaði um og leiðir nú starfsemi Viðskiptabankasviðs. „Áherslur í bankaviðskiptum hafa breyst töluvert frá því að ég hóf fyrst störf. Áður var almenn afgreiðsla meginhlutverk útibúa en í dag veitum við heildstæða ráðgjöf og þjónustu í fjármálum til viðskiptavina. Við höfum því lagt kapp á að endurnóta sviðið til að mæta kröfum viðskiptavina og nýjum þörfum. Íslandsbanki hefur lagt metnað sinn í það að vera í forystu um nýja þjónustu hvort sem hún stafar af breytingum í umhverfinu eða á sviði tæknimála. Svo má að vísu deila um hvort er orsök eða afleiðing.“



Íslandsbanki býður Netbanka á mörgum tungumálum, með flestar aðgerðir og hægt að skila VSK-skýrslum sem ekki er hægt annars staðar.

Aukin þjónusta og ráðgjöf Viðskiptabankasvið Íslandsbanka annast þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki innanlands. Undir sviðið heyra Útibúasvið, Fyrirtækjasvið, Eignastýring, Eignafjármögnun (Glitnir) og Markaðs- og sölumál. Haukur segir breytingarnar gera bankann enn betur í stakk búinn til að mæta sívaxandi kröfum og búi hann vel undir frekari vöxt í framtíðinni. „Þegar lítið er um öxl er ekki ýkja langt síðan meginþorri starfa á útibúasviði snéri að fjárhagslegum færslum, t.a.m. millifærslum, greiðslu reikninga og afgreiðslu reikningsyfirlita. Þetta hefur í auknu mæli færst yfir á Netið. Íslandsbanki hefur verið leiðandi á sviði upplýsingatækni, hóf fyrstur banka

hér á landi að veita heimabankapjónustu árið 1994 og aðgang að reikningum á Netinu árið 1995. Í dag þekkjum við ekkert annað en að geta afgreitt öll okkar mál í gegnum Netið á auðveldan og fljótlegan hátt. Starf þjónustufulltrúans hefur því færst sífellt meira inn á svið ráðgjafar í fjármálum - einstaklingar og fyrirtæki reiða sig meira á sérþekkingu þeirra.“

Góð fjárhagsleg heilsa lykilatriði Upplýsingatækni er einn veigamesti þáttur í starfsemi Viðskiptabankasviðs og sífellt er verið að vinna að, endurskoða eða bæta úr þjónustu, ferlum og dreifileiðum. Í dag eru um 60 til 80% allra aðgerða sem framkvæmdar eru í bankakerfinu annað hvort sjálfvirkar eða framkvæmdar af viðskiptavininum sjálfum. Bakgrunnur Hauks hefur því nýst vel í starfi. „Nánast allar afgreiðsluadgerðir sem viðskiptavinurinn getur framkvæmt sjálfur eru komnar á Netið,“ segir Haukur. „Hinsvegar er þjónustuframboðið alltaf að aukast og breytast. Viðskiptavinir sækja nú ráðgjöf varðandi fjármögnun, sparnað eða tryggingar til þjónustufulltrúa. Íslandsbanki hefur í gegnum tíðina sýnt frumkvæði og forystu í nýjungum til viðskiptavina. Íslandsbanki bauð m.a. fyrstur banka upp á Netbankapjónustu á Íslandi og snemma árs 2004 bauð bankinn húsnæðislán fyrstur banka. Við erum afar stolt af þeim árangri sem hefur náðst

en betur má ef duga skal. Markmið okkar er að auðvelda daglega umsjón með fjármálum en jafnframt aðgengi að ráðgjöf hvort sem um er að ræða einstaklinga, félagasamtök eða fyrirtæki. Starfsemi útibúanna hefur gengið undir eins konar naflaskoðun á vormánuðunum og sú vinna er þegar farin að skila sér til viðskiptavina okkar. Fljótlega förum við af stað með svokallað fjármálaviðtal, þar má í raun segja að viðskiptavinurinn gangist undir eins konar skoðun um það að fjármál hans og fjárhagslegt öryggi séu í góðu lagi bæði í núinu og þegar horft er til framtíðar.“



Haukur Oddsson, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka.

Íslandsbanki í forystu um nýjungar Haukur segir að framfarir í bankaviðskiptum haldist jafnframt í hendur við þróun tækninnar. Þegar staldrað er við og litið til baka þá blasir við ótrúleg þróun síðustu 10 ár. „Öll þessi þróun er merkileg og á sér enga hliðstæðu í sögunni. Þegar litið er til tækninnar eru það tvö atriði sem standa upp úr, annars vegar tilkoma Netscape vafrans og hins vegar tilkoma ADSL, þ.e. þegar tölvur urðu sí tengdar. Við gerðum okkur enga grein fyrir því við opnun Netbankans hversu byltingarkennda nýjung við vorum að kynna til sögunnar. Eins og áður sagði getur viðskiptavinurinn framkvæmt flestar færslur orðið sjálfur en við höfum einnig sótt inn á fyrirtækjamarkað með sérsniðnar lausnir. Ekki er langt síðan við stóðum fyrir fundi til að kynna nýja þjónustu í Fyrirtækjabankanum og ljóst af mætingunni að mikill áhugi er fyrir hendi. Þar kynntum við m.a. samþykktarkerfi sem gerir fyrirtækjum kleift að samþykkja reikninga rafrænt, erlendar millifærslur þar sem hægt er að millifæra milli reikninga í íslenskum krónum og gjaldeyrisreikninga og stofna tékka- og gjaldeyrisreikninga svo fátt eitt sé nefnt.“

Netvæðing farsíma og rafræn skilríki Haukur nefnir það að fyrirsjáanlegar séu a.m.k. tvær stórar breytingar í náinni framtíð, netvæðing farsíma (eMobile) og útgáfa stafrænna skilríkja. „Við höfum séð fyrstu örskefin í netvæðingu farsíma, þetta er upphaf að miklu ævintýri. Allar aðgerðir sem við þekkjum á hinu hefðbundna Neti eiga eftir að flytjast í farsímann. Stafræn skilríki munu svo breyta grunninum í netviðskiptum og opna dyr að nýjum möguleikum. Grunntæknin er til staðar en engum hefur auðnast að koma henni í dreifingu. Haukur segir þó engan bilbug vera að finna á Íslandsbanka, bankinn muni halda áfram ótraudur á þeirri braut sem hann hefur rutt.

Verkefni sem Íslandsbanki hefur haft forystu um:

- 1988 fyrstur með Skjálínuna
- 1994 fyrstur með heimabanka (innhringisamband)
- 1995 fyrsti Netbanki á Íslandi
- 1999 fyrstir með WAP bankþjónustu
- 2000 fyrsti og eini félagabanki á Íslandi
- 2001 fyrstir með erlendar millifærslur
- 2002 Nýr og öflugur Fyrirtækjabanki
- 2003 Nýr og betri Netbanki

Öflugri Fyrirtækjabanki

- Samþykktarkerfi
- VSK-skil
- Netlaunaseðlar
- Greiðslur
- Erlend viðskipti
- Innheimta
- Aðgangsstýring
- Áhættu- og skuldastýring



ÍSLANDBANKI

**Kirkjusandi • 155 Reykjavík
Sími 440 4000 • Fax 440 4001
Heimasíða: www.isb.is**



Íslendingurinn Davíð Helgason lengst til hægri á myndinni. Með honum eru Danirnir Peter, Nicolas Francis og Joachim Ante. Mynd: Olafur Rafnar Ólafsson.



Helgi, Nicolas og Joachim eru OverTheEdge

Fyrirtækið hefur framleitt töfraforritið Unity til að búa til tölvuleiki og annað sem hreyfist á skjánum.

OverTheEdge er danskt fyrirtæki með íslensku ívafi.

Það er í eigu þriggja ungranna, Íslendingins Davíðs Helgasonar og Dananna Nicolas Francis og Joachim Ante. Fyrirtækið hefur vakið athygli að undanförmu fyrir tölvuforritið Unity sem er forrit til að búa til tölvuleiki. Kostir þess eru að það er mjög kröftugt fyrir fagfólk en líka sáraféinfalt fyrir þá sem eru skemmra á veg komnir. Það virkar bæði í Windows og Mac-umhverfi.

Eins og margar aðrar tölvuafurðir varð Unity til fyrir hálfgerða tilviljun. Fyrir tæpum þremur árum voru strákarinn þeir að þreifa sig áfram með að gera tölvuleik og leikjahönnunarforrit, sem þeir slógu saman til að spara tíma.

Leikurinn, GooBall, var gefinn út í vor af Ambrosia, gamalgrónu leikja- og forritadreifingarfyrirtæki. Leikurinn er fyrir Apple-tölvur og hefur fengið mikið hrós í tölvublöðum og tölvuslóðum fyrir glæsilega og óvenjulega grafík og tónlist.

Í fyrra þegar leikurinn var tilbúinn réðust þremmingarnir í það ásamt nokkrum starfsmönnum að fullvinna leikjahönnunarforritið. Unity var hannað fyrir Apple-tölvur, sem eru yfirgnæfandi notaðar af hönnuðum í ýmsum geirum. Margvísleg þrívíddartöl eru til fyrir Apple en ekkert fyrir leikjagerð. Þess vegna fengu nokkrir yfirmenn hjá Apple augastað á Unity.

Árlega heldur Apple stóra ráðstefnu, Apple World Wide Developers Conference, í San

Á ráðstefnunni í júní fór einn yfirmanna Apple upp á sviðið á eftir ávarpi Steve Jobs og kynnti fjögur þúsund ráðstefnugestum Unity sem kom út þann dag.

Francisco. Á ráðstefnunni í júní fór einn yfirmanna Apple upp á sviðið eftir ávarp Steve Jobs og kynnti fjögur þúsund ráðstefnugestum Unity sem kom út þann dag. Apple hefur haldið áfram að kynna Unity.

Í ágúst sl. kom útgáfa Unity fyrir Windows og þar með opnað mun stærri markaður. Það hefur einnig sýnt sig að Unity hentar ekki aðeins í tölvuleiki

heldur einnig í hvers kyns þrívíddarhönnun, nýtist því vel á auglýsingastofum, arkitektastofum og annars staðar þar sem þarf að gera þrívíðar hreyfanlegar skjámyndir.

Þó fyrirtækið sé í Kaupmannahöfn eru viðskiptavinirnir annars staðar: helmingurinn af sölu OverTheEdge er til annarra Evrópulanda, hinn helmingurinn til Bandaríkjanna. Ýmsir hönnunarskólar hafa keypt Unity til að nota í kennslu í leikjahönnun, þar á meðal hinn þekkti Parson's School of Design í New York.

Næsta verkefni OverTheEdge er að þróa tölvuleik um átök Ísraela og Palestínumanna. Leikurinn er unninn í samvinnu við Electronic Arts og Sameinuðu þjóðirnar. Frekari upplýsingar: www.otee.dk eða david@otee.dk 



Vetraropnun 11-18 alla daga

RESTAURANT
Jómfrúin
— DANISH —
OPEN SANDWICHES
Lækjargötu 4 sími: 55 10 100 fax: 55 100 35




Fundur - Möttokur - Veisluþjónusta



Fegurð



A6 3.2 FSI® V6 255 hestöfl tilþrönk sjálfklipping



Til að fagna þessum tímamótum með blaðinu mun Frjáls verslun senda öllum áskrifendum sínum eintak af afmælisblaði Tölvuheims þeim að kostnaðarlausu.

Kristinn Jón Arnarson, ritstjóri Tölvuheims. Í afmælisritinu verður fjallað um hina ótrúlegu byltingu í tölvutækni síðustu tíu árin.

TÖLVUHEIMUR TÍU ÁRA

Tímaritið Tölvuheimur fagnar merkum tímamótum um þessar mundir, því í lok þessa mánaðar kemur út 100. tölublað blaðsins og jafnframt eru nú rétt um 10 ár frá því að blaðið kom fyrst út. Það er því tvöföld ástæða til að fagna og hyggst ritstjóri Tölvuheims, Krist-

inn Jón Arnarson, gera það með útgáfu veglegs tímamótablaðs.

„Hundraðasta tölublaðið verður með nokkuð öðru sniði en venjuleg tölublað. Við munum auk hefðbundins efnis velta fyrir okkur þróuninni sem átt hefur sér stað þau 10 ár sem Tölvuheimur hefur verið gefinn út, en

Áskrifendur Frjálsrar verslunar fá afmælisrit Tölvuheims ókeypis í lok mánaðarins.

hún hefur verið hreint ótrúlega hröð. Sem dæmi má taka að Netið var varla komið í neina notkun að ráði þegar fyrsta tölublað Tölvuheims kom út,“ segir Kristinn.

Auk þess að verða efnismeira en hefðbundin tölublað Tölvuheims verður afmælisritið gefið

út í stærra upplagi en venjulega. Til að fagna þessum tímamótum með blaðinu mun Frjáls verslun senda öllum áskrifendum sínum eintak af afmælisblaði Tölvuheims þeim að kostnaðarlausu. Jafnframt verður þeim boðin áskrift að blaðinu á sérstöku afmælistilboði. [\[1\]](#)



E*TRADE

ÉG * APPLE

Við færum þér fjármálaheiminn

Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfavíðskipti með E-TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, NYSE, Nasdaq og AMEX í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku. Kynntu þér málið á www.landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

„FORSÍÐAN ETIN“

Kökusneiðin sem prýðir forsíðu Frjálsrar verslunar er jarðarberjakaka frá Bakarameistararanum. Þetta er einhver vinsælasta kakan þar á bæ og rokselst. Óttar Sveinsson bakarameistari bakaði kökuna fyrir Frjálsa verslun. Að sögn hans er þetta hefðbundin jarðarberjakaka. Ofan á hana eru sett jarðarber og til að ná gljáanum er jarðarberjagel sett á berin. Kökusneiðin hefur í sjálfu sér enga djúpa merkingu. En þó má láta sér detta í hug að þarna sé um hluta af þjóðarkökunni að ræða, en í hagfræðinni er mikið talað um „skiptingu kökunnar“ og í rökræðum um sparnað er gjarnan sagt að það sé ekki bæði hægt að „borða kökuna og geyma hana“. Þegar Frjáls verslun bauð upp á kökuna í eldhúsinu á ritstjórnarskrifstofum Heims varð einum af starfsmönnum á orði að nú væri forsíðan etin. Það er margt til í því. 



Óttar Sveinsson, bakarameistari í Bakarameistararanum, skreytir hér jarðarberjakökuna sem prýðir forsíðu Frjálsrar verslunar. FV-mynd: Geir Ólafsson.

Listaverk til leigu og sölu



**Artótek - Listhleða í Borgarbókasafni leigl og selur
Íslenska myndlist til fyrirtækja og einstaklinga**

**Á þriðja hundræð listaverk eru í boði hverju sinni
eftir um 100 listamenn í Sambandi Íslenskra
myndlistarmanna**

**Greiðsla á mánuði er á bilinu 1.000 – 10.000 kr.
Vaxtalæsur afborganir eða leiga
Sjá nánar á www.artotek.is**



ARTÓTEK

Borgarbókasafnið, Gróttuhúsið
Tryggvagötu 15, Reykjavík
Sími 583 1717, www.artotek.is

Jafnrétti eykur hagnað

Jafnréttismál eru ekki einvörðungu mál kvenna, heldur beggja kynja,“ segir Margrét Kristmannsdóttir í Pfaff, formaður Félags kvenna í atvinnurekstri. Fjölmenni var á morgunverðarfundum FKA og Viðskiptaráðs á dögunum þar sem velt er upp þeirri spurningu hvort auka mætti hagnað fyrirtækja með því að bæði kynin kæmu í ríkari mæli að stjórnun þeirra. Framsögumenn á fundinum voru Lisa Levey frá Catalyst í Bandaríkjunum og Þórunna Jónsdóttir stjórnendaráðgjafi hjá Kaliber Consulting.

„Allar rannsóknir sýna að aðkoma beggja kynja að stjórn fyrirtækja skilar betri afkomu. Kynin vega hvort annað upp. Fram hjá þessari staðreynd, sem æ fleiri rannsóknir styðja, geta engir ábyrgir stjórnendur litið,“ segir Margrét.

Fimm karlar, sem allir eru í lykilhlutverki í íslensku atvinnulífi, voru þátttakendur í pallborðsumræðum á fundinum. Fram kom í máli þeirra að meðal þess sem skorti í stjórnunarháttum

kvenna væri meira af því sem kalla mætti bardagaeðli. Því voru fundarkonur ósammála, en þær voru 140 en karlarnir sem fundinn sátu ekki nema um 20, að meðtöldum þeim sem tóku þátt í pallborðsumræðum. 



Þórunna Jónsdóttir ráðgjafi kynnti rannsókn sem sýnir að jöfn aðkoma kynja að stjórnun bætir afkomu.



Kappar úr forystusveit atvinnulífsins sátu fyrir svörum. Frá vinstri talið: Steinn Logi Björnsson, Ari Edwald, Erlendur Hjaltason, Jón Karl Ólafsson og Hreggviður Jónsson.



Osur hf.
Grjóthala 5
110 Reykjavík

sími 515 1300
fex 515 1355

info@osur.com
www.osur.com

Life Without Limitations



AFKASTAMIKILL ÁGÚST

Ágúst Einarsson með bók sína, Rekstrarhagfræði

Á dögunum kom út hjá Máli og menningu bókinn Rekstrarhagfræði eftir dr. Ágúst Einarsson, prófessor. Bókin er tæpar 500 blaðsíður og er þar fjallað um helstu atriði rekstrarhagfræði í fimmtán köflum. Ágúst byggir bókina meðal annars á reynslu sinni sem kennari við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands síðustu fimmtán ár, jafnframt því sem hann hefur verið virkur þátttak-

andi í atvinnulífinu.

„Bókin er ætluð öllum nemendum í upphafi háskólanáms í rekstrarhagfræði, en hún gagnast öllum öðrum jafnframt. Svo sem þeim sem eru starfandi í rekstri í atvinnulífinu. Þarna fá þeir í skýru formi grunnatriðin og þegar þau eru ljós er ekkert flókið lengur,“ segir Ágúst.

Í bókinni eru æviágrip sextíu einstaklinga sem hafa skarað fram úr í rekstri og atvinnustarf-

semi. Þá eru einnig stuttir kaflar um fyrirtæki og atburði sem hafa á ýmsan hátt markað kaflaskil í atvinnu- og efnahagslífi þjóðarinnar. Þar má nefna grænmetis málið, samráð olíufélaganna, þjóðarsáttina, Lofleiðir, KB-banka og fjölmiðlamálið á sl. ári. „Sögurnar úr atvinnulífinu og æviágripin kenna mönnum heilmikið. Ég tel að í bókinni sé að finna leiðarvísi að góðum árangri í fyrirtækjarekstri,“ segir Ágúst sem

kveðst hafa nýtt frístundir sínar til að skrifa bókina. Sér þyki gott að slappa af með vinnu.

Aðspurður um þær fræðikenningar sem fylgt er í bókinni segist Ágúst blanda saman þeim hefðum sem gilda í engilsaxneskum heimi og svo þeim sem ráða ríkjum á meginlandi Evrópu. Rekstrarhagfræði sé ekki kennd alls staðar með sama hætti, en með bókinni fáið heilsteyp yfirlit. 

Flutningar án landamæra



Skólavogur 1a • 104 Reykjavík • Sími 5 208 600 • Fax 5 200 601 • frakt@frakt.is • www.frakt.is

Fraktlausnir bjóða öfluga þjónustu í flutningum. Sveigjafing og persónuleg þjónusta er okkar einkamerki. Sérstök Fraktlausnir eru mál, þróun og innvið og tilvald og er jafn okkar breidd og fjöldi. Við bjóðum til þjónustu sem aðrir að vörusendingum eru til henda. Þetta er flutningur okkar breidd og er breiddin okkar.



Fraktlausnir
Flutningar án landamæra

Flutningur • Sveigjafing • Flutningur • Flutningur • Flutningur • Flutningur • Flutningur

 **Heineken**



ELFUR VANN 300 STÆRSTU


Elfur Logadóttir, sem er í meistaranámi í lögum við Háskólann í Reykjavík, vann að mestu listann yfir 300 stærstu fyrirtæki landsins fyrir Frjálsa verslun í sumar. Bókin er 8. tbl. Frjálsrar verslunar.

Elfur er viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík og með BA próf í lögfræði frá sama skóla. Upplýsingasöfnunin við 300

stærstu hófst snemma í sumar og henni lauk ekki fyrr en í lok september. Þótt listinn gangi undir heitinu 300 stærstu eru yfir 400 fyrirtæki og stofnanir nefnd í bókinni.

Frjáls verslun þakkar Elfi fyrir samstarfið í sumar sem og þeim fyrirtækjum sem sendu inn upplýsingar.

-Ritstj.



Elfur Logadóttir.



Benedikt Olgeirsson.



Reimar Pétursson.



Guðný Rósa Þorvarðardóttir.

Nýir framkvæmdastjórar Atorku Group

Benedikt Olgeirsson og Reimar Pétursson hafa verið ráðnir í nýjar stöður framkvæmdastjóra hjá Atorku Group. Þá hefur Guðný Rósa Þorvarðardóttir verið ráðin framkvæmdastjóri Parlogis hf. (hét áður Lyfjadreifing) sem Atorka Group á.

Benedikt verður framkvæmda-

stjóri umbreytingaverkefna hjá Atorku Group. Hann er verkfræðingur frá Háskóla Íslands og lauk meistaraþrófi frá University of Washington í Seattle árið 1987. Hann hefur undanfarið eitt og hálft ár verið framkvæmdastjóri Parlogis.

Reimar Pétursson er fram-

kvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Atorku Group. Hann stjórnar fjárfestingu Atorku Group og starfar auk þess að stefnumótun og rekstri félagsins. Hann er lögfræðingur frá Háskóla Íslands og stundaði nám í fjármála- og viðskiptatengdri lögfræði við Columbia University í New York og

útskrifaðist þaðan með meistaraþróf í lögfræði árið 2003.


Guðný Rósa Þorvarðardóttir, framkvæmdastjóri Parlogis, er viðskiptafræðingur og starfaði sem markaðs- og innkaupastjóri Skeljungs frá 1996 til 2005. Hún hefur frá því í apríl sl. verið markaðsstjóri Parlogis. [\[1\]](#)

KB Tekjuvernd tekur af þér fallið við launamissi

FRANZONI / RÚN

KB Tekjuvernd er hagkvæm vernd sem dregur úr launamissi sem kann að verða
vegna glúkláms, röðru, andláts eða starfselekt.

[Redacted text block]



[Redacted text]



KB BANKI



Baldur Guðnason, forstjóri Eimskíps.



Lea Pórarinsdóttir, Stefania Erlingsdóttir og Pórdís Ingvarsdóttir.



Hulda Guðmundsdóttir, Heiðrún Helgadóttir, Elín Hjalmsdóttir og Drífa Sigurðardóttir.



Ólafur Páll Rafnsson, Gunnar J. Gunnarsson og Pröstur Freyr Hafðísarson.

Baldur kynnti skipuritið á NASA

Bað var býsna frumlegt þegar Eimskip hélt haustfagnað sinn á skemmtistaðnum NASA eitt föstudagskvöldið nýlega þar sem forstjóri félagsins, Baldur Guðnason, kynnti nýtt skipurit félagsins. Segja má að þarna hafi vinnu og skemmtun verið blandað saman. Nýja skipuritið gerir ráð fyrir að

tekjusvið félagsins verði þrjú; millilandasvið, alþjóðasvið og innanlandssvið. Þá hefur Eimskip gert samstarfssamning við DHL sem felur í sér aukna flutninga fyrir Eimskip og aðgang að flutningsneti DHL.

Nýir yfirmenn einstakra sviða:

Guðmundur Nikulásson, framkvæmdastjóri innanlandssviðs. Ragnar Þór Jónsson, framkvæmdastjóri millilandasviðs. Bragi Þór Marinósson, framkvæmdastjóri alþjóðasviðs. Hanna Katrín Friðriksson, framkvæmdastjóri stjórnumarsviðs.

FRÉTTASKÝRINGAR UM FÉ — BRANDARAR Á NETINU

Að bera fé: að afklæða kind.

Aflafé: kindur sem stunda veiðiskap.

Áhættufé: fífljarfar sauð-kindur.

Eigið fé: kindur sem maður á sjálfur.

Fégræðgi: að vera einstaklega sólgin í sauðaket.

Féhirðir: smali.

Félag: lag sem samið er um sauðfé.

Félegur: eins og sauður.

Féleysi: þegar skorið hefur verið niður vegna riðuveiki.

Fjárhagur: einhver sem er afar laginn við sauðfé.

Fjárhirslur: geymslur fyrir sauðfé.

Fjárlög: mörg lög sem samin eru um suðfé.

Fjármagn: þegar margar ær koma saman.

Fjármál: tungumál sauð-

kinda/jam.

Fjármálaráðherra: yfirmali.

Fjármunir: lausamunir í eigu sauðkinda.

Fjármám: skóli fyrir kindur.

Fjárplógsstarsemi: jarðyrkja þar sem sauðfé er beitt fyrir plög.

Fjársoðmun: smalamennska.

Fjárútlát: þegar ærnar eru settar út á vorin.

Fjárveitingar: þegar boðið

er upp á sauðaket í matarboðum.

Fjáröflun: smalamennska.

Fundið fé: kindur sem búið er að smala.

Glatað fé: fé sem ekki hefur komið af fjalli.

Grímsá: kind í eigu Gríms.

Hlutfé: súpuket.

Langá: einstaklega löng á.

Lausafé: kindur sem eru á afréttinum.

Norðurá: kind að norðan.

Opinbert fé: fé í eigu ríkisins.

Sauðburður: þegar handbært fé er borið á milli staða.

Sparifé: kindur sem ekki eru notaðar hversdags.

Stofnfé: fyrstu kindur sem maður eignast.

Tryggingarfé: öruggt sauðfé.

Veltufé: afvelta kindur.

Þjórfé: drykkfelld ær.

Þverá: þrjósk kind.



Í fremri röð frá vinstri: Kristján Jóhannsson, framkvæmdastjóri AppliCon ehf., Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja, Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður Nýherja, Jacob Mørk, fjármálastjóri félagsins AppliCon A/S og Martin Nørballe, framkvæmdastjóri AppliCon A/S. Í aftari röð frá vinstri: Friðrik Snorrason, markaðsstjóri Nýherja, Hinrik A. Hansen, deildarstjóri SAP hugbúnaðarlausna Nýherja, Steen Kofoed, ráðgjafi og hluthafi í AppliCon A/S, Christian Bruun, yfirmaður ráðgjafasviðs AppliCon A/S, og Lars Dolmer Hansen, deildarstjóri hjá AppliCon A/S.

Nýherji kaupir **AppliCon** í Danmörku

Nýherji hf. hefur undirritað samning um kaup á danska SAP ráðgjafar- og hugbúnaðarfyrirtækinu AppliCon A/S. Fyrirtækið er einn stærsti samstarfsaðili SAP í Danmörku og eitt af öflugri SAP ráðgjafarfyrirtækjum þar í landi. Kaupin eru í samræmi við stefnu Nýherja að auka starfsemi fyrirtækisins erlendis á sviði hugbúnaðarþjónustu og upplýsingatækni.

Í frétt frá Nýherja segir að AppliCon A/S hafi verið stofnað árið 1998 og hafi á að skipa um 50 mjög reyndum SAP ráðgjöfum, sem eru í fremstu röð á danska markaðnum. Fyrirtækið býr yfir víðtækri SAP þekkingu og langri starfsreynslu ráðgjafa sinna.

Í fyrra útnefndi danska tíma-

ritið Computerworld AppliCon A/S hæfasta fyrirtækið á sviði innleiðingar upplýsingakerfa. Það hefur verið í örum vexti og skilað hagnaði frá upphafi. Fyrirtækið vinnur nú að uppsetningu SAP hugbúnaðar hjá ýmsum stórum dönskum fyrirtækjum.

Öflugt teymi stjórnenda starfar hjá AppliCon A/S, og verða engar breytingar gerðar á stjórnendahópnum. Framkvæmdastjóri félagsins í Danmörku er Martin Nørballe, en hann starfaði áður sem yfirmaður ráðgjafardeildar SAP í Danmörku. Aðrir lykilstjórnendur eru Christian Bruun, yfirmaður ráðgjafarsviðs, Jacob Mørk, fjármálastjóri félagsins og Per Falk Jensen sölustjóri.

Kristján Jóhannsson, fram-

kvæmdastjóri hugbúnaðarsviðs Nýherja, tekur við nýju starfi framkvæmdastjóra AppliCon ehf. og mun stýra uppbyggingu félagsins hér á landi. Hinrik A. Hansen, deildarstjóri SAP hugbúnaðarlausna Nýherja, tekur við nýju starfi sem framkvæmdastjóri erlendra markaða og mun leiða markaðssókn og rekstur AppliCon á nýjum erlendum mörkuðum.

Rekstri og þjónustu AppliCon verður stýrt mjög sjálfstætt af stjórnendum í hverju landi. Sameiginleg markaðsstarfsemi og virkjun samlegðaráhrifa verður hins vegar á ábyrgð framkvæmdastjórnar sem þeir Hinrik A. Hansen, Martin Nørballe, Christian Bruun og Kristján Jóhannsson skipa, undir forystu Kristjáns. 

- AppliCon ehf. verður stofnað um hugbúnaðarþjónustu Nýherja hér á landi.
- Allir lykilstjórnendur AppliCon A/S starfa áfram hjá félaginu.
- Áform um frekari uppbyggingu starfseminnar í nágrenniöndunum undir nafni AppliCon.
- Eitt af stærri sérhæfðum SAP hugbúnaðarhúsum á Norðurlöndum.
- Áætluð velta sameiginlegs félags er 1.500 milljónir króna árið 2005.
- Mörg sóknarfæri á ört vaxandi markaði.




Það gustaði um Davíð...

ÞAÐ ER KALT Á TOPPNUM

Það gustaði hressilega um ráðherrana þegar ráðherraskipti urðu í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins 27. september síðastliðinn. Þeir létu það ekki á sig fá, enda vanir því að það blási oft hressilega um þá. Septembarmánudur var kaldur um allt land og svo var um þennan dag í september. Haft var á orði á meðal fréttamanna fyrir utan Bessastaði þar sem ríkisráðsfundurinn var haldinn að það væri kalt á toppnum þennan dag.

Davíð Oddsson hætti sem utanríkisráðherra eftir ríflega 14 ára samfellda setu í ríkisstjórn, þar af í rúm 13 ár sem forsætisráðherra. Einar K. Guðfinnsson, fráfaraði þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, tók sæti í ríkisstjórninni.

Til þess þurfti „að hróker“ eða „leysa ráðherrakapalinn“ svo notað sé þekkt orðalag úr pólitíkinni. Geir Haarde tók við sem utanríkisráðherra af Davíð, Árni Mathiesen tók við sem fjármálaráðherra af Geir og Einar tók við sjávarútvegsráðuneytinu af Árna. 



...blés hressilega um Halldór...



... og Einar K. Guðfinnsson fékk skilaboð frá Kára kuldabola að það geti verið kalt á toppnum.



Ný hugsun - gömul gildi

LÍNUHÖNNUN Í SÓKN

Framsækni á traustum grunni

Mikil gerjun hefur átt sér stað í íslensku atvinnulífi sem sést m.a. á auknum umsvifum og framkvæmdum. Um leið hafa verkefni orðið flóknari og lausnir meira krefjandi en áður. Línuhönnun hefur tekið virkan þátt í tækni- og verkþróuninni og leitar stöðugt nýrra leiða. Hefur starfsemi fyrirtækisins eflst mjög og er orðin afar fjölbreytt. Framkvæmdastjórar eru verkfræðingarnir Guðmundur Þorbjörnsson og Sigurður Ragnarsson.

Ráðgjöf á traustum grunni Starfsemin hvílir á traustum stöðum úr 26 ára tilveru fyrirtækisins. Kjarnastarfsemin er í ráðgjöf í byggingarverkfræði þar sem Línuhönnun er í fararbroddi t.d. við hönnun raforkumannvirkja, í byggingar- og viðhaldsmálum og í vega- og brúargerð. Síðasta áratug hefur Línuhönnun einnig eflt mjög almenna verkfræðiráðgjöf, þar með talið um heildarhönnun nýbygginga og eftirlit með mannvirkjagerð, auk þess sem nýir málaflokkar eins og umhverfismál krefjast æ meiri vinnu.

Línuhönnun hefur tekið þátt í uppbyggingu virkjana og þjónustu við álver og sér þar áfram áhugaverð verkefni. Þá er vert að geta þess að Línuhönnun var fyrst fyrirtækja í Félagi ráðgjafarverkfræðinga til að hljóta gæðavottun skv. ISO 9001:2000, og er gæðakerfi fyrirtækisins orðið ein af meginstöðum starfseminnar.

Aukin fjölbreytni í þjónustu Að mati Guðmundar og Sigurðar hefur hæfni og þekking verkfræðinga og tæknimanna verið vannýtt auðlind. Aukin eftirsurn eftir þeim í margvísleg verkefni, sem m.a. tengjast hraðri framþróun atvinnulífsins, staðfestir þetta: „Viðskiptavinir Línuhönnunar leita sífellt meira að yfirsýn og heildarlausnum. Við höfum brugðist við þessu með því að auka fjölbreytni þjónustunnar og efla verkefnastjórnun sem eina af stöðum starfseminnar. Hjá okkur starfar skapandi teymi öflugra, reyndra tæknimanna og starfsmanna sem horfa í síauknum mæli til verkefnastjórnunar og reksturs, samhliða verkfræði og tækni.“

Línuhönnun hefur einnig tekið þátt í þróun á fasteignamarkaði, m.a. í samstarfi við fasteignafélög, þar sem þekking á tæknipáttum verkefna og verkefnastýringu hefur reynst vel við lausn flókinna verkefna. „Línuhönnun býður stofnunum og fyrirtækjum heildaráðgjöf við fasteignausýslu þeirra: Þarfagreiningu, aðstoð við að finna framtíðaraðstöðu og losa þá eldri, verkefnastjórnun við breytingarnar og flutning og alla tækniaðstöð, auk rekstrar- og viðhaldsáætlananna til framtíðar. Þekking á skipulagsmálum skiptir í þessu samhengi einnig stöðugt meira máli.“

Reynsla Línuhönnunar í verkefnastjórnun og gæðakerfum nýtist vel í nýrri ráðgjöf þar sem fyrirtæki eru aðstoðuð við að hrinda markmiðum í framkvæmd. „Fyrirtækjum tekst yfirleitt vel að vinna að stefnumótun, skilgreina sitt hlutverk og marka stefnu, en innleiðing stefnunnar og sókn að markmiðum er oftar flöskuhálsinn. Hér bjóðum við að vinna með fyrirtækjum, stýra verkefnum tímabundið eða aðstoða við að koma á lagginnar innri verkefnastjórnunaraðferðum til að hrinda markmiðum í framkvæmd - til mælanlegs árangurs. Þarna kemur skilningur verkfræðinga á skipulagi og ferlum að góðum nótum, auk þekkingar rekstrarverkfræðinga í fyrirtækinu.“



Sigurður
Ragnarsson, t.v.
og Guðmundur
Þorbjörnsson,
framkvæmda-
stjórar Línu-
hönnunar.



Þverfaglegur vinnufundur.

Ráðgjöf í umhverfis- og öryggismálum Línuhönnun veitir öfluga ráðgjöf á umhverfissviðinu, meðal annars við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, og ræður heilt um umhverfishæfni fyrirtækja, umhverfisstjórnun, grænt bókhald og vistferilsgreiningar til að lágmarka umhverfisáhrif.

Nýtt og vaxandi svið hjá Línuhönnun snýr að ráðgjöf í öryggismálum. Línuhönnun hefur um árabil veitt sérfræðiráðgjöf í brunahönnun, en nú er horft á öryggissviðið í víðara samhengi, allt frá hönnun á öryggisstjórnunarkerfum í fyrirtækjum, stofnunum og hjá sveitarfélögum, til mats á hvers kyns áhættu, hvort sem er t.d. í leikskólastarfishönnun eða í stórum framleiðslufyrirtækjum, eða til rýmingaráætlana vegna eldgosa.

Af öðrum nýjum verkefnakostum má nefna lausnir fyrir sjávarútveginn í umhverfismálum og orkusparandi verkefnum, ráðgjöf fyrir ferðaþjónustuna í umhverfismálum og heilbrigðisverkfærni sem er afar áhugavert svið.

Alþjóðlegt fyrirtæki Línuhönnun lítur á sig sem alþjóðlegt fyrirtæki. „Um fimmtungur veltunnar hefur undanfarið komið úr erlendum verkefnum, og Línuhönnun tengist verkefnum víða um heim, einkum á orkusviðinu. Við vinnum heima og heiman með alþjóðlegum ráðgjafarfyrirtækjum, m.a. frá Bretlandi, Þýskalandi, A-Evrópu, Norðurlöndum og Frakklandi, en þar á Línuhönnun þriðjungshlut í ráðgjafarfyrirtækjum. Við þurfum einnig að mæta erlendri samkeppni á íslensku grundu, þar sem erlend ráðgjafarfyrirtæki sækja sífellt meira í verkefni hér heima.“

Í undirbúningi hjá Línuhönnun eru frekari skref á erlendum vettvangi á næstu misserum. Þessi þróun endurspeglast í starfsmannahópi Línuhönnunar, en þar eru nú fulltrúar 10 þjóðlanda.

Traust þjónusta í fyrirrúmi Guðmundur og Sigurður segja framtíðina bjarta hjá Línuhönnun: „Megináhersla felst ávallt í að tryggja að þjónusta við viðskiptavinum hafi forgang og að hún sé hagkvæm og áreiðanleg. Að þeim forsendum gefnum leitum við stöðugt nýrra og betri lausna og sækjumst eftir því að takast á við óvenjuleg verkefni. Starfsmenn fyrirtækisins eru helsta auðlind þess, og með þeim samhenta og öfluga hópi sem nú starfar hjá Línuhönnun er framtíðin björt.“



1.



2.



3.



4.

1. Létt og svífandi göngubrú í Vatnsmýri. 2. Sérstætt burðarvirki í Höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur. 3. Risamösturarmöstur í Póllandi. 4. Vísindasýningin í París vakti athygli.



Línuhönnun
verkfærðistofa

...á vit góðra verka

Suðurlandsbraut 4a • 108 Reykjavík

Sími: 5851500

Netfang: lh@lh.is • Netsíða: www.lh.is

30. júlí

ÖSSUR STÆKKAR UM HELMING VIÐ KAUPIN Á ROYCE

Mér varð á í messunni í síðustu dagbók, þegar ég sagði frá dagbók sumarsins í viðskiptalífínu, og gleymdi kaupum Össurar á bandaríska fyrirtækinu

Royce Medical Holding hinn 30. júlí sl. fyrir 13,9 milljarða króna. Össur keypti allt hlutféð í fyrirtækinu. Umsvif Össurar stóru aukast við kaupin og stækkar fyrirtækið um 50%. Þetta er



Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar.

auðvitað með stærri fjárfestingum Íslendinga erlendis. Royce er á meðal fremstu framleiðenda stuðningstækja í Bandaríkjunum, en munurinn á þeim og stoðtækjum, sem Össur er þekktur fyrir að framleiða, er sá að stoðtækjum er ætlað að koma í stað útlima en stuðningstæki eru t.d. spelkur sem styðja við útlimi.

2. september

TENGDAFEDGARNIR AÐALSTEINN OG STYRMIR ÚT ÚR ATORKU

Breytingarnar hjá Atorku Group í byrjun september, þegar Aðalsteinn Karlsson og tengda-

sonur hans, Styrmir Þór Bragason, forstjóri félagsins, seldu sína hluti að mestu í félaginu og yfirgáfu það, eru líklegast með umtöluðustu viðskiptafréttum mánaðarins. Þetta gerðist þannig að tengdafaðgarnir Þorsteinn Vilhelmsson og Magnús Jónsson, starfandi stjórnarformaður í félaginu, keyptu 275 milljónir hluta fyrir um 1,7 milljarða króna og juku þar með hlut sinn í 35,3% í félaginu. Á meðal þeirra sem seldu voru Landsbankinn í Lúxemborg auk þeirra Aðalsteins Karlssonar og Lárusar Blöndal,



Þorsteinn Vilhelmsson jók hlut sinn í Atorku.

en báðir sátu í stjórn Atorku. Styrmir Þór Bragason seldi sinn hlut að mestu og hætti sem forstjóri. Benedikt Olgeirsson og Reimar Pétursson voru ráðnir í nýjar stöður framkvæmdastjóra í kjölfarið. Þá var Guðný Rósa Þorvarðardóttir ráðin framkvæmdastjóri Parlogis í stað Benedikts.

6. september

LANDSBANKINN KAUPIR KEPLER

Landsbanki Íslands kynnti þennan dag kaup sín á 81% hlut í evrópska verðbréfafyrirtækinu Kepler Equities. Kaupverðið er 5,8 milljarðar króna. Bankinn eignast allt hlutféð í Kepler á næstu 5 árum en það er í heild-

7. september

DAVÍÐ VERÐUR SEÐLABANKASTJÓRI

Davíð Oddsson var einn á sviðinu í fjölmiðlum miðvikudaginn 7. september. Þetta var hans dagur. Með skömmum fyrirvara boðaði hann til blaðamannafundar í Valhöll, húsa- kynnum Sjálfstæðisflokksins. Þar tilkynnti hann að hann ætlaði ekki að gefa kost á sér til formanns flokksins á landsfundi og hann ætlaði að hætta sem utanríkisráðherra og láta af þingmennsku. Jafnframt kom fram á fundinum að hann tæki við sem seðlabankastjóri og tæki við formennsku í bankastjórn Seðlabankans hinn 20. október.

Miðað við feril Davíðs og stíl í stjórnmálum leikur enginn vafi á að hann er á leiðinni í Seðlabankann til að stjórna bankanum og láta þar að sér kveða.



Davíð tilkynnir á blaðamannafundi í Valhöll að hann sé að hætta í pólitík og verði seðlabankastjóri.

ina metið á 7,2 milljarða króna. Kepler Equities er með starfsemi í sjö löndum í Evrópu, auk þess að reka verðbréfamiðlun í New York. Fyrirtækið sérhæfir sig í sölu og miðlun hlutabréfa til meira en 800 fagfjárfesta og rekur greiningardeild sem greinir um 430 fyrirtæki í Evrópu.

8. september

BJÖRGÓLFUR THOR KAUPIR Í BÚLGÖRSKUM BANKA

Þennan dag var tilkynnt að félag í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, Novator Bulgaria Holding, hefði keypt 34% hlut í búlgarska bankanum Eibank. Eibank var stofnaður árið 1994 og er skráður í kauphöllinni í Búlgaríu. Bankinn er áttundi stærsti banki Búlgaríu. Starfsmenn hans eru um eitt þúsund. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var staddur í Búlgaríu þegar tilkynnt var um kaup Björgólfs Thors, en Ólafur var þar úti í boði Georgi Parvanov, forseta landsins.

8. september

ERLEND SKULDABRÉF Í ÍSLENSKUM KRÓNUM

Útgáfa erlendra aðila á skulda-
bréfum í íslenskum krónum
erlendis hefur vakið mikla athygli
og sögðu fjölmiðlar frá þessu
„nýja æði“ snemma í septem-
ber. Í byrjun október var þessi
útgáfa á erlendum skuldabréfum
í íslenskum krónum komin í
70 milljarða króna. Bréfin eru
gefín út í íslenskum krónum
vegna hárra nafnvaxta hérlendis.
Krónan hefur styrkst vegna þess-
arar útgáfu en aukinn áhugi á



Björgólfur Thor Björgólfsson kaupir ráðandi hlut í búlgörskum banka.

krónunni styrkir gengi hennar. Greiningardeild Kaupþings banka sagði í byrjun september um þessa útgáfu að hún myndi auka á gengissveiflur á næstu tveimur árum og að þessir fjármunir kæmu inn á gjaldeyrismarkaðinn þegar krónan væri í styrkingarf-
erli og myndi án efa flæða út þegar gengi krónunnar færi aftur að lækka.

9. september

KAUPÞINGI Í NOREGI „SLÁTRAD“ Í SKÝRSLU

Norska blaðið Dagens Næringsliv sagði í fyrirsögn að Kaupþingi í Noregi hefði verið „slátrad“ í skýrslu norska fjármálaeftirlitsins. Sagði í skýrslunni að fyrirtækið hefði ekki uppfyllt eiginfjárr-
reglur um langa hrið. Kaupþing banki greip strax til viðeigandi ráðstafana og skipti um stjórn-
endur bankans þegar fyrir lá hvernig í pottinn væri búið. Jan Petter Sissener, kunnur norskur kaupsýslumaður, var ráðinn for-
stjóri í staðinn fyrir John Egil Skajem sem var vikið úr starfi framkvæmdastjóra. Haft var eftir Hreiðari Má Sigurðssyni, forstjóra Kaupþings banka, að bankinn hefði sjálfur komist að því að hlutirnir hefðu ekki alveg verið í lagi og bent eftirlitinu á það.

9. september

ACTAVIS KAUPIR HIGIA

Actavis Group hefur keypt Higia AD, sem er eitt stærsta lyfja-
dreifingarfyrirtæki í Búlgaríu. Áætluð velta Higia á árinu 2005 er um 6,6 milljarðar króna. Með kaupnum fær Actavis beinan aðgang að góðu dreif-
ingarneti Higia sem nær til meira en 2000 apóteka í Búlgaríu og Higia er með mjög sterka markaðshlutdeild í sölu til apó-
teka og sjúkrahustofnana.

10. september

SÆPLAST KAUPIR BONAR PLASTICS

Þennan dag var tilkynnt að Promens hf.,sem er móðurfélag Sæplasts, hefði tekið við rekstri breska

plastfram-
leiðslufyrir-
tækisins Bonar
Plastics en
fyrir í sumar
var tilkynnt
um kaupin.
Promens
er dótturfé-
lag Atorku
Group og

var stofnað sl. vor þegar starf-
semi Sæplasts var endurskipu-
lögð. Eftir kaupin starfrækir
Promens-samstæðan samtals
19 verksmiðjur í 12 löndum, auk
söluskrifstofa í Hong Kong, Kína
og Víetnam. Kaupverð Bonar
Plastics er um þrír milljarðar
króna. Bonar Plastics er þrefalt
stærra fyrirtæki en Promens.
Eftir kaupin er gert ráð fyrir að
velta samstæðunnar verði um
11 milljarðar og starfsmenn um
1.250 talsins.



Geir A. Gunnlaugsson, forstjóri Promens, móðurfélags Sæplasts.

10. september

LAUN SEÐLABANKA-STJÓRA HÆKKA UM 27%

Fátt fékk meira umtal þennan dag en þegar sagt var frá því að undir lok ágúst hefði bankaráð Seðlabankans ákveðið að hækka laun bankastjóra Seðlabankans um 27% í þremur áföngum. Laun almennra starfs-
manna hækkuðu talsvert minna en bankastjórnanna. Ein af rök-
unum fyrir hækkun á launum bankastjóra Seðlabankans var mikil samkeppni um fólk við einkabankanna og að bilið á milli launa bankastjóra Seðlabankans og einkabankanna hefði breikkað og að bankastjórar Seðlabankans, banka bankanna, næðu varla sparisjóðsstjórum í launum. Þessi röksemdarfærsla féll ekki í góðan jarðveg.

15. september

BAUGUR EIGNAST Í FRENCH CONNECTION

Sagt var frá því þennan dag að Baugur Group hefði keypt fleiri hlutabréf í bresku verslanakeðjunni French Connection og ætti orðið 13,7% hlut í fyrirtækinu.

21. september

SAS SENDIR STERLING TÓNINN

Það fór ekki á milli mála að viðræðurnar um hugsanlega yfir-
Vinsælir veitingastaðir „Íslensku vörurnar standa sig almennt mjög vel, þrátt fyrir mikla samkeppni við erlendar vörur,“ segir Egill. „Okkar helsti styrkur eru gæði framleiðslunnar, fjölbreytileiki og hraði til að mæta síbreytilegum aðstæðum á markaði. Við höfum kynnt fjölda nýjunga undanfarið og þær standa undir vexti okkar rekstrar á árinu.“

Um starfsemi veitingastaðanna segir Egill að Burger King hafi aðeins starfað hér á landi í tvö ár en á þeim tíma hafi vinsældir og velta staðanna sífellt verið að aukast. „Velta Friday's hefur aukist verulega á árinu. Það hefur sýnt sig að uppbygging öflugs rekstrar í þessum geira tekur nokkurn tíma, en að fenginni þeirri reynslu sem við höfum aflað okkur er ástæða til bjartsýni.“

Erlend þekking nýtist vel Reynslan af því að vera jöfnum höndum í innflutningi, framleiðslustarfsemi og rekstri veitingastaða er góð, að sögn Egils. „Ora, Myllan, Frón og Kexsmiðjan parast einkar vel við innflutn-

inginn. Við höfum aflað okkur mikillar reynslu af samstarfi við stærstu fyrirtæki heimsins á sviði neytendavöru, eins og Procter og Gamble, svo dæmi sé tekið, sem við höfum nýtt við sölu og markaðssetningu okkar eigin vörumerkja. Hvað veitingareksturinn varðar erum við hjá ÍSAM með þrjá fríska meðeigendur sem hver um sig gegnir ákveðnu hlutverki í samstarfinu. Það fyrirkomulag gefst vel og samstaðan í hópnum er góð.“

Útflutningur hjá Ora er erfiður eins og hjá öðrum um þessar mundir vegna hás gengis krónunnar, segir Egill Ágústsson. „Við höfum flutt úr töluvert af sjávarfangi eins og kaviar og fiskibollum en höfum ekki fengið það verð sem við þurfum vegna hás gengis krónunnar. Annars hefur stærsta vandamál okkar á þessu ári verið að manna verksmiðjurnar. Spennan á vinnumarkaði innanlands er mikil og ekki hlaupið að því að fá fólk til starfa. En sem betur fer höfum við samt fastan kjarna af tryggu og öflugu starfsfólki sem hefur leyst úr þessum vanda með okkur.“

Ef menn sinna sínu vel Hér á landi sem og erlendis er þróunin sú að matvörukeðjunum fækkar og þær sem áfram starfa stækka. „Þessi þróun hefur orðið okkur hvatning til að fara út í fjölbreyttari rekstur, aukna hagræðingu og enn frekari vélvæðingu til að mæta kröfum um lægra verð, meiri fagmennsku og aukin gæði. Ef menn sinna sínu vel er engin ástæða til að óttast framtíðina. Íslensk framleiðslufyrirtæki njóta almennt mikilla vinsælda hjá neytendum og þau sem hafa lifað af harða samkeppni undanfarinna ára ættu að hafa svigrúm til að dafna. Þó ber að fara varlega á næstu árum, ná góðum tókum á þeim rekstri sem menn stunda áður en farið er í ný verkefni. Vera samt alltaf opinn fyrir skynsamlegum tækifærum sem kunna að bjóðast.“

Egill Ágústsson,
framkvæmdastjóri
Íslensk ameríska.



300 STÆRSTU



Katrín Pétursdóttir,
forstjóri Lýsis hf.

LÝSI • KATRÍN PÉTURSDÓTTIR

HRÁEFNISSKORTUR ER HAMLANDI ÞÁTTUR

Uppgangur í starfsemi Lýsis hf. Áherslur í dag miðast ekki síst við lyfjaframleiðslu.

TEXTI: **SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON**
MYND: **GEIR ÓLAFSSON**

Starfsemi í nýrri verksmiðju er komin á fullt skrið og við erum afar ánægð með útkomuna. Mun betri meðhöndlun á hráefni skilar okkur góðri afurð, svo góðu lýsi að það er algjörlega bragð- og lyktarlaust. Ég hefði ekki trúað þessu sjálf að óreyndu hvað þetta er flott. Nú er engin afsökun lengur fyrir því að taka ekki lýsi daglega," segir Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis hf.

Frá lýsi til lyfja Líðandi ár í starfsemi Lýsis hefur verið viðburðaríkt. Ný verksmiðja í Örfirisey var tekin í notkun á vordögum. Framleiðslugeta hennar um 6.000 tonn á ári, helmingi meiri en gömlu verksmiðjunnar við Grandaveg.

„Við fullnýtum ekki enn afköstin, aðallega vegna þess að okkur vantar lifur til framleiðslu í þorskalýsi. Markaðurinn gæti tekið við að minnsta kosti 1.000 tonnum af lýsi til viðbótar. Hráefnisskortur er mjög hamlandi þáttur í allri okkar starfsemi," segir Katrín, sem á dögnum var útnefnd heiðursfélagi í Stjórnvísi - sem áður hét Gæðastjórnunarfélag Íslands. Katrín fékk verðlaunin fyrir fagleg vinnubrögð og framsýni í stjórnunarháttum og rekstri.

Áherslur Lýsis hf. í dag miðast ekki síst við að marka fyrirtækinu sess í lyfjaframleiðslu. Sótt hefur verið um leyfi til lyfjafram-

leiðslu og er reiknað með að það verði í höfn fyrir áramót. „Í dag er lýsi flokkað sem heilsulyf á flestum mörkuðum. Við fáum reglulega niðurstöður rannsóknna um áhrif Lýsis á líkama og sál. Þær eru mjög jákvæðar og leiða til þess að menn skoða nú möguleika á notkun vörunnar sem íblöndun í lyf og jafnvel matvæli. Við sjálf erum ekki að framleiða lyf úr lýsi, en seljum hráefnið til lyfjafyrirtækja," segir Katrín.

Mikil söluaukning Í byrjun ársins lögðu stjórnendur Lýsis upp með að velta ársins yrðu um 1.500 milljónir króna og virðist sú áætlun - sem og aðrar sem gerðar voru - ætla að standast í grófum dráttum. Raunar eru sölutölur 13% hærri en gert var ráð fyrir, en hátt gengi íslensku krónunnar dregur úr framlegð.

„Staða íslensku krónunnar er slæm fyrir okkur eins og allar útflutningsgreinar," segir Katrín. „Það er með ólíkindum finnst okkur að styrkur krónunnar skuli haldast svona mikill og lengi í ljósi þess að viðskiptahallinn er orðinn 15% útflutningi í óhag. Við megum ekki gleyma því að útflutningurinn er grunnurinn sem við byggjum á. Hann þarf

að vera traustur svo byggja megi upp aðra starfsemi. Í dag er öll atvinnuuppbygging í landinu á kostnað útflutningsins. Okkur hjá

„Mun betri meðhöndlun á hráefni skilar okkur góðri afurð, svo góðu lýsi að það er algjörlega bragð- og lyktarlaust.“

Lýsi hefur þó tekist að halda góðum rekstri þrátt fyrir hátt gengi, til dæmis með framvirkum vörum og því að hækka verð fullunninnar vöru. Það getur þó verið erfitt að skýra út slíkar verðhækkanir fyrir erlendum kaupendum.“

Að virða umhverfi og auðlind Til að bregðast við hráefnisskorti hefur Lýsi hf. nýlega hækkað skilaverð fyrir hvert kíló ufsa- og þorskalifrar úr 22 kr. í 30. Engu að síður kasta fjöldamargir sjómenn lifrinni fyrir borð þegar gert er að fiskinum og það finnst Katrínu miður.

„Þetta er slæmt. Prengir okkur til þess að bjóða mönnum aðrar tegundir af lýsi sem ekki eru upprunnar á Íslandi og dregur því úr sérstöðu okkar á erlendum mörkuðum. Það væri óskandi að menn legðu í staðinn af þann leiða ávana að fleygja verðmætum og legðu sitt af mörkum til aukinnar verðmætatsköpunar í samfélaginu. Vaxandi hluti sjómanna kemur þó með lifrina í land. Þannig virða þeir umhverfið og sameiginlega auðlind okkar.“ 



300 STÆRSTU

BAKKAVÖR • LÝÐUR GUÐMUNDSSON

Velta og hagnaður Bakkavarar eykst stórum með kaupunum á Geest. Fjörutíu verksmiðjur. Sáttir við verðið á Símanum.

TEXTI: **SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON**
MYND: **GEIR ÓLAFSSON**



VIÐ VILJUM LEIÐA

Mér finnst talsverð einföldun þegar Seðlabankinn setur fram tölur um miklar skuldir Íslendinga og segir hættu á ferðum. Vissulega eru skuldatölurnar staðreynd, en við megum ekki gleyma að þarna að baki eru gríðarlegar eignir íslenskra útrásarfyrirtækja. Aukið peningamagn í umferð hér innanlands hefur sömuleiðis valdið gjörbylt-

ingu. Með nýjum húsnæðislánum bankanna voru leyst úr læðingi verðmæti sem höfðu verið föst á klafa í marga áratugi, verð húsnæðis réðist aðeins af framboði fjármagns. Hér er mikilvægt að heildarmyndin sé höfð í huga og að þjóðfélagið er að taka stökkbreytingum í upphafi nýrrar aldar," segir Lýður Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar.

Fjörutíu verksmiðjur Mikill uppgangur hefur einkennt rekstur Bakkavarar á árinu. Strax í byrjun líðandi árs höfðu stjórnendur fyrirtækisins markað þá stefnu að taka yfir rekstur matvælafyrirtækisins Geest. Það gekk eftir 1. mars. Vel hefur tekist til með yfirtökuna, að sögn Lýðs, og samkvæmt hálfársuppgjöri Bakkavarar hefur veltan aukist um 221% milli tímabila og hagnaður



Lýður Guðmundsson,
forstjóri Bakkavarar.

ÞRÓUNINA

um 130%. Eftir sameiningu eru starfsmenn Bakkavarar 13.500 og verksmiðjurnar alls 40, þar af 35 á Bretlandi Hinar eru í Frakklandi, Belgíu, á Spáni og í Suður Afríku.

Bakkavör er í dag langstærsti framleiðandi tilbúinna máltíða á Bretlandi. Helstu framleiðsluvörur fyrirtækisins eru ferskt salat, tilbúnar ferskar máltíðir og margs konar ídýfur, súpur, sósar og pizzur sem

seldar eru sem kælivara. Þá framleiðir Bakkavör í verksmiðjum sínum margs konar brauðmeti, til dæmis ciabatta- og hvítlauksbrauð og er þá fátt eitt nefnt. Alls framleiðir fyrirtækið 4.500 tegundir af vörum og viðskiptavinir eru stórmarkaðir eins og Tesco, Waitrose og Sainsbury's. Öll framleiðslan er seld undir merkjum viðkomandi verslana-

„Með yfirtökunni á Geest var hugsun okkar að leiða ferlið í stað þess að verða kannski dreginir nauðugir af öðrum út í sameiningu.“

keðja. Sala á ársgrundvelli er nú um 120 milljarðar íslenskra króna.

„Á næstu misserum býst ég við að mörg fyrirtæki á breska matvælamarkaðnum sameinist. Við viljum leiða þá þróun. Með yfirtökunni á Geest var hugsun okkar að leiða ferlið í stað þess að verða kannski dreginir nauðugir af öðrum út í sameiningu. Bretar eru vel meðvitaðir um hina íslensku innrás á markaðinn, þar eru önnur viðbrögð önnur en til dæmis í Danmörku þar sem kaup Íslendinga á stórverslunum og flugfélögum hafa fengið misjafnar undirtektir. Bretarnir eru opnari, þá skiptir mestu að hlutirnir séu vel gerðir, en ekki hvaðan viðkomandi fjárfestar koma.“

Við grípum tækifærin Í gegnum eignarhaldsfélagið Exista eru bræðurnir í Bakkavör stórir fjárfestar á íslenska markaðnum. Eru stærstu einstöku hluthafarnir í KB-banka, VÍS, Flögu og nú síðsumars var gengið frá kaupum Exista í Símanum.

„Við grípum tækifærin þar sem þau gefast,“ segir Lýður. „Síminn er vel rekið fyrirtæki með góðu starfsfólki, Því gátum við ekki annað en athugað hvort þar mætti taka stöðu. Við fengum Símann á verði sem við vorum mjög sáttir við og það skipti okkur miklu að seljandinn var líka sáttur. Ég hef sagt að við hinir nýju eigendur munum setja mark okkar á rekstur Símans og það er alveg ljóst að tækifæra verður leitað erlendis. Í því efni - sem og öðru - teljum við Ísland engan sérstakan heimamarkað okkar. Hvað varðar fjárfestingar okkar bræðra að öðru leyti eru þær nánast eingöngu erlendis, þrátt fyrir að móðurfélög séu svo sannarlega íslensk og nefni ég í því sambandi Bakkavör Group þar sem nánast allar eignir eru erlendis, KB-banka þar sem 80% eigna bankans eru erlendis og nánast öll sala Flögu er utan Íslands. Við róum einfaldlega á þau mið þar sem tækifæri gefast.“



SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS • STEINÞÓR SKÚLASON

BJARTARI HORFUR Í LANDBÚNAÐI

Kjötmarkaðurinn í jafnvægi eftir blóðugan bardaga. Mikil framþróun og útflutningsstarf æ mikilvægara.

TEXTI: SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON

MYND: GEIR ÓLAFSSON

Sláturfélag Suðurlands hefur markað sér þá stefnu að þróa starfsemi inn á ný svið eins og við höfum gert á undanförmum árum. Útflutningur er vaxandi þáttur í starfsemi okkar, við eigum ráðandi hlut í kjúklingaframleiðslu Reykjagarðs og framleiðum tilbúnaðar máltíðir sem fara um allt land. Sjálfur vildi ég hins vegar að framþróun landbúnaðar og úrvinnsluþæðnaðar til að lækka kostnað gengi miklu hraðar. Með því einu getum við tryggt innlenda framleiðslu til framtíðar,“ segir Steinþór Skúlason, forstjóri SS.

Alls 182 milljón króna hagnaður varð af rekstri Sláturfélagsins á fyrri helmingi ársins, borið saman við 87,0 milljón króna tap á sama tímabili í fyrra. Allar megindeildir félagsins hafa verið að bæta afkomu sína. Telur Steinþór að reksturinn yfir árið verði nokkuð góður og yfir áætlunum. Þetta þakkar hann góðum ástæðum á markaði

og hagræðingu sem félagið hefur staðið að í eigin ranni.

Lambakjötið er spennandi Horfur í íslenskum landbúnaði í dag eru bjartari en þær voru til skamms tíma. Lambakjötsfjallið er horfið og afkoma bænda fer batnandi. „Staða lambakjöts hefur breyst til batnaðar á ótrúlega skömmum tíma. Aðalorsökin er aukin sala innanlands. Það vil ég þakka góðri og bættri myndvörðun - sem og vörubróun. Ég tel að árangur erlendis við sölu íslensks lambakjöts hafi hjálpað myndinni mikið. Lambakjöt er orðið spennandi vara sem gaman er að borða,“ segir Steinþór. Hann bætir við að útflutningsstarf sé að skila sífellt meiri árangri. Sláturfélagið selji íslenskt kindakjöt til Danmerkur undir eigin merkjum í gegnum valdar verslanakeðjur. Útflutningur til Japans fari sömuleiðis vaxandi. „Á stórum erlendum mörkuðum er

„Sjálfur vildi ég hins vegar að framþróun landbúnaðar og úrvinnsluþæðnaðar til að lækka kostnað gengi miklu hraðar.“



fjöldi neytenda tilbúinn að borga mjög hátt verð fyrir lúxusvöru. Ef okkur tekst vel upp í markaðssetningu og getum varið þennan hóp á okkar vöru er hægt að selja hana á hærra verði út úr verslun en gert er hér á landi. En kostnaður við flutninga og umbúðir er mikill. Ekki er raunhæft að slík sala geti skilað nema að hámarki 65 til 70% af innanlandsverði til bænda, ef fullur árangur næst.“



Lærdómsríkur bardagi Mikil samkeppni ríkti meðal kjötframleiðenda fyrir um fimm árum og í frægu viðtali um stöðuna á markaðnum þá talaði Steinþór um blóðuga samkeppni. Hann telur það hafa verið síst ofmælt.

„Þegar frelsi og hjartsýni jókst í fjármála-geiranum rétt fyrir árið 2000 tókst nokkrum aðilum að fá lánsfé til fjárfestinga og aukningar á framleiðslu í svína- og kjúklingarækt langt umfram það sem markaðurinn tók við. Þeir

sem stækkuðu mest eru hættir rekstri og má segja að rekstur þeirra hafi farist í flugtaki. Ég hef kallað það „hagfræði andskotans“ þegar þeim sem skulduðu mest var fleytt áfram af því að ekki var hægt að afskrifa skuldsettar fjárfestingar. Aðrir með minni bú, sem stóðu vel að sínu og skulduðu ekki nóg, voru hins vegar gerðir upp eða töpuðu öllu eigin fé. En allir lærðu á þessu og ég tel litlar líkur á að þetta endurtaki sig í brád.“ 

**Steinþór Skúlason, forstjóri
Sláturfélags Suðurlands.**



**„Við höfum aldrei hræðst
keppinauta okkar, enda
höfum við verið í harðri
samkeppni á öllum okkar
mörkuðum í langan tíma.“**

Jón Karl Ólafsson,
forstjóri Icelandair.

ICELANDAIR • JÓN KARL ÓLAFSSON

STÆRSTA ÁRIÐ Í SÖGU FÉLAGSINS

Farþegum Icelandair hefur fjölgað um 15% á árinu og reiknað er með að þeir verði um 1,5 milljónir. Nýir áfangastaðir koma vel út. Aukin samkeppni skapar tækifæri.

Upphafi árs var gert ráð fyrir miklum vexti hjá Icelandair og þær áætlanir hafa að mestu gengið eftir. Við bættum inn áfangastöðum og fjölgðum einnig ferðum til staða sem voru áður í leiðakerfi okkar. Gert er ráð fyrir að farþegar félagsins verði í ár um 1,5 milljónir og hefur þeim fjölgað um rúmlega 15% það sem af er ári. Við gerum ráð fyrir að sú þróun haldi áfram. Allt stefnir í að þetta verði stærsta árið í sögu Icelandair,“ segir Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair.

Á ríflega tuttugu árum hefur Jón Karl starfað í mörgum deildum FL Group. Hann segir að því hafi fát komið sér á óvart þegar hann tók við núverandi starfi snemma þessa árs. „Hjá féluginu starfar frábært starfsfólk, sem er helsta auðlind þess. Í dag er mjög auðvelt að hefja flugrekstur, markaðir eru opnir og tækifærin mörg. Það sem þó kannski greinir á milli okkar og annarra félaga er hve góðan og reynslumikinn hóp starfsmanna við höfum. Þeir munu tryggja framtíð félagsins.“

Hágengið hefur áhrif Sem fyrr eru Kaupmannahöfn og Lundúnir stærstu áfangastaðirnir í leiðakerfi Icelandair. „Markaðir okkar í Þýskalandi og Bandaríkjunum hafa verið góðir á árinu. Afkoma okkar byggist mjög mikið á ferðamönnum, sem koma til Íslands og því höfum við nokkrar áhyggjur af háu gengi. Mjög mikið af tekjum okkar er í erlendum gjaldeyri og hefur gengisþróun því haft áhrif á tekjur okkar, eins og annarra

útflutningsfyrirtækja. Hágengið leiðir líka af sér mjög hátt verðlag hér á landi. Þetta getur því haft áhrif á eftirspurn í framtíðinni og við höfum raunar nú þegar fundið fyrir því,“ segir Jón Karl.

„Ísland verður sífellt dýrari áfangastaður. Við heyrum mikið rætt um þetta á mörkuðum okkar erlendis. Við verðum að vera á varðbergi og vinna á móti þessu, meðal annars með eflðu markaðsstarfi erlendis. Félagið hefur í gegnum tíðina unnið mjög vel í því að lækka kostnað eins og unnt er og það hefur hjálpað mikið til. Einingarkostnaður okkar er lægri en flestra sambærilegra flugfélaga. Við erum með aðra uppsetningu en hin svokölluðu lágfargjaldafélög, en einingarkostnaður félagsins er engu að síður mjög nálægt því sem gerist hjá slíkum félögum. Þetta gerir samkeppnisstöðu félagsins á öllum mörkuðum mun betri en ella.“

Vesturströndin kemur vel út Í maí sl. hóf Icelandair flug til San Francisco og verður flogið þangað fram til loka október. Gert er ráð fyrir að taka þráðinn upp að nýju næsta vor. Flugið til vesturstrandar Bandaríkjanna hefur gengið mjög vel og sætanýting hefur verið betri en reiknað var með. Stærsti markaðurinn á þessari leið eru farþegar á milli Ameríku og Evrópu. Til framtíðar er reiknað með að farþegum til Íslands frá Kaliforníu muni fjölga.

Næsta vor hefur Icelandair flug til Manchester í Englandi. Að sögn Jóns Karls

TEXTI: **SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON**
MYND: **GEIR ÓLAFSSON**

hefur markaður Icelandair í Bretlandi verið mjög vaxandi á undanförmum árum og möguleikarnir þar miklir. „Síðan á sér stað áhuga-verð þróun á Asíumarkaði. Við höfum stundað leiguflug til Japan núna um þriggja ára skeið og það eru ljóst að ef sá markaður vex áfram, verður mjög spennandi að skoða möguleika á áætlunarflugi til fjarlægari landa.“

Samkeppnin fjölgi farþegum Á sama tíma Icelandair styrkir sig í sessi eykst samkeppnin bæði af hálfu Iceland Express og British Airways sem ætlar að hefja flug hingað til lands á vori komanda. Jón Karl segir þessa auknu samkeppni fyrst og síðast spennandi. Stjórnendur Icelandair gangi út frá því að aukin samkeppni í fluginu leiði til fjölgunar farþega og stækki ferðamarkaðinn hér innanlands.

„Við höfum aldrei hræðst keppinauta okkar, enda höfum við verið í harðri samkeppni á öllum okkar mörkuðum í langan tíma. Innkoma British Airways þýðir meiri umfjöllun um Ísland á mjög mikilvægu markaðssvæði. Þetta skapar mikil tækifæri, sem við munum nýta okkur. Það er mun betra að starfa á stórum vaxandi markaði, þar sem tækifæri eru til að ná árangri. Það versta sem getur gerst er að eftirspurn eftir flugi minnki, þá verða vandamálin fyrst erfið. Markmið okkar er alltaf að reyna að auka ferðamannastraum til Íslands. Ísland er okkar helsti markaður og verður áfram. Við horfum mjög bjartsýn til framtíðar.“



ICELANDIC GROUP • ÞÓRÓLFUR ÁRNASON

FERSKT OG FROSIÐ

Sambætting á starfsemi meginverkefnið hjá Icelandic Group, eftir sameiningu við Sjóvík fyrr á árinu.

TEXTI: SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON

MYND: GEIR ÓLAFSSON

Með sameiningu Icelandic og Sjóvíkur náðist loks að sameina fisk-sölufyrirtæki SH og Sambands í Bandaríkjunum. Undanfarið hefur verið unnið mikið í að samþætta sölu- og markaðsstarf, framleiðslueiningar og stjórnunarteymi.

Icelandic Group hefur nú yfir að ráða mun öflugra kerfi innkaupa og hráefnisöflunar um allan heim, auk framleiðslueininga í Asíu. Markmiðin snúast um að nýta þessa þætti og innviði betur með hagsmunum móðurfyrirtækisins, Icelandic Group, að leiðarljósi,“ segir Þórólfur Árnason, forstjóri Icelandic.

Það var sl. sumar sem Þórólfur tók við núverandi starfi, þegar eigendur Sjóvíkur náðu meirihluta í Icelandic og sameinuðu félögin tvö. „Nú er hafið þriðja stigið í þróun Icelandic. Það felst í samþættingu á starfsemi alþjóðlegs fyrirtækis sem kaupir afurðir um allan heim og selur á öflugustu mörkuðum sjávarfangs sem eru í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu,“ segir Þórólfur.

Hátt fiskverð hjálpar útgerðinni Sex mánaða uppgjör Icelandic var nokkuð undir

væntingum á markaði. Þórólfur segir það skýrast af samþættingu í starfsemi félagsins og einnig að rekstur Icelandic í Bandaríkjunum hafi ekki komið vel út. Tap Icelandic Group frá janúar til júní var 311 milljónir kr. Að teknu tilliti til einskiptiskostnaðar

hafi hagnaður hins vegar verið um 268 milljónir kr. „Rekstrarumhverfi í Bandaríkjunum hefur verið okkur erfitt vegna hækkana á hráefnisverði, lágs gengis dollarans og hás olíuverðs. Aðrir markaðir hafa skilað betri afkomu í ár,“ segir Þórólfur og bætir við að hátt gengi krónunnar sé mjög erfitt fyrir útflutning sjávarfangs frá Íslandi.

„Það sem hefur bjargað

íslenskum útgerðum að undanförmu er hátt fiskverð. Vinnslan hefur hins vegar barist í bökkum. Mjög stór hluti starfsemi okkar er erlendis og þar með bundinn í erlendri mynt þannig að gengisáhætta í rekstri Icelandic Group er ekki veruleg. Áhættan er fyrst og fremst í samsetningu og aldri birgða.“

Ferskt er ólíkt frosnu Stærstu markaðssvæði Icelandic eru Bandaríkin og Bretland, hvort með sinn þriðjunginn. Á breska mark-

aðnum hefur Icelandic Group sótt mjög fram í sölu á ferskum, tilbúnum afurðum með mjög góðum árangri. Árið 2002 var öll sala Icelandic fyrirtækjanna í Bretlandi frosnar afurðir, en núna er 75% sölnunnar kælivara. „Það var mikil ákvörðun að flytja sig frá frosnu í ferskt sjávarfang. Allir samningar og viðskipti við jafnt birgja sem dreifingaraðila gjörbreyttust. Í Bretlandi kusum við að kaupa fyrirtæki sem höfðu yfir að ráða framleiðslulínunum, viðskiptasamningum





og dreifileiðum. Uxum síðan með þeim fyrirtækjum. Ekki hefur verið ákveðið að svo stöddu að hefja slíka sókn á öðrum mörkuðum, því við teljum að markaður fyrir ferskar sjávarafurðir á neytendamarkaði sé ekki jafn þróaður annars staðar.“

Þórólfur starfaði lengi hjá Marel og síðar Esso. Hann var forstjóri Tals og seinna borgarstjóri í Reykavík í tæp tvö ár. Hann segir margt samsvarandi í þessum störfum sem séu kannski ólík við fyrstu sýn. „Mín reynsla

hefur fyrst og fremst verið tengd verkefnum í sölu- og markaðsstarfi og síðan dagleg framkvæmdastjórn rekstrar. Eins hef ég komið að stefnumótun, þar sem ég hef verið í stjórnunarstörfum. Fyrir mér snýst þetta fyrst og fremst um fólk. Að hlusta eftir styrk hvers og eins við að móta markmiðasetningu og geta síðan fylgt vinnunni eftir með umbun. Það má aldrei gleymast, þó rekstrareiningar geti verið stórar og starfssvið víðfeðmt, að fólk á viðskipti við fólk.“ 

Þórólfur Árnason,
forstjóri Icelandic.



KAUPHÖLLIN

Íslenski hlutabréfamarkaðurinn hefur hækkað upp úr öllu valdi á árinu. Fyrir nákvæmlega ári töldu flestir sérfræðingar hann þaninn til hins ýtrasta og að „líklegast væri best fyrir alla að selja“.

TEXTI: JÓN G. HAUSSON

Íslenski hlutabréfamarkaðurinn er engum líkur. Fyrir nákvæmlega ári, eða í byrjun október í fyrra, hafði úrvalsvísitalan hækkað um 75% frá áramótum og mönnum varð tíðrætt um að markaðurinn væri yfirspenntur. „Ég held að það væri vitleysa að selja ekki við þessar aðstæður,“ mátti heyra á ráðstefnum. Síðan hefur markaðurinn haldið áfram að hækka sem aldrei fyrr og er því spáð að hann hækki um 40% á þessu ári, þegar upp verður staðið.

Í sjálfu sér er þetta ekki flókið; úrvalsvísitalan hefur fjórfaldast á þremur árum. Hver hefði trúað því á haustmánuðum árið 2002 þegar hún rétt slefaði yfir 1.200 stig? Núna er hún rúm 4.500 stig, en var komin upp í nær 4.800 stig fyrir nokkrum vikum. Að venju varð uppi fótur og fit þegar hún byrjaði að falla í nokkra daga og ákveðinnar taugaveiklunar gætti. Hið „frjálsa fall“ var nú ekki meira en svo að vísitalan lagaðist sig að 4.500 stiga markinu. Þessi taugaveiklun var hins vegar nokkuð sérstök í ljósi þess að línan hefur verið „beint upp“ frá því í ágúst 2003.

Úrvalsvísitalan hefur fjórfaldast á þremur árum. Hver hefði trúað því á haustmánuðum árið 2002 þegar hún rétt slefaði yfir 1.200 stig?


Viðskiptabankarnir þrír vega langþýngst í úrvalsvísitölunni, eða um næstum 67%. Kaupþing banki einn og sérvegur 39% af vísitölunni. Með öðrum orðum; úrvalsvísitalan fer strax af stað þegar gengi bréfa í Kaupþingi banka hreyfast.

Horfur í efnahagsmálum á Íslandi eru almennt taldar góðar þrátt fyrir að stjórnarandstaðan hafi rætt um „sýndarveruleika“ þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram. Það sem margir óttast er að „alvöruverðbólga“ sé í pípunum, þ.e. það vantar fólk í vinnu og við það hækka launin. Einhver kynni því að segja að vandinn núna væri of mikill kaupmáttur. Verðbólgan hefur til þessa að mestu stafað af aukningu á íbúðalánum, þ.e. stórauðnu fjárstreymi til íbúðakaupa, og við það hefur verð á fasteignum hækkað. Þá hefur hátt olíuverð ýtt undir verðbólguna.

Erlendir aðilar hafa verið mjög duglegir við að gefa út skuldabréf í íslenskum krónum að undanförmu vegna þess hve háir nafnvextir eru hér á landi miðað við erlendis. Kaupendur þessara skuldabréfa eru ekki síst ríkir útlendingar. Erlendir aðilar hafa gefið út skuldabréf fyrir nær 70 milljarða á skömmum tíma. En það segir sig sjálft að þegar fleiri hafa áhuga á krónunni þá styrkist krónan.

Ýmsir spá því að núna reyni mjög á Seðlabankann við að halda verðbólgunni niðri, hækka stýrivexti og reyna þannig að takmarka útlán bankanna. Íslensk fyrirtæki og einstaklingar hafa hins vegar fengið lánað beint hjá erlendum bönkum til að fjármagna hlutabréfakaup sín erlendis og héraðis. Segja má að þetta heiti að „tengja framhjá“ og fyrir vikið má spyrja hvort það hafi nokkur áhrif á stórar lántökur fjárfesta erlendis til hlutabréfakaupa þótt Seðlabankinn hækki vextina.

En hvernig hreyfist hlutabréfamarkaðurinn næstu mánuðina? Hann er augljóslega mjög þaninn. Þetta var líka sagt fyrir rúmu ári þegar menn ráðlögðu fólki að selja og innleysa eitthvað af hækkininni.



Hlutabréfavisitalan hefur næstum fjórfaldast á þremur árum. Það er tóm geggjun að margra mati. Útrásin ber hækkinina uppi.

FORSTJÓRI KAUPHALLAR ÍSLANDS

ÚTRÁSIN EYKUR TILTRÚ

Pórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, segir íslenska hagkerfið öflugt og mörg íslensk fyrirtæki séu að ná meiri árangri en hin erlendu. Sameining Kauphallarinnar við hinar norrænu í skoðun.

TEXTI: **SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON**

Margt leggst á eitt þegar leitað er að skýringum á mikilli hækkun íslensku hlutabréfavísitölunnar síðustu misserin. Tvennt skiptir þó líklega mestu máli. Annars vegar hafa skráð félög í Kauphöllinni verið að ná meiri árangri en félög víðast hvar annars staðar. Þetta á ekki síst við um fjármála-fyrirtækin en einnig má nefna félög eins og Bakkavör, Actavis og FL Group. Reksturinn hefur einfaldlega gengið vel og til að mynda er hlutfall hlutabréfaverðs og hagnaðar á svipuðu róli og á öðrum mörkuðum þrátt fyrir hækkun verðs,“ segir Pórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands. „Þá hefur íslenska hagkerfið verið mjög öflugt á undanförmum árum. Hagvöxtur hefur verið mun meiri en í öðrum ríkjum sem standa framarlega á sviði efnahagsmála í heiminum.“

Töfraorð þegar vel gengur Í fyrirlestri í Stokkhólmi fyrr í haust gerði Pórður útrás íslenskra fyrirtækja erlendis að umtalsefni og sagði hana þar ekkert stundarfyrirbrigði. En hve stóran þátt á útrásin í háu hlutabréfaverði á íslenska markaðnum?

„Útrás er ekki töfraorð nema þegar vel gengur. Þá gefur hún færi á örari vexti, meiri hagnaði, breikkar rekstrargrundvöll og eykur tiltrú fjárfesta á fyrirtækjunum. Íslenskum fyrirtækjum í útrás hefur gengið sérstaklega vel að afla sér fjár til vaxtar, bæði hlutafjár og lánsfjár. Á sl. ári öfluðu skráð félög í Kauphöllinni meira hlutafjár en fyrirtæki á nokkrum öðrum markaði í Evrópu, í hlutfalli af markaðsvirði. Jafnmik-



„Verð á hlutabréfum sveiflast náttúrulega eins og á öðrum mörkuðum,“ segir Pórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands.

ils hlutafjár var aflað og á mörkuðum sem eru tífalt stærri en sá íslenski,“ segir Pórður sem telur stöðu íslensks efnahagslífs góða um þessar mundir. Hagvöxtur á komandi ári verði að líkindum milli 5 og 6% út árið og spár geri ráð fyrir að það ástand haldist út árið 2007. Vissulega séu þó ákveðnar blikur á lofti. Verðbólga hafi látið á sér kræla og viðskiptahallinn sé mikill.

„En þetta eru fjarri því að vera óleysanleg úrlausnarefni. Verð á hlutabréfum sveiflast

náttúrulega eins og á öðrum mörkuðum. Ég ætla ekki að spá um verðþróunina, engin ástæða er til að leggjast í svartsýni. Einnig er rétt að benda á að verðið mun að miklu leyti ráðast af því hvernig til tekst með starfsemi íslenskra félaga á erlendri grund og landvinn-inga þeirra í framtíðinni.“

Stefnt að norrænum markaði Miðað við áhuga og fyrirspurnir sem Kauphöllinni berast segir Pórður að búast megi við að íslenskum fyrirtækjum á markaði muni fjölga næstu árin. Þá muni Kauphöllin innan skamms setja á stofn nýjan markað sem ætlaður er framsæknum, smáum og millistórum fyrirtækjum og hlotið hefur nafnið iSEC.

„Þá er Kauphöllin með í athugun hvort gengið skuli til samninga við OMX um sameiningu eða hvort Kauphöllin skuli áfram vera sjálfstætt fyrirtæki. Reikna má með ákvörðun stjórnar um þetta í byrjun vetrar. Af átta kauphöllum á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum eru sex þeirra starfræktar af OMX. Einungis Kauphöll Íslands og kauphöllin í Osló standa utan OMX en vinna náið með OMX á vettvangi NOREX samstarfsins. Innan NOREX hefur verið stefnt að norrænum markaði með hlutabréf og líklega myndi þróun í þá átt verða hraðað ef allar norrænu kauphallirnar væru innan sama fyrirtækis. Á hinn bóginn gæti tapast sveigjanleiki til að sinna sérstökum þörfum heimamarkaðar fyrir utan að innganga í OMX yrði áhugaverðari ef Kauphöllin í London gengi til liðs við sameypuna.“



VERÐMÆTUSTU

TEXTI: JÓN G. HAUSSON

Verðmætustu fyrirtækin • Mesta ávöxtunin frá áramótum

Kaupþing banki er verðmætasta fyrirtæki landsins og er markaðsvirði hans tæpir 400 milljarðar króna. Landsbankinn er í öðru sæti og er metinn á 245 milljarða. Bankarnir raða sér í fjögur efstu sæti listans. Athugið að Baugur Group er ekki skráður í Kauphöllinni. Markaðsvirði allra fyrirtækja í Kauphöll Íslands er 1.500 milljarðar króna.

Gengi bréfa í Landsbankanum hefur hækkað mestu frá áramótum, um 88%, og gengi bréfa í Bakkavör Group hafa hækkað um 79%.

Hagnaður fyrstu sex mánuði þessa árs var næstum sá sami og allt árið í fyrra hjá fyrirtækjunum í Kauphöllinni og nam yfir 65,5 milljörðum króna. Allt árið í fyrra var hann 69,5 milljarðar króna. 

Markaðsvirði allra fyrirtækja í Kauphöll Íslands er 1.500 milljarðar króna. Hagnaður fyrstu sex mánuði þessa árs var næstum sá sami og allt árið í fyrra.



Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings banka. Bankinn er verðmætasta fyrirtæki landsins.



Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Landsbanka Íslands. Gengi bréfa í bankanum hafa hækkað mest á árinu.

Fyrirtæki	Markaðsvirði
KB Banki	393.769
Landsbanki Íslands	244.659
Íslandsbanki	198.336
Straumur - Burðarás	147.325
Actavis Group	137.886
Bakkavör Group	70.322
Landssími Íslands**	68.254
FL Group	37.294
Össur	27.227
SÍF	27.147
Tryggingamiðstöðin	21.632
Icelandic Group	21.247
Og fjarskipti	20.448
Atorka Group	16.226
Marel	15.964
HB Grandi	15.701
Kögun	10.769
Jarðboranir	8.240
Vinnslustöðin	6.573
Hampiðjan	3.950
Nýherji	3.498
P/F Atlantic Petroleum	2.864
Flaga Group	2.580
Tækifæri	472
Fiskmarkaður Íslands*	384
Fiskeldi Eyjafjarðar	382
SS*	360
Samtals:	1.503.507

* Á vaxtarlista

** Alternative market

FYRIRTÆKIN

Afkoman fyrstu sex mánuðina • Eigið fé fyrirtækjanna um mitt árið.

Fyrirtæki	Hækkun / Lækkun frá áramótum	Gengi 30.09.2005	Nafnverð hlutfjár	Hagnaður 2004	Eigið fé 30/06 2005	3 mánaða uppgjör	6 mán. uppgjör
Landsbanki Íslands	88,1%	22,20	11.021	12.709	58.954	6.011	11.011
Bakkavör Group	79,0%	43,50	1.617	1.548	11.910	484	1.389
FL Group	58,9%	14,70	2.537	3.419	16.334	25	1.933
Straumur - Burðarás	50,0%	13,80	10.676	6.404	45.137	4.577	7.542
Og fjarskipti	47,2%	4,71	4.341	416	7.887	196	317
Íslandsbanki	41,8%	15,10	13.135	11.445	76.707	3.038	10.557
KB Banki	36,4%	596,00	661	15.760	169.777	11.093	24.776
Marel	35,7%	66,50	240	576	2.406	145	250
Hampiðjan	32,1%	7,90	500	276	2.510	132	170
Nýherji	31,8%	13,25	264	91	1.251	27	47
HB Grandi	21,1%	9,20	1.707	603	9.929	763	350
Kögun	20,8%	55,80	193	453	6.095	105	225
Vinnslustöðin	20,0%	4,20	1.565	548	2.297	459	463
Landssími Íslands**	19,8%	9,70	7.036	3.070	12.779	1.222	2.152
Icelandic Group	15,3%	9,80	2.168	709	9.503	741	-311
Össur	11,8%	85,50	318	1.067	3.946	195	499
Tryggingamiðstöðin	10,0%	23,20	932	1.980	11.976	1.431	1.449
Actavis Group	7,0%	41,30	3.339	5.457	46.088	894	1.685
Atorka Group	5,41%	5,85	2.774	2.891	8.430	659	418
Fiskmarkaður Íslands*	3,85%	5,40	71	56	324	50	46
Jarðboranir	3,3%	20,60	400	432	2.650	136	300
P/F Atlantic Petroleum	1,8%	387,00	1		1.040		-21
SÍF	-5,1%	4,62	5.876	-347	19.210	222	217
Tækifæri	-13,0%	0,87	543	5	476		3
Fiskeldi Eyjafjarðar	-25,0%	0,45	848	-165	298	-102	-125
Flaga Group	-41,0%	3,60	717	2	2.684	-66	-66
				69.507	531.970	32.417	65.458

* Á vaxtarlista Lr. fyrir arði og jöfnun

** Alternative market

Heimild: Íslandsbanki

LANSBANKI ÍSLANDS

ERLEND STARFSEMI ER ÁHÆTTUDREIFING

Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri verðbréfasviðs Landsbanka Íslands, segir fjárfestingar erlendis skýra mikla hækkun á hlutabréfa-verði hér á landi. Bakgrunnurinn er gjörbreytt efnahagslíf á Íslandi.

TEXTI: **SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON**

Verðhækkanir á skráðum hlutabréfum í Kauphöll Íslands ráðast af rekstrarárangri félaga og rekstrarhorfum. Afkoma skráðra fyrirtækja hér hefur almennt verið mjög góð og vöxtur þeirra gríðarlegur, fyrst og fremst vegna fjárfestinga erlendis sem í flestum tilvikum hafa verið vel heppnaðar. Bakgrunnur þessara fjárfestinga er eigið fé og áhættufé sem myndast hefur vegna ýmissa þátta, svo sem einkavæðingar, vel heppnaðra fjárfestinga erlendis og kvótakerfisins auk uppbyggingar lífeyrissjóðakerfisins hér á landi,“ segir Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri verðbréfasviðs Landsbanka Íslands.

Horfur um þróun verðs á hlutabréfamarkaði hér á landi eru ásættanlegar, að mati Yngva. Hann bendir á að þrátt fyrir 38% verðhækkun á árinu 2005 séu kennitölur fyrirtækjanna, þ.e. V/H hlutföll og V/I, ekki óeðlilega háar, heldur endurspegli góða afkomu skráðra fyrirtækja. „Að líkindum er mest af hækkunum ársins komið fram enda er það mat greiningardeilda að gengi meirihluta félaga sé ívið of hátt. Góð uppgjör á þriðja ársfjórðungi og erlendar fjárfestingar gætu þó ýtt undir frekari verðhækkun á markaðinum.“

Starfsemi á ólíkum mörkuðum En er staða íslensks efnahagslífs það sterk og hagnaður fyrirtækja það mikill að innistæða sé fyrir hinu háa hlutabréfaverði sem nú



„Ólíklegt að mörg félög lendi á sama tíma í erfiðleikum,“ segir Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri verðbréfasviðs Landsbanka Íslands.

er? Aðspurður um þetta segir Yngvi að langstærsti hluti tekna og gjalda skráðra félaga í Kauphöll hafi bakland erlendis, eða um 75% af tekjum og gjöldum þeirra fimmtán félaga sem mynda úrvalsvísitöluna, svo dæmi sé tekið.

„Ójafnvægi eða kostnaðarþróun á Íslandi hefur því minni áhrif á hlutabréfamarkaðinn en virðast kann við fyrstu sýn. Félögin í úrvalsvísitölunni, að frátöldum bönkum, eru í margvíslegri starfsemi á ólíkum mörkuðum. Það felur í sér talsverða áhættudreifingu og því ólíklegt að mörg félög lendi á sama tíma í erfiðleikum. Almennur efnahagssamdráttur í heiminum myndi þó hafa áhrif á öll félögin,“

segir Yngvi. Um bankana segir hann að undirliggjandi arðsemi í rekstri þeirra sé góð þótt horft sé fram hjá áhrifum gengishækkana hlutbréfaeignar þeirra. V/I hlutfall þeirra séu í kringum tveir - ámóta og banka í nágrennlöndum okkar. „Í raun myndi hraður vöxtur innlendra banka réttlæta ívið hærri V/I hlutföll hér en annars staðar,“ segir Yngvi sem telur erfitt að meta áhrif útrásar á hækkun hlutabréfaverðs hér á landi.

Hækkunin er þúsund milljarðar Samtals hafa beinar fjárfestingar íslenskra aðila erlendis numið um 390 milljörðum kr. frá og með árinu 2002 og verðbréfafjárfestingar í erlendu hlutafé hafa numið um 170 milljörðum kr. á sama tíma. Stór hluti þeirra er vegna fjárfestinga lífeyrissjóða í erlendum hlutabréfum.

„Lauslega metið hafa skráð íslensk félög keypt erlend félög fyrir um 330 milljarða kr. á undanförmum árum. Frá árslokum 2001 hefur markaðsvirði skráðra félaga hækkað um tæpa 1000 milljarða kr. Að lágmarki má því ætla að um þriðjungur af hækkun markaðsvirðis félaga stafi af erlendum fjárfestingum. Hér er lítið fram hjá vexti erlendra starfsemi frá því að hún var hafin og samlegðaráhrifum sem falla til vegna erlendra fjárfestinga, auk þess sem erlend starfsemi kann í mörgum tilvikum að leiða til stærðarhagkvæmni og vera arðsamari en innlend starfsemi,“ segir Yngvi Örn Kristinsson. 

INNFLUTNINGUR MEÐ DHL

**EITT
EINN
EINN** FYRIRTÆKI
GJALDMIÐILL
REIKNINGUR
EINU ÁHYGGJUEFNINU
FÆRRA

Innflutningshraðsendingar DHL auðvelða innflutning

Innflutningur hefur venjulega í för með sér fjölmörg símtöl, marga reikninga, fleiri en einn gjaldmiðill og mörg höfuðverkjarköst. En ekki með innflutningshraðsendingum DHL. Allt sem þarf er eitt símtal. Við sjáum um restina, allt frá því að sækja vöruna, þangað til við afhendum hana viðtakanda. Auk þess færðu fullt verð uppgengið fyrirfram. Og aðeins einn reikning í íslenskum krónum. Engu skiptir hvort þú ert að flytja inn þungan farm frá Sjanghai eða sýnishorn frá San Francisco, þú getur alltaf treyst á DHL.

Kannaðu málið á dhl.is eða í síma 535 1100.



ÍSLENSK FYRIRTÆKI EKKI OF HÁTT VERÐLÖGÐ

TEXTI: **SIGURÐUR BOGI
SÆVARSSON**

Jafet S. Ólafsson, framkvæmdastjóri Verðbréfastofunnar, segir eignarhald margra félaga á Íslandi of þröngt. Margföldun hlutabréfavísitölunnar skýrist meðal annars af því að efnahagslífið sé laust úr böndum pólitískra afskipta.

„Horfur á hlutabréfamarkaði á næstu mánuðum eru þokkalega góðar,“ segir Jafet S. Ólafsson, framkvæmdastjóri Verðbréfastofunnar. „Markaðurinn verður rólegur næstu vikur á meðan beðið er níu mánaða uppgjöra. Það ræðst síðan mikið af uppgjörunum hvert framhaldið verður og hlutir þróast. Miklar breytingar hafa orðið á gengi íslensku krónunnar sem kemur bæði vel og illa við fyrirtæki. Staða flestra fyrirtækja er góð og innistæða fyrir hækkunum. Allt þetta ræðst þó fyrst og fremst af efnahagsþróun, framboði og eftirspurn og væntingum manna.“

Hagnaður og hagræðing Jafet segir stöðu íslensks efnahagslífs og þar með fyrirtækjanna vera sterka - og það

sé undirstaða hás hlutabréfaverðs. Nýlegur samiburður við erlend félög sýni að íslensk félög séu ekki of hátt verðlögð. „Vandamálið er miklu fremur hve lítil viðskipti eru með hlutabréf í ákveðnum félögum. Eignarhald margra félaga er þröngt og þar með er framboð hlutabréfa í ákveðnum félögum takmarkað.“

Á síðustu þremur árum hefur íslenska

hlutabréfavísitalan fjórfaldast, margfalt meira en á erlendum mörkuðum. Jafet S. Ólafsson segir fjölmargt skýra þetta og nefnir fyrst einkavæðinguna, það að íslenskt fjármálalíf var leyst úr böndum pólitískra afskipta. „Flest fyrirtæki eru í dag að skila góðum hagnaði og rekstrarumhverfið er hagfellt.

Stjórnendur í dag eru hæfari en áður var. Við höfum mikið framboð fjármagns og Íslendingar njóta lánstraust hjá erlendum fjármála fyrirtækjum. Síðast en ekki síst hefur átt sér stað mikil hagræðing, ekki síst í sjávarútvegi,“ segir Jafet sem segir útrás íslenskra fyrirtækja sömuleiðis eiga stóran þátt í hækkandi hlutabréfaverði. Össur, Bakka-vör, Kaupþing og Actavis eru ef til vill skýrasta dæmið í þeim efnum.

„Tekist hefur að útskýra og slá niður þessa sígildu og frasakenndu spurningu um Íslendinga - hvaðan allir peningarnir komi.“

Ekkert stundarfyrirbrigði „Actavis hefur keypt mikið af fyrirtækjum í Austur-Evrópu sem er með mun lægri kennitölur en við eigum að venjast. Í stórrí samstæðu öðlast þessar einingar hærri verðgildi en áður. Útrásin er ekkert stundarfyrirbrigði og það er tekið eftir og hlustað mun betur á Íslendinga en áður. Tekist hefur að útskýra og slá niður þessa sígildu og frasakenndu spurningu um Íslendinga - hvaðan allir peningarnir komi. Kaup á erlendum fyrirtækjum eiga eftir að aukast enn frekar og styrkja íslensk fyrirtæki. Ég tel jafnframt að erlend fyrirtæki muni í auknum mæli skoða þann möguleika að skrá sig hér á landi og íslenskum fyrirtækjum skráðum í Kauphöllinni gæti fjölgað um kannski fimm á næstu tíu mánuðum.“

„Flest fyrirtæki eru í dag að skila góðum hagnaði og rekstrarumhverfið er hagfellt,“ segir Jafet S. Ólafsson, framkvæmdastjóri Verðbréfastofunnar.


Ný verslun Odda

Borgartúni 29



Sköpun er að hugsa nýtt.
Nýjungar eru að gera nýtt.

Theodore Levitt (f. 1925), bandarískur
stjórnunarsöfngur, rithöfundur og háskólamaður.





ICEconsult / LHtækni

Ný tækifæri í rekstri

Fasteignastjórnun (Facility Management eða FM), stundum nefnd aðstöðustjórnun, er ung atvinnugrein sem er óðum að öðlast viðurkenningu sem nauðsynlegur stuðningur við kjarnastarfsemi fyrirtækja sem og akademísk fræðigrein. Reynsla hefur sýnt að slík stjórnun getur leitt til allt að 20-40% sparnaðar í þessum stöðhluta rekstrarins. Ráðgjafa- og hugbúnaðarfyrirtækið ICEconsult sérhæfir sig í innleiðingu verkferla fyrir aðstöðustjórnun og þróun hugbúnaðar á því sviði. Það hefur beint kröftum sínum að þessari nýju atvinnugrein með góðum árangri.

Framkvæmdastjóri ICEconsult er Gunnlaugur B. Hjartarson. Hann segir að á ráðstefnu sem hann sótti í Cambridge á Englandi á síðasta ári hafi komið fram að FM er sú atvinnugrein sem sé í einna örustum vexti á Bretlandseyjum: „Ætla má að í framtíðinni muni slík þekking vera nauðsynleg innanborðs í stjórnun fyrirtækja sem ætla sér í alþjóðlegt umhverfi, þar sem krafan um sveigjanleika, vöxt og skilning á umhverfi og innviðum fyrirtækja er í fyrirrúmi.“

Markmið aðstöðustjórnunar


- Halda uppi þjónustustigi stoðkerfa fyrirtækis þannig að það uppfylli þarfir kjarnastarfsemi þess og lágmarki truflanir
- Tryggja hæfilega endingu eigna
- Byggja upp þekkingargrunn sem nýtist við fjárfestingar í stoðkerfum, val og samningagerð við þjónustuaðila o.s.frv.
- Stýra ofantöldu á sem hagkvæmastan og markvissastan hátt

20-40% sparnaður Til nánari skýringar á aðstöðustjórnun segir Gunnlaugur að fyrirtæki sinni oft verkefnum utan þeirrar sérfræðiþekkingar: „Við getum nefnt sem dæmi viðhald fasteigna, ræstingu, pósthjónustu, tölvuhjónustu, símaþjónustu, flutning og innkaup á húsbúnaði. Samhliða þessu þarf að sinna og reka hita- og lagnakerfi, loftræstikerfi og öryggiskerfi og fleira. FM setur fókus á þessa þætti, samhæfir verkefni, nýtir fjármagnið á sem hagkvæmastan hátt og gerir nauðsynlega hluti á réttum tíma. Með innleiðingu á föstum verkferlum hefur reynsla sýnt að hægt sé að ná fram 20-40% sparnaði á þessu sviði.“

Gunnlaugur nefnir einnig sem dæmi: „Þegar bíll er keyptur, þá fylgir honum nákvæm handbók og þjónustubók sem lýsir hvenær og hvernig staðið skuli að þjónustu við bílinn þannig að hann skili því hlutverki sem til er ætlast og endist sem best. Mannvirkjum og stoðkerfum þeirra, sem eru margfalt meiri fjárfestingar, fylgir hins vegar sjaldnast eitthvað slíkt. Þar kemur skilvirk aðstöðustjórnun til skjalanna þannig að mannvirki og búnaður skili sínu hlutverki hnökralaust og endist sem best, en um leið sé hagkvæmni gætt.“



Búið að ganga frá samningi við YIT. Talið frá vinstri: Gert Mølgaard, framkvæmdastjóri ICEconsult Danmark, Leo G.Sørensen, framkvæmdastjóri YIT Danmark, Gunnlaugur B. Hjartarson, framkvæmdastjóri ICEconsult.



Verkfræðingarnir Gunnlaugur B. Hjartarson, Guðmundur Ludvigsson og Björn H. Skúlason starfa hjá ICEconsult og sjá um stjórnun og rekstur fyrirtækisins.

Mikil reynsla ICEconsult hóf fyrir tíu árum að þróa heildarlausn í stjórnun fasteigna og aðstöðustjórnun. Sú þróun hefur verið unnin í frjóu samstarfi við viðskiptavinum og samstarfsaðila bæði hérlandis og í Danmörku þar sem fyrirtækið rekur útibú. Niðurstaðan er öflug og heilsteyp lausn fyrir umsýslu eigna og búnaðar og þjónustu við þessi viðfangsefni, nefnt Stjóralausnir. Styrkleiki hugbúnaðarins felst meðal annars í möguleikum á mismunandi sjónarhornum á sama viðfangsefnið sem þýðir að ólíkir aðilar geta haft mikið hagræði af notkun þess: „Markaðurinn hefur jafnt og þétt verið að aukast fyrir slíkar heildarlausnir. Það eru komin sterk fasteignafélög með fjölda eigna í sinni umsýslu, sem við þjónum. Auk þeirra eru í viðskiptahópi okkar opinberar stofnanir, sveitarfélög, fjármálastofnanir, tryggingafélög, umboðs- og söluaðilar, heilbrigðisstofnanir, flutningsfyrirtæki, þjónustuaðilar, verktakar, ráðgjafafyrirtæki, framleiðslufyrirtæki, olíufélög, orkufyrirtæki og veitufyrirtæki.“

Kerfi ICEconsult hérlandis og í Danmörku geymir gögn u.þ.b. 6000 mannvirkja, auk húskerfa, innbús, tölvuvélbúnaður og fleira sem hundruð þjónustuaðila og eigenda sýsla með daglega. Segja má að flestir stærri mannvirkjaeigendur hérlandis nýti sér lausnir ICEconsult með einum eða öðrum hætti. Flestir hafa byrjað með viðhaldslausnir en nú eru margir að taka upp fleiri verkferla eins og gæðafærlí, orkuvöktun, skjalastjórnun, mannaflastjórnun og gæða- og öryggisefirlit. Einnig eru tölvudeildir nokkurra af stærstu fyrirtækjum landsins farnar að nýta sér Stjóralausnirnar við þjónustu sína í sama kerfi og í samvinnu við þá aðila sem sjá um að þjóna mannvirkjum þessara sömu fyrirtækja.

Útibú í Danmörku Nýlega gerði ICEconsult samning við YIT (sem yfirtók nýlega ABB Service), eitt stærsta þjónustufyrirtæki á Norðurlöndum: „Við sinnum nú þjónustu við mörg hundruð mannvirki í Danmörku, þar á meðal þekkt fyrirtæki eins og Nykredit, Xeros, IBM, ATP, Statens Museum, National Museet og Novo Nordisk. Þess má geta að YIT fékk nýverið stóran samning í Danmörku eftir útbod. Fyrirtækið var ekki með lágsta tilboðið en fékk samninginn á grundvelli skipulagðra verkferla og gæðakerfis í Stjóralausnum.“

ICEconsult gerði nýverið samning við YIT, eitt stærsta þjónustufyrirtæki á Norðurlöndum, og sinnir nú þjónustu við mörg hundruð mannvirki í Danmörku.



Mörkinni 6
Sími: 5642727
Netfang: info@iceconsult.is
Netsíða: www.iceconsult.is



Hvernig verður árið 2006?

SETIÐ FYRIR SVÖRUM

TEXTI: **SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON**

BALDUR GUÐNASON, FORSTJÓRI EIMSKIPS

Hvað hefur komið þér mest á óvart í viðskiptalífinu á árinu? Það er erfitt að líta fram hjá þeim mikla krafti sem hefur einkennt útrás fjölmargra íslenskra fyrirtækja.

Mun afkoma fyrirtækis þíns verða betri í ár en í fyrra? Við sjáum fram á betri afkomu á þessu ári en því síðasta.

Hvað hefur einkennt rekstur fyrirtækis þíns á þessu ári og mun það ná settum markmiðum? Miklar umbreytingar og hraði. Við höfum í vaxandi mæli lagt áherslu á þjónustu og starfsmannamál og samþættingu markmiða þar að lútandi við fjárhagsleg markmið. Fyrirtækið mun í heildina ná markmiðum settum fyrir árið.

Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu batni eða versni á árinu 2006? Miðað við þau verkefni sem við blasa mun næsta ár fela í sér áframhaldandi uppgang í efnahagslífi þjóðarinnar. Það er óljóst hve lengi hann varir. Allt eins víst er að viðsnún- ingur geti orðið á árinu 2007.

Telur þú að verð á íslenskum hlutabréfamarkaði haldi áfram að hækka? Ef spár og væntingar um gang mála árið 2006 ganga eftir, tel ég að verðið eigi eftir að hækka til skamms tíma. 📈



Velta: 24,1 milljarðar
Hagn. f. skatta: 1,3 milljarðar

„Næsta ár mun fela í sér áframhaldandi uppgang í efnahagslífi landsins.“

- Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips.

26

STÆRSTA

Velta: 12,4 milljarðar
Hagn. f. skatta: 3,1 milljarðar
Eigið fé: 7,9 milljarðar



„Vöxtur og stækkun hefur einkennt reksturinn.“

- Finnur Ingólfsson, forstjóri Vátryggingafélags Íslands.

FINNUR INGÓLFSSON, FORSTJÓRI VÍS

Hvað hefur komið þér mest á óvart í viðskiptalífinu á árinu?

Sá mikli vöxtur og kraftur sem verið hefur í atvinnulífinu og birtist ekki hvað síst í háu gengi hlutabréfa. Eins hefur vakið athygli mína að sjávarútvegsfyrirtækin skila góðri afkomu þrátt fyrir hið háa gengi krónunnar sem undirstrikar þá miklu hagræðingu sem orðið hefur í þeirri atvinnugrein.

Mun afkoma fyrirtækis þíns verða betri í ár en í fyrra?

Flest bendir til að afkoma ársins 2005 verði betri en ársins 2004 sem þó var sú besta í sögu félagsins.

Hvað hefur einkennt rekstur fyrirtækis þíns á þessu ári og mun það ná settum markmiðum? Vöxtur og stækkun hefur einkennt reksturinn og við munum ná þeim markmiðum sem við settum okkur í upphafi árs 2005.

Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu batni eða versni á árinu 2006? Ef tekst að halda aftur af verðbólgunni og sveiflum á gengi íslensku krónunnar tel ég að aðstæður í efnahagslífinu á árinu 2006 verði ekki síðri en í ár.

Telur þú að verð á íslenskum hlutabréfamarkaði haldi áfram að hækka? Því er ómögulegt að svara. Það mun fyrst og fremst ráðast af aðstæðum í efnahagslífinu og þeirri umgjörð sem fyrirtækjunum er sköpuð til áframhaldandi vaxtar og hagræðingar. 

15

STÆRSTA

Velta: 19,8 milljarðar
Hagn. f. skatta: 3,9 milljarðar
Eigið fé: 17 milljarðar



„Kraftur sem leystur hefur verið úr læðingi með auknu frelsi á sér engin takmörk.“

- Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans.

BRYNJÓLFUR BJARNASON, FORSTJÓRI SÍMANS

Hvað hefur komið þér mest á óvart í viðskiptalífinu á árinu?

Að hin stöðuga sókn íslenskra fyrirtækja og sá mikli kraftur sem leystur hefur verið úr læðingi með auknu frelsi virðist ekki eiga sér nein takmörk.

Mun afkoma fyrirtækis þíns verða betri í ár en í fyrra?

Afkoman mun verða svipuð af reglulegri starfsemi.

Hvað hefur einkennt rekstur fyrirtækis þíns á þessu ári og mun það ná settum markmiðum? Síminn lagði mesta áherslu á sjónvarpsverkefni sitt um ADSL-kerfin og fór áhugi á þjónustunni langt fram úr björtustu vonum. Stærsta einkavæðing Íslandssögunnar var einnig fyrirferðarmikil og stjórnendur kynntu fyrirtækið fyrir fjölda fjárfesta.

Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu batni eða versni á árinu 2005? Ég tel að áframhaldandi kraftur verði í efnahagslífinu en það er viðbúið að spenna - og þar með verðlag - verði erfið viðureignar.

Telur þú að verð á íslenskum hlutabréfamarkaði haldi áfram að hækka? Í sumum tilfellum gæti það verið. Hins vegar mun markaðurinn í heild sinni upplifa meiri stöðugleika. 



5

STÆRSTA

Velta: 58,7 milljarðar
Hagn. f. skatta: 14,7 milljarðar
Eigið fé: 38,0 milljarðar



„Útrás íslenskra fyrirtækja skapar tækifæri og því er ekki hægt að útiloka að hlutabréf haldi gildi sínu áfram.“

- Sigurjón Þ. Arnason, bankastjóri Landsbanka Íslands.

SIGURJÓN Þ. ÁRNASON, BANKASTJÓRI LANDSBANKA ÍSLANDS

Hvað hefur komið þér mest á óvart í viðskiptalífinu á árinu?

Í fyrsta lagi þau áhrif sem breytingar á húsnæðislánaðamarkaðnum hafa haft. Þau eru margfalt meiri en búast mátti við. Í annan stað sá mikli kraftur sem hvarvetna verður vart í atvinnulífinu. Í sjávarútvegi, iðnaði, fjármálageiranum og raunar hvar sem borið er niður, er mikil gróska. Í þriðja lagi nefni ég aðlögunarhæfni; fyrirtækin fóta sig vel þrátt fyrir sterka stöðu krónunnar.

Mun afkoma fyrirtækis þíns verða betri í ár en í fyrra?

Það sem af er ári er afkoman betri en hún var í fyrra. Landsbankinn er hvarvetna að styrkja sig í sessi, hvort sem er í rekstri útibúa, fyrirtækjaþjónustu og fjárfestingastarfsemi eða starfsemi erlendis.

Hvað hefur einkennt rekstur fyrirtækis þíns á þessu ári og mun það ná settum markmiðum? Söðustu misseri í rekstri Landsbank-

ans hafa helgast af miklum uppgangi og stöðuknum umsvifum. Á fyrstu sex mánuðum þessa ár stækkaði efnahagur bankans um 282 milljarða króna, jafnmikið og fyrstu 118 starfsárin.

Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu batni eða versni á árinu 2006?

Þegar líður á núverandi uppsveiflu í efnahagslífinu aukast vissulega líkurnar á því að eitthvað gefi eftir. Viðskiptahallinn er 14 til 15%, verðbólga fer vaxandi og krónan er sterkari en útflutningsgreinar þola til lengdar. Aðstæður á komandi ári gætu því orðið eitt-hvað verri en nú, þó hér ríki áfram góðæri.

Telur þú að verð á íslenskum hlutabréfamarkaði haldi áfram að hækka?

Freistandi er að leggja sig eftir spádómum sérfræðinga bankanna um að meiri líkur en hitt séu á lækkun hlutabréfs. Mín reynsla er þó sú að erfitt sé að sjá tækifærin á markaðnum fyrir. Útrás íslenskra fyrirtækja skapar tækifæri og því er ekki hægt að útiloka að hlutabréf haldi áfram gildi sínu – og hækki jafnvel enn í verði. 



FRJÁLS VERSLUN

... uppskrift að upplýstum vinnustað

160

STÆRSTA

Velta: 1,2 milljarðar
Hagn. f. skatta: 28 milljónir
Eigið fé: 384 milljónir



„Óhætt að segja að meira sé haft fyrir rekstrinum en áður.“

- Hrönn Greipssdóttir, hóteltjóri Radisson SAS Hótel Sögu.

HRÖNN GREIPSDÓTTIR, HÓTELSTJÓRI RADISSON SAS HÓTEL SÖGU

Hvað hefur komið þér mest á óvart í viðskiptalífinu á árinu?

Landvinningar Íslenskra fjárfesta og fyrirtækja erlendis. Það hefur varla liðið sá mánuður að ekki hafi verið greint frá mjög stórum fjárfestingum eða kaupum á þekktum rótgrónum erlendum fyrirtækjum.

Mun afkoma fyrirtækis þíns verða betri í ár en í fyrra?

Afkoman mun verða svipuð en það er óhætt að segja að meira sé haft fyrir rekstrinum nú en áður.

Hvað hefur einkennt rekstur fyrirtækis þíns á þessu ári og mun það ná settum markmiðum?

Samkeppnin hefur aukist með tilkomu nýrra hótela og veitingastaða en gestum ekki fjölgað að sama skapi. Við greinum breytta kauphegðun, gestir bóka gistingu með styttri fyrirvara en áður og leita gjarnan tilboða.

Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu batni eða versni á árinu 2005?

Ferðaþjónustan getur ekki mikið lengur búið við þetta háa gengi íslensku krónunnar. Það er erfitt að koma kostnaðarhækkunum út í verðlagið þegar um 80% sölunnar fer fram erlendis og keppt er við áfangastaði þar sem efnahagsumhverfið er allt annað.

Telur þú að verð á íslenskum hlutabréfamarkaði haldi áfram að hækka? Mörg fyrirtækjanna á hlutabréfamarkaðnum eru að gera mjög góða hluti bæði hér heima og erlendis. Því ekki ástæða til annars en að vera bjartsýn og spá frekari hækkunum. 📈

240

STÆRSTA

Velta: 490 milljónir
Hagn. f. skatta: 286 milljónir
Eigið fé: 532 milljónir



„Afar litlar líkur á því að við sjáum svipaðar ávöxtunartölur.“

- Sævar Helgason, framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa.

SÆVAR HELGASON, FRAMKVÆMDASTJÓRI ÍSLENSKRA VERÐBRÉFA

Hvað hefur komið þér mest á óvart í viðskiptalífinu á árinu?

Miklar hækkanir á hlutabréfamarkaði hafa komið mér talsvert á óvart sem og áframhaldandi hækkun fasteignaverðs.

Mun afkoma fyrirtækis þíns verða betri í ár en í fyrra?

Afkoma félagsins verður talsvert betri í ár en í fyrra. Munar þar mestu aukin velta og aukning á eignum í stýringu. Viðskiptavinum hefur fjölgað mikið.

Hvað hefur einkennt rekstur fyrirtækis þíns á þessu ári og mun það ná settum markmiðum?

Mikill vöxtur hefur einkennt rekstur Íslenskra verðbréfa í ár líkt og undanfarin ár. Eignir í stýringu hafa aukist mikið og eru í dag um 70 milljarðar kr. Markmiðum ársins verður náð.

Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu batni eða versni á árinu 2006?

Efnahagshorfur tel ég almennt nokkuð góðar, þó blikur séu á lofti. Verðbólguþrýstingur er talsverður, vaxandi eftirspurn og lágt atvinnuleysi. Einnig er olíuverð áhyggjuefni.

Telur þú að verð á íslenskum hlutabréfamarkaði haldi áfram að hækka? Ég tel að minnsta kosti afar litlar líkur á því að við sjáum svipaðar ávöxtunartölur og á undanförmum þremur árum. Ég á þó ekki von á verulegu bakslagi. 📉

107

STÆRSTA

Velta: 2,2 milljarðar
Hagn. f. skatta: -30 milljónir
Eigið fé: 301 milljón



„Kaup Íslendinga á fyrirtækjum í Danmörku hafa komið á óvart.“

- Margrét Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Austurbakka.

MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI AUSTURBAKKA

Hvað hefur komið þér mest á óvart í viðskiptalífinu á árinu?

Hinn mikli vöxtur íslenskra fyrirtækja í útrás og kaup Íslendinga á fyrirtækjum í Danmörku. Það verður mjög spennandi að sjá hvernig hin íslenska áræðni og hæfni Dana á sviði sölu og markaðsmála ganga saman. Ég hef fulla trú á því að rekstur á bæði Magasin - Illum og Sterling - Maersk takist.

Mun afkoma fyrirtækis þíns verða betri í ár en í fyrra?

Er ekki samanburðarhæft vegna mikillar endurskipulagningar á rekstri félagsins. Atorka Group keypti Austurbakka í apríl og síðan þá höfum við verið að breyta áherslum, flytja vörustjórnun og lagerhald til Parlogis, sem hefur sérhæft sig á því sviði, og einbeita okkur að markaðs- og sölustarfi.

Hvað hefur einkennt rekstur fyrirtækis þíns á þessu ári og mun það ná settum markmiðum? Við eigendaskiptin var fyrirtækið tekið af markaði. Unnið er að viðsnúningi í rekstri. Allar líkur á að sett markmið náist í lok ársins. Árangur kemur fyrst almennilega í ljós á næsta ári.

Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu batni eða versni á árinu 2006? Ég held að áfram megi búast við blómlegu efnahagslífi, hins vegar spurning hve lengi krónan getur haldið núverandi stöðu gagnvart dollar og evru.

Telur þú að verð á íslenskum hlutabréfamarkaði haldi áfram að hækka? Já, ég á frekar von á því. Sérstaklega ef hagnaður stærstu fyrirtækjanna á markaði verður svipaður eða meiri en í ár. 

13

STÆRSTA

Velta: 23,1 milljarðar
Hagn. f. skatta: 731 milljón
Eigið fé: 2,7 milljarðar



„Samanburður erfiður vegna hins mikla vaxtar.“

- Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa.

ÁSBJÖRN GÍSLASON, FORSTJÓRI SAMSKIPPA

Hvað hefur komið þér mest á óvart í viðskiptalífinu á árinu?

Áframhaldandi uppsveifla í efnahagslífinu og almenn velgengi íslenskra fyrirtækja, bæði hérlandis og erlendis.

Mun afkoma fyrirtækis þíns verða betri í ár en í fyrra?

Árið 2005 hefur verið ár mikilla breytinga hjá okkur, félagið er að vaxa úr rúmlega 20 milljarða veltu árið 2004 í um 60 milljarða árlega veltu í ár. Því er samanburður erfiður vegna hins mikla vaxtar.

Hvað hefur einkennt rekstur fyrirtækis þíns á þessu ári og mun það ná settum markmiðum?

Ný skip, nýjar höfuðstöðvar, almennt miklir flutningar og fjárfestingar erlendis. Við erum nú að samhæfa rekstur fimm flutningafélaga í eitt afar öflugt sameinað félag.

Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu batni eða versni á árinu 2006? Allir mælar sýna að á næsta ári muni draga úr hagvexti, krónan veikjast og verðbólgan aukast. Draga mun úr viðskiptahalla.


Telur þú að verð á íslenskum hlutabréfamarkaði haldi áfram að hækka? Miðað við núverandi stöðu tel ég að hlutabréfamarkaðurinn standi undir því háa gengi sem nú er. Þegar dregur úr hagvexti og krónan veikist mun verð hlutabréfa væntanlega lækka. 

Íslenskur iðnaður

Gjaldeyriskjör

2004

Iðnaður	22%
Stóriðja	12%
Háæðni, vörur og þjónusta	7%
Aðrar iðnaðarvörur	3%



Spjónuvörð	33%
Láun og fjármágestekjur erlendis	11%
Féðslu	7%
Samgöngur	10%
Önnur þjónusta	6%
Aðrar vörur	3%

Þessi mynd sýnir hlutfæði lands

**Íslenskur iðnaður skipar mikilvægan sess
í þjóðlífinu og hann mun í vaxandi mæli standa
undir velferð Íslendinga í framtíðinni**


SI

Samtök iðnaðarins

38

STÆRSTA

Velta: 8,4 milljarðar
Hagn. f. skatta: 2,4 milljarðar
Eigið fé: 7,0 milljarðar



„Íslenskt viðskiptalíf er óútreiknanlegt þessa dagana.“

- Óskar Magnússon, forstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar.

ÓSKAR MAGNÚSSON, FORSTJÓRI TRYGGINGAMIÐSTÖÐVARINNAR

Hvað hefur komið þér mest á óvart í viðskiptalífinu á árinu?

Vöxtur íslensku bankanna hefur verið mjög hraður á skömmum tíma. Þeim hefur tekist að vaxa og á sama tíma að sinna íslenskum fyrirtækjum, sem í auknum mæli eflast með fjárfestingum og yfirtökum á erlendum fyrirtækjum.

Mun afkoma fyrirtækis þíns verða betri í ár en í fyrra?

Þær breytingar sem gerðar hafa verið á skipulagi félagsins og breytingar á sölu- og markaðsstarfi skila vonandi betri afkomu í váttryggingarekstrinum. Tjón, sem við ráðum litlu um, geta haft áhrif þar á. Sé horft til fjárfestinga verður erfitt að skila jafngóðum árangri og náðst hefur það sem af er þessu ári.

Hvað hefur einkennt rekstur fyrirtækis þíns á þessu ári og mun það ná settum markmiðum? Það er ekki útlit fyrir annað en að við náum þeim markmiðum sem við höfum sett okkur, enda hefur

ávöxtun í fjárfestingastarfsemi verið með eindæmum góð. Annað sem hefur einkennt reksturinn eru miklar breytingar á skipulagi félagsins og innleiðing nýrrar stefnu. Markmið breytinganna, sem hafa tekist vel, voru að gera félagið betur í stakk búið að mæta breyttum aðstæðum og efla sókn þess á markaði.

Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu batni eða versni á árinu 2006? Það er afar erfitt að spá fyrir um það eins og staðan er. Ef vel tekst til að halda þenslunni í skefjum eiga að vera aðstæður til að viðhalda góðum skilyrðum.

Telur þú að verð á íslenskum hlutabréfamarkaði haldi áfram að hækka? Fyrir ári hefði ég líklega svarað því til að slíkt gæti ekki verið. Flestir hefðu verið sammála þessu mati. Það er hins vegar ómögulegt að segja. Íslenskur hlutabréfamarkaður og reyndar íslenskt viðskiptalíf er óútreiknanlegt þessa dagana. Framhaldið veltur að sjálfsgöðu mikið á afkomu skráðra félaga. 



FRJÁLS VERSLUN

... væn sneið af upplýsingum

Mobile Office er heildstætt þjónustuframboð Og Vodafone fyrir viðskiptalífð sem gerir fólki mögulegt að miðla upplýsingum óháð stað og stund. Hraði, öryggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í þeim lausnum sem við biðum fyrirtækjum.



SEPTEMBER 9

Vodafone Mobile Connect kortið gerir hvaða stað sem er að vinnusvæðinu þínu. Með Mobile Connect kortið í fartölvunni þinni ertu alltaf í þráðlausu netsambandi hvar sem þú ert og hefur ávallt aðgang að þeim gögnum og hugbúnaði sem þú þarft á að halda.



October 1999

BlackBerry® er fremsta
þráðlausa samskiptatækni í dag,
og gerir notendum mögulegt að
vera í stöðugum samskiptum við
viðskiptavinum og samstarfsmenn.
Auk þess að vera GSM sími veitir
BlackBerry® notendum aðgang
að tölvupósti, dagbók, tengiliða-
lista og Vefnum – allt í rauntíma.
Með BlackBerry® er hægt að
gera flest það sem þú gerir á
skrifstofunni, óháð stað og stund.



MILNEVER 88

Global Hotspots veitir viðskiptavinum Og Vodafone aðgang að þúsundum heitra reita í helstu viðskiptalöndum Íslendinga. Þjónustan er aðgangileg bæði fyrir notendur Vodafone Mobile Connect og aðra farsímanotendur. Og Vodafone. Viðskiptavinir tengjast með einföldum hætti og notkunin er gjaldfrjáls á reikning þeirra.



DESIGN BEE

Vodafone World tryggir einfalda og skjóla GSM verðskrá í Útlöndum í krafti öflugs samstarfs Vodafone fyrirtækja um allan heim. Þjónustan hentar þeim sem nota GSM í Útlöndum.



91
STÆRSTA



Velta: 2,7 milljarðar
Hagn. f. skatta: 86 milljónir
Eigið fé: 470 milljónir

„Mjólkuriðnaðurinn hefur ekki hækkað vörur sínar í tæp þrjú ár. Þetta segir til sín.“

- Helgi Jóhannesson, framkvæmdastjóri Norðurmjólkur.

HELGI JÓHANNESSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI NORÐURMJÓLKUR

Hvað hefur komið þér mest á óvart í viðskiptalífinu á árinu?

Áframhaldandi útrás, hagnaður og vöxtur bankanna. Að styrkur atvinnulífsins og undirstaða þess er á traustara grunni en ég þorði að vona og breytingarnar eru bylting í atvinnuháttum Íslendinga.

Mun afkoma fyrirtækis þíns verða betri í ár en í fyrra?

Mjólkuriðnaðurinn hefur ekki hækkað verð á vörum sínum í tæp þrjú ár. Á sama tíma hefur allur kostnaður aukist og hráefni hækkað í verði. Þetta segir til sín. Hagnaður í ár verður líkast til ekki nema um helmingur af því sem var í fyrra.

Hvað hefur einkennt rekstur fyrirtækis þíns á þessu ári og mun það ná settum markmiðum? Endurnýjun á öllu stýrikerfi mjólkurvinnslunnar, eignabreytingar á fyrirtækinu og sífelld hagræðingarvinna. Ennfremur góð sala mjólkurvara, við erum að ná markmiðum okkar.

Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu batni eða versni á árinu 2006? Ég tel að aðstæður verði svipaðar en að fólk dragi úr veisluhöldunum í lok árs 2005 og meira jafnvægi náist þá. Á móti finnst mér óöryggi varðandi krónuna sífellt meira og erfiðara.

Telur þú að verð á íslenskum hlutabréfamarkaði haldi áfram að hækka? Mitt álit er að við förum að sjá „eðlilegni“ hækkanir á næstunni, þannig að raunveruleg staða fyrirtækja fremur en að væntingar ráði ferðinni. 

165
STÆRSTA



Velta: 1,1 milljarður
Hagn. f. skatta: -33 milljónir
Eigið fé: 132 milljónir

„Við finnum fyrir uppsveiflu í landbúnaðinum.“

Valgerður Kristjánsdóttir, kaupfélagsstjóri Kaupfélags Vestur-Húnavetninga.

VALGERÐUR KRISTJÁNSDÓTTIR, KAUPFÉLAGSSTJÓRI KAUPFÉLAGS VESTUR- HÚNAVETNINGA

Hvað hefur komið þér mest á óvart í viðskiptalífinu á árinu?

Vöxtur íslensku bankanna hefur komið mér mjög á óvart. Að óreyndu hefði ég ekki trúað því að vaxtarmöguleikar þeirra væru jafn miklir og raun ber vitni. Bankarnir halda áfram að stækka, vöxtur þeirra virðist ekki byggður á sandi.

Mun afkoma fyrirtækis þíns verða betri í ár en í fyrra?

Á síðasta ári var Kaupfélag Vestur-Húnavetninga rekið með tapi en í ár stefnum við að fimm milljón króna hagnaði. Mér sýnist við verða mjög nærri því marki. Þar ræður mestu bætt afkoma í slátrun og kindakjötsframleiðslu.

Hvað hefur einkennt rekstur fyrirtækis þíns á þessu ári og mun það ná settum markmiðum? Við finnum fyrir uppsveiflu í landbúnaðinum sem sést kannski best á því að nú er kindakjötsfjallið víðfræga horfið. Mest af kjötinu fer á innanlandsmarkað, útflutningsskyldan er 18% eða helmingi minni en á síðasta ári. Sjálf vil ég að horfið verði frá þeirri skyldu og öll landbúnaðarframleiðslan stokkuð upp, því hún er miðstýrð og þung í vöfum.

Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu batni eða versni á árinu 2006? Á næsta ári megum við reikna með mikilli þenslu, verðbólga fari af stað og talsvert launaskrið. Slíkar aðstæður eru alltaf erfiðar, nú reynir á að stjórnendur kunni að stíga ölduna.

Telur þú að verð á íslenskum hlutabréfamarkaði haldi áfram að hækka? Ég reikna með að næstu tvö árin haldi hlutabréfaverð áfram að hækka, lengra þori ég ekki að spá. Útrás íslenskra fyrirtækja skilar því að áfram er innistæða fyrir frekari hækkun á gengi hlutafjár í þeim. 

40

STÆRSTA

Velta: 8,3 milljarðar
Hagn. f. skatta: 1,8 milljarðar
Eigið fé: 5,9 milljarðar



„Mikilli eftirspurn eftir bankþjónustu og jafnframt hefur dregið stórlega úr vanskilum.“

- Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri SPRON.

GUÐMUNDUR HAUSSON, SPARISJÓÐSSTJÓRI SPRON

Hvað hefur komið þér mest á óvart í viðskiptalífínu á árinu?

Þessi gríðarlegi kraftur sem komið hefur fram hjá mörgum fyrirtækjum í útrás íslenskra fyrirtækja og hin mikla umræða sem hefur skapast erlendis vegna aukinna umsvifa íslenskra fjárfesta.

Mun afkoma fyrirtækis þíns verða betri í ár en í fyrra? Já, sérstaklega hagfelld efnahagsumhverfi skilar sér í góðri afkomu á árinu.

Hvað hefur einkennt rekstur fyrirtækis þíns á þessu ári og mun það ná settum markmiðum? Það má segja að allar rekstrareiningar fyrirtækisins gangi vel. Viðskiptavinir okkar njóta þess góðæris sem ríkir og það kemur fram í mikilli eftirspurn eftir bankþjónustu og um leið hafa vanskil stórlega minnkað. Þá skilar einkar hagstæð þróun á verðbréfamarkaði fyrirtækinu talsverðum gengishagnaði og því munum við ná markmiðum ársins.

Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu batni eða versni á árinu 2006? Það er varla hægt að hugsa sér að efnahagsaðstæður geti orðið miklu betri án verulegrar hættu á opþenslu. Líóst er að sterkt gengi krónunnar er farið að skapa erfiðara rekstrarumhverfi í mikilvægum atvinnugreinum á sama tíma og aukinn þrýstingur myndast á vinnumarkaði. Því er hætt við að eitthvað gefi eftir en vonandi tekst að draga úr spennu í efnahagslífinu og ná betra jafnvægi þannig að efnahagsaðstæður verði eftir sem áður góðar á næsta ári.

Telur þú að verð á íslenskum hlutabréfamarkaði haldi áfram að hækka? Hækkunar undanfarinna ára hafa verið byggðar á væntingum um gott gengi íslenskra fyrirtækja, einkum þeirra sem eru með starfsemi erlendis. Ef þessar fjárfestingar standa undir sér og engin kollsteypa verður í íslensku efnahagslífi gætum við séð frekari hækkunar. 📈

76

STÆRSTA

Velta: 3,9 milljarðar



„Bjóst aldrei við jafn sterku gengi krónunnar og verið hefur.“

- Pétur Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri VÍSIS hf.

PÉTUR HAFSTEINN PÁLSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI VÍSIS HF.

Hvað hefur komið þér mest á óvart í viðskiptalífínu á árinu?

Ég bjóst aldrei verið jafn sterku gengi krónunnar og verið hefur. Reyndar reiknaði ég með að króna rétti sig af þegar kæmi fram á haustið, en það hefur ekki gengið eftir. Greiningardeildir bankanna tala í kross um framhaldið þannig að sjálfur ætla ég að halda mig til hlés í spádómum um gengismál.

Mun afkoma fyrirtækis þíns verða betri í ár en í fyrra? Afkoman verður eitthvað lakari en í fyrra. Reyndar vorum við með ágætt hálfárs uppgjör og héldum sömu framlegð og í fyrra. Þegar árið verður gert upp í heild sinni reikna ég þó með að afleiðingar gengisþróunar dragi eitthvað úr hagnaði.

Hvað hefur einkennt rekstur fyrirtækis þíns á þessu ári og mun það ná settum markmiðum? Árið í ár er það fyrsta sem starfsemi í Grindavík, á Þingeyri, Húsavík og Djúpavogi er öll rekin undir sömu kennitölu. Verkefni ársins hefur því meðal annars verið að stilla saman strengi í rekstri á þessum stöðum. Við gerðum breytingar í sölumálum og landvinnslu og höfum á síðustu þremur árum fækkað skipum okkar úr átta í fimm. Þetta hagræðingarstarf er nú að skila árangri.

Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu batni eða versni á árinu 2006? Ég myndi ekki veðja á betri aðstæður á næsta ári. Framhaldið ræðst annars mikið af gengisþróun og kjarasamningum. Á vinnumarkaði skynja ég mikla þenslu, í dag er til dæmis erfitt að manna skip og vinnsluhús.

Telur þú að verð á íslenskum hlutabréfamarkaði haldi áfram að hækka? Mér finnst ósennilegt að verð hlutabréfa í fyrirtækjum sem starfa eingöngu á innanlandsmarkaði hækki. Gengi bréfa í þeim fyrirtækjum sem eru í útrás getur hins vegar haldið áfram að stíga. 📈

71

STÆRSTA

Velta: 4,0 milljarðar
Hagn. f. skatta: 548 milljónir
Eigið fé: 2,3 milljarðar



„Þeir sem standa í pusi úti á dekki þjóðarskútunnar þurfa að halda fast í lunninguna.“

- Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar.

SIGURGEIR BRYNJAR KRISTGEIRSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI VINNSLUSTÖÐVARINNAR

Hvað hefur komið þér mest á óvart í viðskiptalífinu á árinu?

Sú gegndarlausu bjartsýni sem hvarvetna verður vart í efnahagslífinu kemur á óvart. Nánast allir þættir, aðrir en þeir sem snúa að sjávarútvegi, eru upp á við. Við slíkar aðstæður er alltaf hættu á yfirskoti í hagkerfinu, að plúsarnir verði of stórir og mínusar of miklir.

Mun afkoma fyrirtækis þíns verða betri í ár en í fyrra?

Hún verður eitthvað lakari. Áætlanir okkar miðast við að framlegðin verði einn milljarður og hagnaður um 400 milljónir. Ég býst við að markmiðin náist og þá erum við í þokkalegum málum samanborið við önnur fyrirtæki. Almennt er ég þó fjarri því sáttur með útkomuna.

Hvað hefur einkennt rekstur fyrirtækis þíns á þessu ári og mun það ná settum markmiðum?

Starfsemi Vinnslustöðvarinnar síðustu misserin hefur einkennt af varnarbaráttu. Við höfum hagrætt á öllum sviðum og þurfum alltaf að vera vakandi gagnvart því sem betur má fara.

Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu batni eða versni á árinu 2006?

Ég er hræddur um að svolítil hasar, úfinn sjór, verði í hagkerfinu á næsta ári og þeir sem standa í pusi úti á dekki þjóðarskútunnar þurfa að halda fast í lunninguna.

Telur þú að verð á íslenskum hlutabréfamarkaði haldi áfram að hækka?

Ég þori ekki að spá fyrir um þróun markaðarins. Minni þó að þrátt fyrir miklar fjárfestingar Íslendinga erlendis er lítil hluti af veltu íslensks hlutabréfamarkaðar kominn erlendis frá. Það er veikleiki. 

97

STÆRSTA

Velta: 2,5 milljarðar
Hagn. f. skatta: 753 milljónir



„Margar konur hafa fengið stjórnunarstöður á þessu ári.“

-Sigrún Guðjónsdóttir, forstjóri Tæknilífs.

SIGRÚN GUÐJÓNSDÓTTIR, FORSTJÓRI TÆKNILÍFS

Hvað hefur komið þér mest á óvart í viðskiptalífinu á árinu?

Það er jákvætt hve margar konur hafa fengið stjórnunarstöður í fyrirtækjum á þessu ári. Ég vona að sú þróun haldi áfram.

Mun afkoma fyrirtækis þíns verða betri í ár en í fyrra?

Ef miðað er einungis við tekjur af rekstri verður afkoma Tæknilífs töluvert betri í ár en í fyrra.

Hvað hefur einkennt rekstur fyrirtækis þíns á þessu ári og mun það ná settum markmiðum?

Uppbyggingarstarf og tiltekt eru orð sem lýsa rekstri þessa árs best. Við munum ná settu markmiði.

Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu batni eða versni á árinu 2006?

Verðbólga og of lítið atvinnuleysi sem og allt sem því fylgir mun gera fyrirtækjum erfitt fyrir á komandi misserum.

Telur þú að verð á íslenskum hlutabréfamarkaði haldi áfram að hækka?

Ég tel að íslenski hlutabréfamarkaðurinn nái stöðugleika. Það hefur sýnt sig að hann var ofmetinn. 



[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]



[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

DÓTTURFÉLAG
OG FJARSKIPTA

Velta: 7,0 milljarðar



„Góður stígandi í veltu Og Vodafone og svo verður áfram.“

- Árni Pétur Jónsson, forstjóri Og Vodafone.

ÁRNI PÉTUR JÓNSSON, FORSTJÓRI OG VODAFONE

Hvað hefur komið þér mest á óvart í viðskiptalífinu á árinu?

Sá mikli kraftur sem hefur verið í útrás íslenskra fyrirtækja og hversu stórhuga menn eru í þeirri framkvæmd. Ég fagna því að svo sé.

Mun afkoma fyrirtækis þíns verða betri í ár en í fyrra?

Hún verður betri. Undanfarin ár hefur verið góður stígandi í veltu Og Vodafone og svo verður áfram.

Hvað hefur einkennt rekstur fyrirtækis þíns á þessu ári og mun það ná settum markmiðum?

Mikið af vörunýjungum fyrir viðskiptavinum okkar og breyting á samkeppnisumhverfinu. Nú þurfum við ekki lengur að keppa við ríkið.

Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu batni eða versni á árinu 2006? Ég tel að þær versni. Verðbólgan er farin af stað og allar forsendur fyrir því að svo verði áfram á næsta ári. Þá er líklegt að kjarsamningar verði í uppnámi.

Telur þú að verð á íslenskum hlutabréfamarkaði haldi áfram að hækka? Nei, ég tel líklegt að niðursveifla í efnahagslífinu valdi einhverri verðhjöðnun á hlutabréfamarkaði. 

222
STÆRSTA

Velta: 632 milljónir
Hagn. f. skatta: 9 milljónir
Eigið fé: 190 milljónir



„Hræðsla á mörkuðum er mikil vegna mikilla verðhækkana.“

- Signý Guðmundsdóttir, forstjóri Guðmundar Jónassonar ehf.

SIGNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR, FORSTJÓRI GUÐMUNDAR JÓNASSONAR EHF.

Hvað hefur komið þér mest á óvart í viðskiptalífinu á árinu?

Hin ótrúlega sterka staða íslensku krónunnar

Mun afkoma fyrirtækis þíns verða betri í ár en í fyrra?

Nei, það má gera ráð fyrir að afkoman verði verri. Ástæða þess er fyrst og fremst gengisþróunin.


Hvað hefur einkennt rekstur fyrirtækis þíns á þessu ári og mun það ná settum markmiðum? Sett markmið nást ekki, aðalástæða þess er hin ofursterka staða krónunnar. Á ferðamörkuðum erlendis finn ég að áhuginn fyrir landinu er mikill, sem jafnan fyrr, en seljendur á mörkuðunum óttast mjög verðhækkanimar hér heima.

Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu batni eða versni á árinu 2006? Á árinu hefur staða útflutningsgreina versnað verulega og þar sem ferðaþjónustan byggir á útflutningi hefur sú grein sem við störfum í átt undir högg að sækja. Annars er erfitt að spá fyrir um hver þróunin verður.

Telur þú að verð á íslenskum hlutabréfamarkaði haldi áfram að hækka? Nei. 

FRJÁLS VERSLUN

... vísar veginn í viðskiptum



Manchester

frá apríl 2006

Frá apríl 2006 ætlum við að bjóða beint flug til einnar framsæknustu borgar Evrópu. Manchester iðar af lífi og tekur þér opnum örmum. Hvort sem þú vilt skella þér á tónleika, borða á heimsklassa veitingastöðum eða stunda metnaðarfullt búðaráp í hágæða tískuvöruverslunum, þá eru þér allar dyr að opnar. Sem sagt fjölbreytni á öllum sviðum.

Jú, svo er víst hægt að klíkja á leik líka ...



23

STÆRSTA

Velta: 13,7 milljarðar
Hagn. f. skatta: 7,2 milljarðar
Eigið fé: 51,4 milljarðar



„Breytt rekstrarumhverfi vegna nýrra raforkulaga.“

- Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar.

FRÍÐRIK SOPHUSSON, FORSTJÓRI LANDSVIRKJUNAR

Hvað hefur komið þér mest á óvart í viðskiptalífinu á árinu?

Mikil áhrif af innkomu bankanna á íbúðalánamarkaðinn.

Mun afkoma fyrirtækis þíns verða betri í ár en í fyrra?

Nei, enda var afkoman í fyrra sú besta frá upphafi og stafaði af hagstæðri gengisþróun sem vitað var að gengi til baka.

Hvað hefur einkennt rekstur fyrirtækis þíns á þessu ári og mun það ná settum markmiðum? Mikil uppbygging og breytt rekstrarumhverfi vegna nýrra raforkulaga hafa einkennt starfsemina sem gengur eins og vonir stóðu til.

Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu batni eða versni á árinu 2006? Það verður áframhaldandi vöxtur, en mikilvægt er að grípa til ráðstafana gegn verðbólgu.

Telur þú að verð á íslenskum hlutabréfamarkaði haldi áfram að hækka? Ég væri ríkur ef ég gæti sagt fyrir um breytingar á hlutabréfamarkaði.

44

STÆRSTA

Velta: 6,7 milljarðar
Hagn. f. skatta: 1,6 milljarðar
Eigið fé: 4,9 milljarðar



„Ágætur rekstur almennt.“

- Þórólfur Gíslason, kaupfélagsstjóri Kaupfélags Skagfirðinga.

ÞÓRÓLFUR GÍSLASON, KAUPFÉLAGSSTJÓRI KAUPFÉLAGS SKAGFIRÐINGA

Hvað hefur komið þér mest á óvart í viðskiptalífinu á árinu?

Sterk staða krónunnar.

Mun afkoma fyrirtækis þíns verða betri í ár en í fyrra?

Já.

Hvað hefur einkennt rekstur fyrirtækis þíns á þessu ári og mun það ná settum markmiðum? Ágætur rekstur almennt en sterk staða krónunnar hefur mikil áhrif á sjávarútveginn.

Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu batni eða versni á árinu 2006? Versni.

Telur þú að verð á íslenskum hlutabréfamarkaði haldi áfram að hækka? Ég tel að verðið haldist svipað áfram.



Einingar

Hægt væntur um ótíðni ári





EININGAVERKSMÍÐJAN

Brúhlíða 14 • 110 Reykjavík • Sími: 067 7770 • www.ei.is



[Redacted text block]



200

STÆRSTA

Velta: 792 milljónir
Hagn. f. skatta: 26 milljónir
Eigið fé: 169 milljónir



„Foreldraorlofið hefur getið af sér ... mikla misnotkun, skattsvik og svarta atvinnuþátttöku.“

-Bergsteinn Einarsson, framkvæmdastjóri Sets hf. á Selfossi

BERGSTEINN EINARSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI SETS

Hvað hefur komið þér mest á óvart í viðskiptalífinu á árinu?

Hversu mikill hagnaður bankanna er miðað við árangur ríkisins af sama rekstri á árum áður undir forystu stjórnmalamanna. Sá hagnaður er kominn langt fram úr því sem venjulegt fólk skilur, sem þarf hins vegar alls ekki að vera neikvætt.

Mun afkoma fyrirtækis þíns verða betri í ár en í fyrra?

Afkoman verður betri vegna tekjuauka af miklum framkvæmdum á sviði orku-, stóriðju- og byggingaframkvæmda.

Hvað hefur einkennt rekstur fyrirtækis þíns á þessu ári og mun það ná settum markmiðum? Helsta viðfangsefni okkar er að halda í við aukna eftirspurn eftir vörum okkar, á tímum minnkandi framboðs vinnuafis. Flutningur á hluta framleiðslu okkar til annarra landa er jafnvel tímabær af þeim sökum. Við það bætist truflun af illa ígrunduðu foreldraorlofi, sem kom á versta tíma. Foreldraorlofið hefur getið af sér óróa og hreyfingu á vinnumarkaði, mikla misnotkun, skattsvik og svarta atvinnuþátttöku. Stjórnmalamenn eru algjörlega úr tengslum við raunveruleikann í þessu máli og vita ekkert hvað er að gerast. Þeir munu hins vegar verða síðastir til að viðurkenna að framkvæmdin sé að flestu leyti misheppnuð.

Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu batni eða versni á árinu 2005? Það þarf að lægja ölduna eitthvað og ná áttum ef við eigum ekki að fara kollsteypu í efnahags- og gengismálum. Aðalatriðið er að lenda hagkerfinu á réttan hátt hægt og rólega og byrja strax.

Telur þú að verð á íslenskum hlutabréfamarkaði haldi áfram að hækka? Ákveðið jafnvægi hlýtur að komast á og áhrif innlenda hluta efnahagskerfisins eru stöðugt að verða léttvægari. Þannig ættu sveiflur að minnka með tíð og tíma með vaxandi heimsvæðingu íslensks atvinnulífs. 📈

112

STÆRSTA

Velta: 2,1 milljarðar



„Íslenska efnahagskerfið er raunar mun sterkara en ég hafði talið.“

- Geir Gunnarsson, framkvæmdastjóri Bernharðs.

GEIR GUNNARSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI BERNHARÐS

Hvað hefur komið þér mest á óvart í viðskiptalífinu á árinu?

Mér hefur helst komið á óvart hve öhemju sterkt íslenska efnahagskerfið er, raunar mun sterkara en ég hafði talið. Staða krónunnar er mun sterkari en allar spár gerðu ráð fyrir, kaupmáttur launa hefur aukist meira en vænta mátti og atvinnuleysi er ekki til. Vextir eru líkir því sem gerist í viðskiptalöndum okkar.

Mun afkoma fyrirtækis þíns verða betri í ár en í fyrra?

Afkoma fyrirtækisins er betri í ár en hún var í fyrra og hygg að sú sé raunin í allri bílgreininni.

Hvað hefur einkennt rekstur fyrirtækis þíns á þessu ári og mun það ná settum markmiðum? Mikill innflutningur og eftirspurn eftir bifreiðum er sömuleiðis mikill. Við höfum farið fram úr þeim áætlanum sem við gerðum fyrir árið.

Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu batni eða versni á árinu 2006? Eins og landið liggur í dag bendir ekkert til annars en hér muni áfram ríkja góðar aðstæður í efnahagslífinu. Hagvöxtur verður svipaður og hann hefur verið á líðandi ári. Gengi krónunnar gæti þó gefið lítillega eftir. Ég tel þó víst að bílannflutningur muni dragast lítillega saman.

Telur þú að verð á íslenskum hlutabréfamarkaði haldi áfram að hækka? Hér hefur verið mikið framboð af lausafé sem menn hafa þurft að festa. Væntingar hafa verið miklar og þetta allt hefur hækkað hlutabréfaverð – sem nú er farið að leita að jafnvægispunkti sem er eitthvað neðar er nú er. 📈

53

STÆRSTA

Velta: 5,7 milljarðar
Hagn. f. skatta: 158 milljónir
Eigið fé: 950 milljónir



„Gríðarlega góðar viðtökur við vörunýjungum.“

- Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar.

ANDRI ÞÓR GUÐMUNDSSON, FORSTJÓRI ÖLGERÐARINNAR

Hvað hefur komið þér mest á óvart í viðskiptalífinu á árinu?

Langvinnt verðstríð lágvörðuverðsverslana sem til lengri tíma er engum til góðs. Einnig sterk staða krónunnar og sá gríðarlegi vaxt munur sem er staðreynd.

Mun afkoma fyrirtækis þíns verða betri í ár en í fyrra? Hún verður að öllum líkindum töluvert betri, einkum vegna nýrra viðskiptasamninga og meiri sölu.

Hvað hefur einkennt rekstur fyrirtækis þíns á þessu ári og mun það ná settum markmiðum? Öflug vöruþróun og gríðarlega góðar viðtökur við vörunýjungum svo sem Kristall+, Egils Premium og Opal og Tópas vodkaskotum. Fyrirtækið nær settum markmiðum.


Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu batni eða versni á árinu 2006? Ég óttast að þær geti versnað nokkuð þegar líða tekur á næsta ár.

Telur þú að verð á íslenskum hlutabréfamarkaði haldi áfram að hækka? Nei, ég á síður von á því, að minnsta kosti ekki að sama marki og á þessu ári. 📉

153

STÆRSTA

Velta: 1,3 milljarðar



„Enginn skaði skeður þótt eitthvað hægi á ferðinni.“

- Helgi Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri Góu - Lindu.

HELGI VILHJÁLMSOON, FRAMKVÆMDASTJÓRI GÓU-LINDU

Hvað hefur komið þér mest á óvart í viðskiptalífinu á árinu?

Miklar breytingar á lánamarkaði og þá er sama hvort talað er um húsnæðislán eða annað. Áður þurfti maður að skrifa á fjórum fótum fyrir bankastjórana til að biðja um lán en nú þarf maður að afþakka. Allir sem hafa þokkalegt veðbókavottorð geta slegið lán.

Mun afkoma fyrirtækis þíns verða betri í ár en í fyrra? Afkoman er góð og verður betri en í fyrra. Raunar gildir einu hvert horft er, allt í íslensku efnahagslífi hefur verið upp á við síðan um 1950. Ástandið í dag líkist helst vist í paradís.

Hvað hefur einkennt rekstur fyrirtækis þíns á þessu ári og mun það ná settum markmiðum? Fyrr á þessu ári flutti Góa í nýtt og glæsilegt verksmiðjuhús í Garðabæ. Það er til mikilla þæginda að nú er starfsemin öll komin á eina hæð. Þá hefur verið uppgangur í starfsemi í rekstri Kentucky Fried Chicken. Undir merkjum keðjunnar starfrækjum við nú sex veitingastaði, þann nýjasta opnuðum við í Keflavík fyrr á árinu.

Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu batni eða versni á árinu 2005? Þetta hefur verið gott ár í efnahagslífinu og það er enginn skaði skeður þótt eitthvað hægi á ferðinni. Mikilvægasta verkefnið í efnahagsmálum þjóðarinnar er annars að gera skurk í málum lífeyrissjóða og koma á eðlilegri samkeppni þeirra í millum.

Telur þú að verð á íslenskum hlutabréfamarkaði haldi áfram að hækka? Hef ekki hugmynd um það. Ég á ekki hlutabréf í neinu nema sjálfum mér! 📈

TEXTI: HILMAR KARLSSON

THE CONSTANT GARDENER

LEITIN AÐ SANNLEIKANUM

Allir eru sammála um að kvíkmynda-sumarið í Bandaríkjunum hafi verið mjög lélegt, bæði hvað varðar gæði og einnig hvað varðar aðsókn, en aðsóknin hefur minnkað um 12% frá sumrinu í fyrra. Stóru sumarsmellirnir voru langt undir væntingum og aðeins fimm kvíkmyndir náðu að hala inn 200 milljón dollara í aðgangseyri, *Star Wars, Revenge of the Sith, War of the Worlds, Batman Begins, Charty and the Chocolate Factory* og *Wedding Crashers* og hafði *Star Wars* höfuð og herðar yfir hinar fjórar, en tekjur af henni eru 380 milljónir dollarar, næst henni kemur *War of the Worlds*, með 232 milljónir dollara.

Nokkrar kenningar eru uppi um það hvers vegna aðsóknin minnkaði, marktækastar eru að dýru myndirnar sem hefðu þurft að fá mikla aðsókn, hafa aldrei verið lakari og einnig sú skýring að farið er að gefa út nýjar kvíkmyndir á DVD mun fyrr

en áður. Má segja að ef kemur í ljós fljótlega eftir frumsýningu að viðkomandi kvíkmynd ætli ekki að fá góða aðsókn þá er DVD útgáfu flýtt.

Ljósíð í myrkrinu Þegar kvíkmyndaunndur vestan hafs voru orðnir úrkula vonar um að kæmi á sjónarsviðið kvíkmynd sem fengi ekki aðeins mjög góða dóma hjá gagnrýnendum heldur einnig góða aðsókn var *The Constant Gardener* frumsýnd snemma í september mánuði og brúnin lyftist á þeim sem voru farnir að örvænta. *The Constant Gardener*, sem gerð er eftir skáldsögu John LeCarré, kemst ekki í hóp dýrari kvíkmynda í Hollywood þetta árið. Heildarkostnaður við hana er 25 milljónir dollarar. Eitthvað hefur svo bæst við í markaðssetningu hennar. Þó ekki næði hún að fá mestu aðsóknina sem hún var frumsýnd þá var sætanýtingin langbest, en hún var sýnd í 1346 sýningarsölum en yfirleitt eru þær kvíkmynd sem mestar

vonir eru bundnar við sýndar í yfir 3000 sýningarsölum. Greinilegt er að góð umfjöllun hefur haft sitt að segja og fór aðsóknin langt framúr væntingum framleiðanda myndarinnar og hefur síðan haldist jöfn og góð.

The Constant Gardener er leikstýrt af hinum brasilíska Fernando Meirelles (*City of God*) og hefst í Kenýa. Tessa Quayale (Rachel Weisz), ástríðuþrunginn friðarsinni, sem hjálpar innfæddum, sem hafa smitast af alnæmi, finnst myrt. Í ljós kemur að hún hafði farið í jeppa ásamt innlendum lækni, sem virðist í fyrstu hafa flúið af vettvangi, en finnst síðan einnig myrtur. Eiginmaður Tessu, Justin Quayle (Ralph Fiennes), starfsmaður í utanríkisþjónustu Breta er miður sín. Grunsemdir hans beinast að læknum, hvað var hann að gera með eiginkonu hans, voru þau elskendur, hafði hann tælt hana með sér eða er annarra skýringa að leita. Honum finnst alla vega yfirmenn sínir mjög áhugasamir um að láta málið niður falla, en það getur Quayale ekki sætt sig við.

Í *The Constant Gardener* er mikið um að farið sé aftur í tímann og fljótlega eftir upphafsatriðið, sem þykir ákafalega sterkt, er farið til þess tíma þegar Jeffrey og Quayale hittust fyrst. Hann er að flytja fyrirlestur á vegum ríkisstjórnarinnar í háskóla þegar Tessa grípur fram í fyrir honum og fer að gagnrýna Tony Blair og þátttöku Breta í stríðinu í Írak.

Meðfram því sem *The Constant Gardener* er sakamálamynd með sterku pólitísku ívafi, þá er einnig kafað djúpt ofan í aðalpersónurnar. Elskaði Tessa Jeffrey jafn mikið og hann elskaði hana, hafði hún verið að notfæra sér hann eða var hún einlæg í öllu sem hún gerði? Þessar og ýmsar aðrar spurningar leita á Jeffrey þegar hann leitar skýringa á morðinu sem leiðir hann á allt aðrar slóðir en hann hugði í upphafi.



Ólík en hamingjusöm. Rachel Weisz og Ralph Fiennes í hlutverkum hjónanna Tessu og Justin Quayale.



Justin Quayle (Ralph Fiennes), hljóðlátur breskur ríkisstarfsmaður, sem hefur meiri áhuga á að sinna garðinum sínum en að fara erinda breska heimsveldisins.

Trúverðugleiki og spennna Það er strax farið að tala um að Ralph Fiennes verði tilnefndur til óskarsverðlaunanna og er þá miðað við leik hans í *The English Patient* og *Schindler's List*, sem flestum er ógleymanlegur. Rachel Weisz hefur einnig fengið glimrandi dóma fyrir leik sinn. Það eru þó flestir á því að gæði myndarinnar sé fyrst og fremst leikstjóranum, Fernando Meirelles, að þakka. Meirelles sem leikstýrði hinni margverðlaunuðu *City of God*, þykir gefa sögunni þann trúverðugleika sem til þarf án þess að spennan í myndinni líði fyrir það. Sjálfsagt spilar þar inn í ríkur skilningur hans á ástandinu í fátækustu löndum heims.

Sjónvarpið sýndi nýlega *City of God*, sem fjallar á áhrifamikinn hátt um átök tveggja glæpahlíka í fátækrahverfi Rio de Janeiro, sem skipuð eru unglingum og hvernig einum þeirra tekst að brjótast út úr dauðadæmdri tilveru.

Meirelles er ekkert unglamb þó aðeins séu þrjú ár frá því nafn hans varð þekkt í alþjóðlegri kvikmyndagerð. Hann verður fimmtugur í nóvember. Fæðingarborg hans er Sao Paulo, þar sem hann stundaði nám í arkitektúr, samhliða kvikmyndagerð. Ásamt vinum sínum hóf hann framleiðslu á tilraunakenndum myndbandsmyndum sem voru verðlaunaðar í Brasilíu. Það leiddi til þess að honum var boðin vinna við brasilíska sjónvarpið þar sem hann starfaði í tíu ár eða þar til hann stofnaði eigið kvikmynda-fyrirtæki. Áður en hann gerði *City of God*, hafði hann leikstýrt fjórum kvikmyndum, sem fóru ekki mikið út fyrir heimamarkaðinn. 

BÍÓMOLAR

Omen endurgerð

Liev Schreiber og Julia Stiles munu feta í fótspor Gregory Peck og Lee Remick þegar endurgerð verður hin klassíska hryllingsmynd *The Omen*. Mun endurgerðin heita *The Omen 666* og er leikstjóri John Moore (*Behind Enemy Lines*). Leikstjóri upprunalegu myndarinnar var Richard Donner, sem lét hafa eftir sér að hversu áhrifamikil myndin var hafi ekki síst verið að þakka tónlist Jerry Goldsmiths, en hann fékk Óskarsverðlaun fyrir tónlistina. *The Omen* fjallaði um sendiherra Bandaríkjanna í Englandi, sem telur son sinn vera haldinn djöflinum. Þrjár framhaldsmyndir voru gerðar. Tökur á *The Omen 666* eru að hefjast í Prag og er áætlað að frumsýna myndina í júní 2006. Þess má geta að Julia Stiles leikur eitt aðalhlutverkið í kvikmynd Baltasars Kormáks, *A Little Trip To Heaven*.

DiCaprio leikur Roosevelt

Samstarf Martin Scorsese og Leonardo DiCaprio heldur áfram. Fjórrða kvikmyndin er í undirbúningi, en áður hefur samstarf þeirra skilað *Gangs of New York*, *The Aviator* og *The Departure*, sem verður ekki frumsýnd fyrr en á næsta ári. Myndin sem um ræðir heitir *The Rise of Theodore Roosevelt* og er eftir samnefndri ævisögu eftir Edmund Morris, sem fékk Pulitzer verðlaunin fyrir hana. Hefst sagan á því tímabili þegar Roosevelt var sjálfboðaliði í hersveit sem nefndist The Rough Riders og endar þegar hann verður forseti Bandaríkjanna. Nicholas Meyer, sem skrifar handritið, segir ævi Roosevelt hafa verið mikið ævintýri og ekki sé erfitt að finna flöt á því sem nota megir í spennandi kvikmynd.

Nýi heimurinn

Það er ávallt stór viðburður þegar fréttist að Terence Malick sé að leikstýra kvikmynd. Þessi mikilsmetni leikstjóri hefur aðeins leikstýrt fjórum kvikmyndum á rúmlega þrjátíu árum, *Badlands* (1973), *Days of Heaven* (1978), *The Thin Red Line* (1998) og *The New World*, sem verður frumsýnd í Bandaríkjunum síðar á árinu. *The New World* er epísk stórmynd um goðsögnina John Smith, sem fjallað var um í Disneyteiknimyndinni *Pocahontas*. Það er Colin Farrell sem leikur Smith. Fjöldi þekktra leikara eru í öðrum hlutverkum, má nefna Christian Bale, Christopher Plummer, Ben Chaplin, Roger Rees og Noah Taylor. Að sjálf-sögu kemur Pocahontas við sögu, en Malick, sem einnig skrifar handritið, valdi óþekktu 15 ára gamla stúlku, Q'Oranka Kilcher, til að leika hana.




Liev Schreiber leikur aðalhlutverkið í *The Omen 666*.

AÐ VINNA MEÐ NÝRRI KONU!

Sjálfsævisaga viðskiptajöfursins Jack Welch kom út 2001 og þótti heldur þunn - en með blaðamanninum og eiginkonunni Suzy Welch hefur hann nú skrifað harðsnúna bók um stjórnunarreynslu sína. Sigrún Davíðsdóttir heyrði í honum í London.

TEXTI: **SIGRÚN DAVÍÐSDÓTTIR**

MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON o.fl.**



Ó, ó, ég sé hvert þetta stefnir!“ segir Jack Welch þegar prófessorinn kynnir gestinn með því að skírskota til þess hvernig sumir nái því að verða varanleg fyrirmynd: allir sjái fyrir sér Einstein með hárið í allar áttir þegar vísindi beri á góma. „Og lítinn sköllóttan kall þegar forstjórar eru annars vegar,“ botnar Welch og hláturinn kraumar í honum. Og mikið rétt, hann er lágvaxinn og sköllóttur en þessi tæplega sjötugi maður er eitilhress og sjaldan svars vant á sviðinu í London School of Economics þar sem hann situr fyrir svörum prófessorsins og áheyrenda.

Hún tók við hann viðtal - þau urðu elskendur Welch er á yfirreið um heiminn til að kynna nýju bókina sína, „Winning“ - hvorki meira né minna - ásamt meðhöfundinum og eiginkonunni Suzy, sem hét Wetlaufer þar til þau Jack rugluðu saman reitum. Suzy, 45 ára, átti að baki glæstan blaðamannaferil, síðast sem ritstjóri hins virta Harvard Business Review, þegar hún hitti Welch til að taka viðtal við þennan ofurfræga fyrrum forstjóra General Electric.

Viðtalinu er eiginlega ekki lokið, þau urðu elskendur, hún missti vinnuna og Welch mátti þola skilnað í sviðsljósinu. Fyrrum eiginkonan, númer tvö í röðinni, dró hann í réttinn fyrir snautlegan viðskilnað og rökstuddi kröfur sínar með starfslokasamningi Welch og GE sem var svo rausnarlegur að mörgum ofbauð - líkt og tilstandið þegar Welch hætti störfum. Welch lýsti því svo á sínum tíma að hann hefði þurft að velja á milli þess að hafna samningunum - sem hefði litið út eins og hann hefði gert eitthvað rangt - eða fá á sig græðgismyndina, sem hefur síðan fest við hann. Að gefnu tilefni bendir Welch því á að afrakstur bókarinnar fari í styrktarsjóð fyrir námsmenn sem Welch-hjónin hafa stofnað.

150 þúsund dollara fyrir fyrirlesturinn Welch hóf störf hjá GE 1960, þá nýútskrifaður með doktorspróf í efnaverkfræði, varð forstjóri 1981 og næstu tuttugu árin. Þetta voru glæstir tímar, GE margvaldið virtasta fyrirtæki heims og Welch fyrirmyndin mikla. Núna eys hann af reynslunni, bæði sem ráðgjafi nokkurra útvalinna fyrirtækja og í fyrirlesturum, taxtinn ku vera 150 þúsund dalir ef einhvern vantar fyrirlesara, og loks er það „Winning“.

Þegar Welch hætti hjá GE 2001 skrifaði hann „Jack: Straight From the Gut“. Þó hún seldist í 2,7 milljónum eintaka fékk hún slæma dóma, þótti alltof mikið um hann og of lítið um stjórnun. „Winning“ á að bæta úr því. Welch segir eiginkonuna eiga heiðurinn að því að koma reynslu hans á bókaformn svo af megi læra.

Og hvað boðar Welch þá? Þar er af ýmsu að taka eins og kom fram þegar hann ræddi við nemendur LSE. Þó reynsla hans sé mótuð í stórfyrirtæki er hann sannfærður um að sömu lögmál gildi í litlum fyrirtækjum. Sigurandinn skiptir öllu máli, án hans er andrúmsloftið markað óvissu og hræðslu - og enginn vinnur á því. Það er líka gaman og eflandi að vinna í fyrirtækjum á sigurbraut.

Welch segist nýkominn af fundi hjá ríkismiðlinum BBC - og þar lýsi af langar leiðir að sigurandinn sé ekki til staðar: menn húki hnípnir á stólunum. Reyndar ekki undarlegt, því þar hefur uppsagnaralda gengið yfir og hugsanlega meira í vændum. Almennt segist Welch ekki veita ríkisstofnunum ráð því þar séu menn ekki tilbúnir til að lúta lögmálum einkageirans - sem honum finnst taka öðrum lögmálum fram. Markaðurinn sé kannski gallaður en betra bjóðist ekki.

Ekki loka ykkur yfir glærum og skipuritum Skilaboð Welch til stjórnarmanna fyrirtækja eru athyglisverð: „Látið ekki loka ykkur inni í stjórnarherbergjum yfir glærum og skipuritum. Farið um í fyrirtækinu, talið við starfsfólk, lítið í kringum ykkur, metið hvernig andinn er - og já, ef stjórnandinn stendur sig ekki þá er að losa sig við hann!“

Til að skapa sigurandann riður á að stjórnendur séu starfinu vaxnir. Welch var frægur fyrir að reka reglulega tíu prósent botnsstarfsfólksins. „Mörgum fannst ég grimmur, en í alvörunni: er ekki betra að segja fólki það strax heldur en að segja því upp löngu seinna þegar erfiðara er að breyta til? Og það er heldur ekkert erfitt að vita hverjir standa sig! Hvað með ykkur? Þið vitið vel hverjir í ykkar bekk skara fram úr og hverjir eru í botni, ekki satt?“ Þegar stendur á svari segir Welch að ef krakkarnir geri sér ekki



Hjónin Jack og Suzy Welch komu til Íslands árið 2003.

„Sigurandinn skiptir öllu máli, án hans er andrúmsloftið markað óvissu og hræðslu - og enginn vinnur á því. Það er líka gaman og eflandi að vinna í fyrirtækjum á sigurbraut.“

grein fyrir þessu: „hei, þá er ferill ykkar í alvarlegri hættu!“

Val starfsmanna Welch leggur áherslu á að val starfsmanna sé lyklatríði og segist stoltur af því hvað margir stjórnendur stórra bandarískra fyrirtækja hafi unnið hjá honum. Það gildi að þekkja þá bestu úr og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig.

Þegar Welch fær spurningu úr salnum um vanda 39 ára háttsetts manns í fyrirtæki, yfirmenn hans hafi sagt honum að til þess

að ná lengra þurfi hann að vera varkárari og diplómátskari, hlær Welch. Þetta sé eins og lýsing á honum sjálfum á þessum aldri. Ráð sitt sé að starfsmaðurinn eigi að vera eins og honum sé eiginlegt - en kannski ætti hann að sækja annað.

Ofurlaun forstjóra Spurningunni um laun forstjóra og hvernig megi fella þau að hagsmunum fyrirtækisins svarar Welch af varkárni, sem er skiljanleg í ljósi fjölmiðlafársins um hans eigin laun: hann kunnir enga töfraformúlu, kaupréttarsamningar séu góðir - markaðurinn sé kannski ekki óskekull en þó besta viðmiðunin.

Hvort er betra fyrir stjórnanda að hafa fræðilegan bakgrunn eða praktískan? Welch er á því að fræðilegur bakgrunnur sé í lagi - en það séu þó ekki fræðin sem skapi góðan stjórnanda. „Gleymið öllu um fræðilegar rannsóknir! Þegar allt kemur til alls er það

fólk sem þið vinnið með, ekki tölur. Viðskiptaháskólar hafa verið alltof slappir við að skilja að mannaútsfræðin skipta mestu máli. Starfsvettvangur stjórnenda er fólk!“ Þrumar Welch og er mikið niðri fyrir. „Þið þurfið að vekja orkuna í fólki, upptendra það, fá það til að hreyfa sig - gleymið öllu hinu sem þið lærið í skólanum!“

Þegar kemur að ákvarðanatöku trúir Welch á innsæið. „Fylgið innsæinu í samningum og mannaráðningum!“ Þegar Welch er bent á að í lækisfræði sé mikið lagt upp úr því að meðhöndla fólk út frá rannsóknnum, er svarið að „lækisfræði snýst um nákvæmlega afmarkað svið sem er einstaklingurinn. Í fyrirtækjastjórnun er sviðið ekki svona afmarkað og lausnirnar heldur ekki. Treystið á hvað ykkur finnst!“

Ráð Welch til ungs fólks
Og hver eru þá ráð Welch til ungs fólks? „Hvað sem þið gerið: ekki fá ykkur

„Gleymið öllu um fræðilegar rannsóknir! Þegar allt kemur til alls er það fólk sem þið vinnið með, ekki tölur.“

„mentor!“ Lærið sem mest... af öllum - ekki bara einhverjum einum eða fáum! Lærið sem mest um Kína af því það er upprennandi stórveldi. Látið eftir ykkur að framkvæma! Af hverju að vera varkár? Framkvæmið, hreyfið ykkur hratt, lærið um heim-

inn, hugsið minna - og umfram allt: verið ekki vitlaus, verið þið sjálf!“

Þegar talinu vikur að ríkisafskiptum þýtur í Welch. „Ríkisstjórnir gera ekkert nema hirða af okkur peninga!“ margendurtekur hann. Og þó... Þegar hann er spurður hvað honum sýnist um horfurnar í

Rússlandi hikar hann augnablik og segir að þó það sé auðvelt að kvarta yfir reglugerðum þá sakni maður þeirra þar sem þær vanti. - Hann virðist þó ekki sjá að það sé ákveðin þversögn í því að úthúða ríkisstjórnnum fyrir gagnsleysi annars vegar og hins vegar sakna þess umhverfis sem góð ríki skapi.

Welch hefur heldur ekki mörg orð um félagslega ábyrgð fyrirtækja. Hún sé að hluta byggð inn í siguranda góðra fyrirtækja sem láti gott af sér leiða. Þannig sinni 55 þúsund starfsmenn GE kennslu og leiðsögn krakka í fátækrahverfum stórborga og góð stórfyrirtæki hafi verið snör að reida fram fé og hjálp í kjölfar felliþylsins Katrínar.

Hann er að sama skapi skorinorður þegar talinu vikur að umsvifum fyrirtækja í löndum


þar sem spilling er viðloðandi. Þar verði fyrirtækin sjálf að setja sér skynsamlegar reglur og fylgja þeim. Það geti bitnað á skammtíma viðskiptahagsmunum en til lengri tíma vilji menn frekar eiga viðskipti við slík fyrirtæki en önnur með vafasaman orðstír.

Þegar Welch hætti hjá GE var hann gagnrýndur fyrir að hafa helst fundið hæfileikamenn í hópi hvítra karla - aðrir hópar og kvenfólk hefðu sjaldnast fundið náð fyrir hans hvössu augum. Umhverfismál tók hann heldur ekki alvarlega, barðist gegn ábyrgð í málum þar sem GE hafði verið umhverfisbófi.

Þegar Welch var beðinn um að nefna fyrirmyndarfyrirtæki benti hann á Wal-Mart, sem hefur verið undir ofurgagnrýni fyrir að níðast á láglæna starfsfólki sínu. Spurður út í það fannst honum ekkert athugasvert við það. Nýstúdent í LSE sagði mér að fyrirmynd ýmissa samstúdenta hans væri kvikmyndin „Wall Street“ sem kenndi að græðgi er góð. En meðal áheyranda Welch voru ýmsir félagslega meðvitaðir - og í hugum þeirra er Wal-Mart engin fyrirmynd. Það vaknaði líka sú spurning hvort Welch hefði ekki bent á Enron sem fyrirmyndarfyrirtæki fyrir fimm árum, jafnvel þó Welch hafnaði því: Enron hefði ekki sjóðsstreymi sem einkenndi góð fyrirtæki.

Eftir fyrirlesturinn spurði ég nokkra stúdenta álits. Jú, þeim hafði þótt áhugasvert að sjá Welch og heyra boðskap hans. Hann hefði þó átt auðveldan leik í byrjun þar sem hann tók við traustu fyrirtæki - í augum krakkanna eru áhugaverðustu stjórnendurnir fremur frumkvöðlarnir sem hafa barið saman og drifið áfram eigin fyrirtæki. Að byrja sem ungur í fyrirtæki og vinna þar í rúm 40 ár er einfaldlega óhugsandi - brambolt frumkvöðlanna er nær krökkunum!

„Winning“: Í inngangi lýsir hann sýn sinni á viðskipti og viðskiptalífið. Meginhluti bókarinnar skiptist í þrennt. Fyrst er fjallað um innri stjórnun, að velja réttu mennina og hvernig er hægt að breyta, síðan um ytri stjórnun, samkeppni og samruna og í lokin hvernig stjórnendur geta best haft stjórn á eigin ferli. Sjá nánar um bókina á www.jackwelchwinning.com.



Nýttu
daginn



Taktu
flugið

Flugferðir

Bílaleiga

Fundaraðstaða

Hótel



Upplýsingar hjá Fyrirtækjaþjónustu
Flugfélags Íslands; sími 570 3606.
Netfang: flugkort@flugfelag.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS



TEXTI: **SVAVA JÓNSDÓTTIR**

MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON o.fl.**

Hönnun:


HVÍT MOSAÞEMBA

Hvítir, nýstárlegir sófar voru í bláa, íslenska skálanum á heimsýningunni í Hannover árið 2000. Þórdís Zoëga, húsgagna- og innanhússarkitekt FHI, fékk það verkefni að hanna sófa í skálann.

„Ég lagði áherslu á mykt sem mótsögn við skálann sem var eins og kassi í laginu. Hvað varðar nafnið þá hafði ég í huga mosaþembu sem gott væri að sitja á.“

Sófinn er úr MDF-plötum og klæddur með svampi. Áklæðið er segldúkur.

Þórdís hefur hannað fjöldann allan af húsgögnum. Í því sambandi má nefna stólana Ugga og Mími.



Mími.

Hátt bak einkennir Ugga. Þórdís vildi vinna með íslensk efni. Steinbítroð skreytir setuna.

Við hönnun Mímis lagði Þórdís áherslu á einfaldan stól sem væri þægilegt að sitja í.

Stólarnir tveir fást hjá Sóló-húsgögnum.

„Ég legg alltaf áherslu á að útlit, form og notagildi vinni vel saman. Ég hugsa oft um að hluturinn hafi ekkert meira en hann þarf að hafa. Hver stóll hefur svo sína sérstöðu.“

Hönnun Þórdísar fæst núna í heimsborginni London. Í september var opnuð verslunin Design Center Knightsbridge (<http://www.designck.co.uk/>) þar sem fæst íslensk hönnunarvara.

Uggi og Mími eru lagstír í víking.



Sófinn í íslenska skálanum á heimssýningunni í Hannover árið 2000.

Ljósmynd: Magnús Hjörleifsson

„Ég legg alltaf áherslu á að útlit, form og notagildi vinni vel saman“ segir Þórdís Zoëga, húsgagna- og innanhússarkitekt FHI.



Uggi.



Æskumyndin:

Æskumyndin er af Alexander Edvardssyni, yfirmanni hjá KPMG.

Alexander skorar á Grím Sæmundsen, framkvæmdastjóra Bláa lónsins hf., að láta birta af sér næstu æskumynd.

Þeir Grímur hafa þekkst lengi. Bláa lónið hefur verið í viðskiptum við KPMG frá stofnun. Þá hafa þeir veitt saman nokkrum sinnum á ári í nokkur ár.



Alexander Edvardsson hjá KPMG.



Pétur Gautur myndlistarmaður: „Málverkið er hálfgerð blekking á vegg sem maður hrífst vonandi af.“



Málverk eftir Pétur Gaut. Uppstillingar eru áberandi á striganum.

Myndlist:

HÁLFGERÐ BLEKKING Á VEGG

Hann nam við málaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Þá hélt hann til kóngsins Köben og nam leikmyndahönnun. Þar réði þó pensillinn ferðinni og gerir enn.

Uppstillingar eru áberandi á striganum

„Það er mikil uppstillingarhefð í Danmörku,“ segir Pétur Gautur myndlistarmaður. „Þetta

er dönsk hefð sem mér þótti skemmtileg.“

Hann leikur sér með grunnformin. Málverkin eru byggð upp á ferhyrningum og hringum. „Ég leik mér með kassaform svo sem hvað varðar dúka og borð. Skálamar á borðunum eru ekkert nema hringur.“

Haustið er gengið í garð. Hann segist kollvarpa sjálfum

sér eftir árstíðum. Litirnir í penslunum dökkna eilítið eftir því sem sólin er skemur á lofti.

Hann er spurður um hvað málverkið sé í huga hans.

„Málverkið er hálfgerð blekking á vegg sem maður hrífst vonandi af. Þegar vel tekst til verður eitthvað til sem maður getur ekki lýst. Ég reyni að ná tímalausri stemmningu.“

Uppáhaldsvínið:

KEMUR ALDREI AFTUR

Einar Bjarnason, kynningarstjóri 365 miðla, var sumarið 1994 staddur á Chateau Rions í vínhéraðinu Premier Cote de Bordeaux. Jón Ármannsson víngerðamaður rétti honum hvítvíns-glas, Chateau de Rions Spéciale Réserve '91, og þetta er eftirminnilegasta vín sem hann hefur drukkið.

„Þegar ég þéfaði af víninu fann ég öflugan ávaxtailm sem ég sakir reynsluleysis gat ekki gefið nafn strax. Lyktin framkallaði hins vegar á svipstundu æskuminningar frá

Tívoli í Kaupmannahöfn. Það var einmitt ananaskeimurinn sem var einkennandi fyrir vínið og það er ananaslykt af gula gosinu sem við drukkum sem börn í Tívoli.“

Bordeaux er ekki þekkt fyrir gott hvítvín og '91 var í ofanálag vont ár í Bordeaux svo Chateau de Rions Spéciale Réserve '91 hvítvínið var undantekning.

Miðlungssætt, þokkafullt og fjúrgt vín en samt margslungið, árangur langvinnar gerjunar Sauvignon Blanc og Sémillion þrúgnanna á eik. Það glitraði á fallegu, gulu dropana sem sígu hægt niður á innanverðu glasinu. Ekki sakaði að smökkunin fór

fram í fallegum garði vínbúsins í miðju Bordeaux-héraði.

Ég náði aldrei að reyna vínið með mat því þessi flaska var síðasta flaskan sem vitað var um af þessum árgangi. Þetta voru mikil vonbrigði því ég hefði viljað kynnaast víninu betur.

Hvert vín er sérstakt þannig að þegar árgangur er búinn kemur sama vín aldrei aftur. Það er skrítn tilhugsun og gerir minninguna um gott vínsmakk verðmætari.

Ef maður er opinn og leyfir tilfinningum frekar en tækni að ráða ferðinni við vínsökkun finna allir sitt upphaldsvín.“

„Það glitraði á fallegu, gulu dropana sem sígu hægt niður á innanverðu glasinu.“

Uppáhaldsborgin:

GAMALT OG NÝTT

„Af nokkrum uppáhaldsborgum þá kom Aþena mér mest á óvart,“ segir Steinunn K. Þórðardóttir, forstöðumaður Alþjóða lánveitinga hjá Íslandsbanka. Hún hefur komið nokkrum sinnum til þessarar fornu borgar. Hún var þar í tvær vikur þegar á Ólympíuleikunum stóð.

„Ég hafði heyrt margt misjafnt um borgina en féll fyrir henni. Hún er ótrúleg blanda af gamalli og nýrri menningu.“

Steinunn nefnir að sumar byggingarnar hafi verið byggðar fyrir Krists burð. „Maður gerir sér grein fyrir hve lífið er stutt.

Mikið úrval er af menningar- og tónlistarviðburðum og kaffihúsin eru yfirfull af fólki. Borgin er iðandi af lífi,“ segir Steinunn en þá á hún ekki eingöngu við þann tíma þegar Ólympíuleikarnir stóðu sem hæst. „Svo er stutt á fallegar baðstrendur.“

Steinunn stundaði nám í alþjóðaviðskiptum og stjórnmálafræði í Bandaríkjunum auk þess sem hún lagði þar síðar stund á MBA-nám og vann hjá Enron í nokkur ár. Starfs síns vegna ferðast hún mikið til útlanda eða tvisvar til þrisvar í mánuði.



Steinunn K. Þórðardóttir og Aþena, gyðja visku og gáfna, í miðbæ Reykjavíkur.

Bókin:

OFBIRTA Í AUGUN



„Aðstæðurnar sem lýst er í þessari bók eru oft nákvæmlega þær sömu og ég lenti í.“

Birgir Jónsson, framkvæmdastjóri Iceland Express, las síðast bókina Mr. China. Um er að ræða sögu Tim Clissold sem var einn af þeim sem ætlaði að græða miklar fúlgur í Kína með því að fjárfesta fyrir bandaríska sjóði eftir að Kína opnaðist fyrir alvöru eftir 1990.

„Clissold byggði upp gífurlegt stórveldi á stuttum tíma, fjárfesti fyrir fjóra milljarða dollara og var kominn með 25.000 starfsmenn á tveimur árum. Þetta fór auðvitað allt í vaskinn hjá kallinum, enda gerði hann flest þau mistök sem nú orðið teljast klassísk á svæðinu. Bankastjórinn stakk af með \$10m bankatryggingu og allir samstarfsaðilarnir bjuggu ýmist til eftirlíkingar af vörnum hans,

stofnuðu önnur fyrirtæki með hans fé, stálu frá honum eða létu hann borða rottur og hunda - eða allt af þessu.“

Birgir segir að þetta sé dæmigerð bók sem lýsi því sem gerist þegar vestræn fyrirtæki fá ofbirtu í augun af stærð kínverska markaðarins, oft nefnt „China Syndrome“.

„Menn átta sig ekki á því að hefðbundin stjórntæki virka ekki á þessum markaði því hann er ekki eins opin og frjáls og ætla mátti.

Ég bjó í Hong Kong áður en ég hóf störf hjá Iceland Express. Þar var ég ábyrgur fyrir starfsemi Össurar hf. í Asíu. Aðstæðurnar sem lýst er í þessari bók eru oft nákvæmlega þær sömu og ég lenti í í því starfi og því hitti þessi bók í mark hjá mér.“



Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs, er sælkeri mánaðarins og kemur með góða uppskrift.

Sælkeri mánaðarins:

FYLLIR FÓLK EFTIRVÆNTINGU

Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs, á uppskrift að ómótstæðilega góðum kjúklingarétti fyrir 4-6 (fer eftir því hvað bringurnar eru stórar).

„Ilmurinn af þessum rétti fyllir fólk eftirvæntingu og hann bragðast öllum jafnvel. Ég fékk hliðstæðan rétt á Spáni fyrir mörgum árum og held ég að uppskriftin sé nokkuð lík þeirri sem þar var elduð. Það er gott að grípa til hans þegar útbúa þarf góðan en einfaldan veislurétt með litlum fyrirvara.“

6-8 kjúklingabringur
1 bréf beikon (fitusnautt)
1 krukka sólþurrkaðir
tómatar (Sacla)
250 g Flúðasveppir
1 stór dós kotasæla
1 ferna matreiðslurjóni
1 lítið glas soyasósa
(Kikkoman)
ostur

Kjúklingabringurnar eru settar í eldfast mót og kryddaðar eftir smekk (létt). Beikonið og sveppirnir eru steikt hvort í sínu lagi og sett síðan yfir kjúklinginn, fyrst beikonið og síðan sveppirnir. Því næst er olíu hellt af sólþurrkuðum tómötunum, þeir skornir í tvennt (eða smærra) og þeim raðað yfir. Blandið og hræið létt saman matreiðslurjóm-anum, soyasósunni og kotasæl-unni (gott að setja örlíttinn sósu-jafnara saman við) og þessu síðan hellt yfir réttinn. Eldað í ofni í ca. 40-50 mín. við 200 gráðu hita. Rifinn ostur settur yfir síðustu mínúturnar.

Borið fram með fersku salati, hvítlauksbrauði og eðal rauðvíni!

Líkamsræktin:

LÍKAMSÆKTARSTÖÐIN OG GOLFVÖLLURINN

Bergþór Jónsson, framkvæmdastjóri Mótáss, segir að eigin-konan hafi dregið sig í líkams-rækt fyrir um átta árum. Hann æfir þrisvar til fimm sinnum í viku í Hreyfingu og mætir alltaf í hádegínu. Stundum fer hann með eiginkonunni og stundum æfir hann með félaga sínum. Hann bæði lyftir og er í „spinn-ing“.

„Það skiptir máli að vera í líkamsrækt. Þetta tók orku til að byrja með en síðan skilar þetta manni orku.“

Á sumrin er það golfið sem á hug Bergþórs og þá sleppir hann því að mæta í líkamsræktarstöð-ina.

„Tilveran snýst mikið um golf og er það útiveran og keppnin sem heilla mig. Auk þess hef ég eignast góða vini í gegnum golfið.“



„Þetta tók orku til að byrja með en síðan skilar þetta manni orku.“

Ég spila golf á vellinum í Graf-arholti fjórum til fimm sinnum í viku. Auk þess fer ég venjulega í golfferðir á vorin og á haustin, hef m.a. farið til Spánar og Englands og nú er ég til dæmis nýkominn úr golfi í Englandi.“

Svo mörg voru þau orð:

„Gengi krónunnar þyrfti að lækka um allt að fjórðung til að tryggja innra og ytra jafnvægi þjóðarþúsins. Hversu hratt þetta mun gerast er stóra spurningin.“


Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Íslandsbanka. Morgunblaðið, 15. september.

„Þannig að Ísland getur verið mikilvægur vettvangur fyrir þá sem hyggjast til dæmis fara með viðskiptahugmyndir eða nýjar lausnir til Bandaríkjanna, Evrópu eða Asíu. Stærð markaðarins og sá hraði sem hægt er að hafa á viðskiptum hér á landi skiptir miklu máli í þessu sambandi.“

Jim Davis, stofnandi Key West Technologies, og félagi hans, Ash Gupte. Morgunblaðið, 1. september.

„Mað kaupnum á Kepler erum við nákvæmlega að framfylgja stefnuáherslu Landsbankans á einstaklega skemmtilegan hátt að mínu mati með því að ná til allrar Evrópu í einum viðskiptum.“

Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans. Fréttablaðið, 7. september.




DAVÍÐ Í JAPAN

Eitt af síðustu embættisverkum Davíðs Oddssonar sem utanríkisráðherra var að fara í heimsókn til Japans. Með honum í för var sendinefnd úr viðskiptalífinu hér heima.

TEXTI: **JÓN G. HAUSSON og JÓNAS HALLGRÍMSSON**

MYNDIR: **JÓNAS HALLGRÍMSSON**



Nobutaka Machimura, utanríkisráðherra Japans, og Davíð Oddsson á fundi í japanska utanríkisráðuneytinu í Tókíó. Túlkur er á milli þeirra. Machimura bauð upp á íslenskt vatn frá Agli Skallagrímssyni, en japanska fyrirtækið Japan Tobacco hefur hafið innflutning og sölu á vatninu að eigin frumkvæði. Þeir hafa lagt mikla peninga í að auglýsa og kynna vatnið í Japan.



Tsukiji fiskmarkaðurinn í Tókíó skoðaður. Frá vinstri: japanskur starfsmaður markaðarins, Óli Valur Steindórssón hjá Atlantis, Andrés Magnússon frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Eggert Guðmundsson frá HB Granda og Kjartan Pierre Emilsson frá fyrirtækinu CCP.

Davíð Oddsson utanríkisráðherra fór í heimsókn til Japans dagana 11. til 15. september. Með honum í för var sendinefnd úr viðskiptalífinu hér heima. Davíð átti m.a. fund með japönskum starfsbróður sínum, Nobutaka Machimura, utanríkisráðherra Japans.

Þeir ræddu m.a. fríverslunarsamning milli Japans og Efta-landanna sem og hugmyndir um nýjan loftferðasamning á milli Íslendinga og Japana. Slíkur samningur

gerði íslenskum flugfélögum kleift að hefja áætluðarflug til Japans og til fleiri staða en Tókíó. Þeir komu inn á málefni öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Loks ræddu þeir um tvísköttunarsamning á milli Íslendinga og Japana.

Dagskrá heimsóknarinnar var fjölbreytt. Hún hófst á sunnudeginum með því að Jón Þrándur Stefánsson, doktor í viðskiptafræði í Tókíó, hélt fyrirlestur um japanska viðskiptaumhverfið í íslenska sendiráðinu fyrir



▲ Davíð og föruneysi heimsóttu höfuðstöðvar Nichiro í Tókíó sem er japanskt fiskinnflutningsfyrirtæki. Nichiro kaupir íslenskan fisk að heiman. Á myndinni tekur forstjóri Nichiro við Hávamálum, sem Davíð færði honum. Til vinstri er forstjóri Nichiro, túlkurinn, Júlíus Hafstein og Davíð.



▲ Kjartan Emilsson frá fyrirtækinu CCP á fundi með áhugasömu viðskiptafólki.

► Benedikt Guðmundsson frá Guðmundi Tyrfingssyni kynnir starfsemi fyrirtækisins fyrir hugsanlegum samstarfsaðila á viðskiptaráðstefnu sem haldin var á Le Meridien Pacific hótelinu í Tókíó.



Jón Þrándur Stefánsson, doktor í viðskiptafræði og kennari við Otaru viðskiptaháskólann í Sapporo, hélt fyrirlestur um japanska viðskipta-umhverfið í sendiráði Íslands í Tókíó.



▶ Davíð með forstjóra Grand Hyatt hótelsins í Tókíó. Hótelið er talið það glæsilegasta í Tókíó.



▶ Imamura-san, forstjóri Daito Gyorui Corp. Ltd., og Óli Valur Steindórsson, forstjóri Atlantis, undirrita samninginn við hátíðlega athöfn í Tókíó. Óli Valur flutti ræðu sína á japönsku.

viðskiptanefndina. Japanskt viðskiptalíf hefur verið að rétta úr kútnum eftir mögur ár og gert er ráð fyrir um 3% hagvexti þar á þessu ári. Daginn eftir skoðaði viðskiptanefndin Expo heimsýninguna í Nagoya.

Á þriðjudaginn var Tsukiji fiskmarkaðurinn skoðaður eldsnemma um morguninn. Eftir það hélt Davíð fund sinn með starfsbróður sínum, Nobutaka Machimura, utanríkisráðherra Japans. Mitsubishi fyrirtækið var heimsótt. Íslenska fyrirtækið Atlantis skrifaði undir stóran fiskisölusamning og síðar um daginn var farið í skoðunarferð í Mori Building.

Á miðvikudag var haldin viðskiptaráðstefna þar sem íslensku fyrirtækin funduðu með japönskum fyrirtækjum og kynntu starfsemi sína og hugmyndir.

Ferð Davíðs til Japans þótti takast vel, en í Japan hefur verið verulegur áhugi á Íslandi um langt skeið. 


Traustur verktaki



ÍSTAK hf. • Eiríksdómsgröf 7 • 105 Reykjavík
 Sími 550 2700 • Félafónt 550 2700 • info@istak.is



Við Úlfjótuvatn.



Við Svartafoss.



Þakgil á Höfðabrekkuheiði.



Ofan við Skógarfoss.



Garðar á Snæfellsnesi.

TEXTAR: **HILMAR KARLSSON**
 MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON**

„Ég hef mjög gaman af því að ferðast á vélsleða um fjallgarðana í nágrenni Akureyrar á veturna og stússast í kringum hesta um vor og sumar og ég nýti hvert tækifæri sem gefst í þessi áhugamál.“

Kaupfélag Eyfirðinga, KEA, er eitt þekktasta fyrirtæki landsins. Það var áður félag með fjölbreyttan rekstur, en frá og með 1. janúar 2002 varð formlega sú breyting að KEA varð annars vegar samvinnufélag með á áttunda þúsund félagsmenn og hins vegar fjárfestingafélag. Nýráðinn framkvæmdastjóri KEA er Halldór Jóhannsson, viðskiptafræðingur að mennt. Hann hafði starfað hjá KEA sem fjárfestingastjóri frá því í nóvember 2004. Á árunum 2002-2004 var hann aðstoðarframkvæmdastjóri Kaldbaks og þar áður aðstoðarkaupfélagsstjóri KEA. Áður en Halldór kom til starfa fyrir KEA starfaði hann í fimm ár hjá Landsbanka Íslands við fjármögnun, fjárfestingar og samrunaráðgjöf.

Halldór segir starf sitt vera fjölbreytt og krefjandi: „Það er meðal annars fólgið í ávöxtun fjármuna félagsins, ýmsum fjárfestingarverkefnum, rekstri ýmissa samstarfsverkefna og skipulag og stefnumótun samstæðunnar. KEA er þegar í nokkrum fjárfestingarverkefnum auk ýmissa samstarfsverkefna auk þess sem félagið hefur þegar til skoðunar ýmis fjárfestingarverkefni.

Framundan eru ráðningamál og ég stefni að því að bæta við fólki til að auka afkastagetu félagsins. Einnig er verið að vinna að undirbúningi svokallaðs fríðindakorts eða félagsmannakorts KEA.“

Halldór er stúdent af viðskiptabraut VMA á Akureyri, viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands með áherslu á reikningshald og endurskoðun: „Eiginkona mín heitir Erla Árnadóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur. Hún starfar sem rekstrar- og þjónustustjóri hjá Intrum á Akureyri. Við eigum saman tvö

börn, Kristinn Pey, 7 ára, og Önnu Pyri, 4 ára.“

Halldór segir að áhugamál fjölskyldunnar sé útivera og að njóta samvista hvers annars. Hvað varðar hann sjálfan þá eru helstu áhugamálín hestar, vélsleðar og fótbolti, en Halldór er gallharður Arsenaladáandi. „Það eru nokkur ár síðan ég smitaðist af hestabakteríunni og eiginlega á sama tíma smitaðist ég af vélsleðabakteríunni, hef greinilega verið mjög móttækilegur á

Nafn: Halldór Jóhannsson.

Fæðingarsíður: Akureyri, 4. ágúst 1972.

Foreldrar: Jóhann Jóhannsson og Anna María Halldórsdóttir.

Maki: Erla Árnadóttir.

Börn: Kristinn Peyr, 7 ára, og Anna Pyri, 4 ára.

Menntun: Viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1996 af reikningshalds- og endurskoðunarviði.

Halldór Jóhannsson

framkvæmdastjóri KEA

Halldór Jóhannsson: „Framundan eru ráðningamál og ég stefni að því að bæta við fólki til að auka afkastagetu félagsins.“

þessum tíma. Ég hef mjög gaman af því að ferðast á vélsleða um fjallgarðana í nágrenni Akureyrar á veturna og stússast í kringum hesta á vorin og sumrin og ég nýti hvert tækifæri sem gefst í þessi áhugamál.

Í sumarfríinu fór fjölskyldan í sumar-

bústað fyrir austan (á Héraði) í blíðskaparveðri og Austfirðirnir þræddir hver á fætur öðrum. Við stefnum svo á hófsama uppbyggingu í hrossarækt.“



Ellert Finnbogason

hótelstjóri, Hótel Óðinsvéum og Lúnu

Ellert Finnbogason: „Venjulegur dagur er ekki til þar sem ég veit aldrei fyrirfram hvernig dagurinn verður.“

Við sem eigum Hótel Óðinsvé, tókum við rekstrinum 1. ágúst og er því reksturinn í okkar höndum nýhafinn. Við erum þrjú af eigendunum sem störfum við hótelið. Auk mín eru það eiginkona mín, Linda Jóhannsdóttir, sem hefur yfirumsjón með fjármálum og sér um starfsmannamál, og Birgir Sigfússon, sem starfar að sölu og markaðsmálum. Áður en við tókum við Hótel Óðinsvéum vorum við Linda með íbúðahótelið Lúnu, Spítalastíg 1, sem er hér í næsta nágrenni, og rekum það áfram. Einnig erum við með tvær íbúðir á vegum hótelsins við Skólavörðustíg og Klapparstíg, sem við leigjum út, þannig að hótélreksturinn er á öllum stigum í næsta nágrenni.“

Það er heldur ekki langt fyrir Ellert og Lindu að fara í vinnuna, þau búa við Laufásveg: „Við höfum rekið Lúnu í tvö ár og segja má að ég hafi oft litið upp að Hótel Óðinsvéum á Þórsötu og látið mig dreyma. Nú er sá draumur orðinn að veruleika.“

Mitt starf sem hótélstjóri er mjög fjölbreytt, ég sé um daglega stjórnun og allt sem tilheyrir rekstrinum og er það mjög gefandi starf enda viðskiptavinirnir ólíkir og með sínar kröfur og það þarf að sjá um að þær séu uppfylltar. Venjulegur dagur er ekki til þar sem ég veit aldrei fyrirfram

hvernig dagurinn verður. Þetta gerir starfið spennandi og skemmtilegt í atvinnugrein, sem að mínu mati er fjölbreytt. Viðskiptavinirnir, sem eru mestmegnis útlendingar, eru hér á landi annaðhvort í viðskiptaerindum eða í frí og vilja hafa það gott. Og það skiptir miklu máli fyrir okkur að vera með góða þjónustu og geta tekið við óskum viðskiptavina okkar og afgreitt þær.“

Ellert segist hafa tekið við góðum rekstri og engar sérstakar breytingar séu framundan: „Óhjákvæmilega þegar nýir eigendur taka við þá koma aðrir straumar með þeim og við höfum okkar markmið sem við fylgjum eftir, en nýbúið er að standsetja húsið og stutt er síðan ein hæð var byggð ofan á hótelið þannig að húsið er í mjög góðu ástandi og flestöll herbergin nýuppgærd.“

Ellert er viðskiptafræðingur að mennt og áður en hann hóf sjálfstæðan rekstur hafði hann unnið hjá Kaupþingi og Flugleiðum: „Ég hafði samt nægan tíma til að hugsa minn gang þar sem ég tók mér langt fæðingarorlof eftir að við Linda eignuðumst tvíburadætur okkar, Söru og Andreu. Að fæðingarorlofinu loknu ákvað ég að fara út í sjálfstæðan rekstur, enda hafði hugur minn alltaf stefnt þá leiðina.“

Nafn: Ellert Finnbogason.

Fæðingarstaður: Reykjavík, 12.2. 1969.

Foreldrar: Guðrún Ellertsdóttir og Finnbogi Bjarnason.

Stjúpfaðir: Ragnar Hauksson.

Maki: Linda Jóhannsdóttir.

Börn: Sara og Andrea, 3ja ára.

Menntun: Viðskiptafræðingur frá Costal Carolina University.

Lítill tími hefur verið fyrir Ellert að stunda áhugamálin og sumarfrí hefur ekki verið tekið síðan hann hóf sjálfstæðan rekstur: „Þar sem við stóðum í kaupum á hótelinu í sumar og keyptum annað fyrir tveimur árum og erum auk þess með tvær litlar stelpur, hefur ekki verið mikill tími til að fara í frí með fjölskylduna og enn minni tími til að sinna áhugamálum. Ég reyni þó að stunda líkamsrækt með því að vera í fótbolta. Við erum nokkrir félagar sem höldum hópinn í fótboltanum. Golfið er mjög skemmtilegt, en því miður hef ég ekkert getað stundað það síðan ég hóf eigin rekstur, vonandi kemur að því seinna meir. Meðan ég var hjá Flugleiðum var ég í Skokkklúbbi Flugleiða og hafði gaman af, en það hefur eins og annað setið á hakanum. Hvað varðar frí þá var fjölskyldan búin að ákveða að fara í langþráð frí í nóvember næstkomandi, en sjálfsagt verðum við að fresta því eitthvað fram yfir áramótin. Væntanlega verður af því fremur fyrr en seinna.“ 

Aðalbjörg Kristín Jóhannsdóttir

markaðs- og kynningarstjóri
hjá Kauphöll Íslands

Í Kauphöll Íslands er Kristín Jóhannsdóttir markaðs- og kynningarstjóri en hún er nýttekin við starfinu í fjarveru Helgu Bjarkar Eiríksdóttur, sem er í ársleyfi: „Starf mitt felst í að vinna með öllum deildum í Kauphöllinni að öllu því sem kemur að markaðs- og kynningarmálum. Ég sinni mörgum mismunandi störfum, en þau helstu eru meðal annars þau að vera ritstjóri heimasíðu Kauphallarinnar, þar erum við mikið í samstarfi við útlönd og má segja að í starfi mínu í heild sé ég ekki síður í samstarfi við erlenda aðila en innlenda. Ég stýri einnig hópi sem fjallar um markaðsmál varðandi Kauphöllina og er líka í markaðshópi NOREX kauphallanna. Svo eru útgáfumál fyrirtækisins á minni könnu, má þar nefna Árbókina og Kauphallartíðindi, nettímarit sem reynt er að gefa út tvisvar í mánuði. Þá sé ég um tengsl og samskipti við fjölmiðla, innlenda sem erlenda.“

Kristín segir starfið fjölbreytt, hraðinn sé mikill og alltaf eitthvað spennandi að gerast, ekki síst vegna þeirra miklu sviptinga sem hafa verið á markaðnum á síðustu vikum. „Meðal þess sem við erum að gera um þessar mundir er að koma á fót markaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og einnig erum við að fara að kynna íslenska markaðinn ásamt nokkrum skráðum fyrirtækjum í Kauphöllinni í London í nóvember, sem kallast Capital Markets Day, svo það er í mörg horn að líta þessa stundina.“

Kristín útskrifaðist frá Kennaraháskóla Íslands árið 1996: „Ég starfaði sem kennari, fyrst á Dalvík í tvö ár og síðan í Rimaskóla eftir að ég hafði verið í Englandi um skeið þar sem eiginmaður minn var í námi. Ég hafði lengi haft áhuga á almannatengslum og lét verða af því í fyrra að læra þau fræði; fór til Skotlands og settist á námsbekk í

Aðalbjörg Kristín Jóhannsdóttir:
„Ég hafði lengi haft áhuga á
almannatengslum og lét verða að
því í fyrra að læra þau fræði; fór til
Skotlands og settist á námsbekk.“

University of Stirling og lauk þar námi mánaðamótin júlí/ágúst með mastersgráðu í almannatengslum. Verður að segjast eins og er að það er frábært tækifæri fyrir mig að fá að sinna starfi markaðs- og kynningarstjóra Kauphallarinnar. Fyrir utan hvað vinnustaðurinn er frábær, veitir starfið mér dýrmætt tækifæri til að nýta mér menntun mína og öðlast reynslu á þessum vettvangi.“

Kristín er fjölskyldumanneskja og er eiginnmaður hennar Rúnar Dýrmundur Bjarnason, sem hefur að baki mastersnám í mati á umhverfisáhrifum. Hann vinnur bæði hjá Verkfræðistofunni Hönnun og Skipulagsstofnun. Þau eiga tvö börn, Bjarna Ívar og Ísold Kristínu.

Áhugamál Kristínar eru að rækta fjölskylduna og tónlist: „Eins og gefur að skilja færast áhugamálið yfir á börnin þegar búið er að stofna fjölskyldu, en tónlistin hefur alla tíð verið áhugamál mitt. Ég kem úr fjölskyldu þar sem mikið er um tónlist, bæði

Nafn: Aðalbjörg Kristín Jóhannsdóttir.

Fæðingarstaður: Akureyri, 8. 12. 1971, ólst upp á Dalvík.

Foreldrar: Jóhann Daníelsson og Gíslína Hlíf Gísladóttir, búsett á Dalvík.

Maki: Rúnar Dýrmundur Bjarnason.

Börn: Bjarni Ívar, 8 ára, og Ísold Kristín, 6 ára.

Menntun: Kennarapróf frá KHÍ 1996. Masterspróf í almannatengslum frá University of Stirling 2005.

faðir minn og bróðir eru góðir tónlistarmenn og ég hóf snemma nám á píanó sem entist nú ekki lengi, en fór síðan í söngnám í Söngskóla Reykjavíkur á seinni árum og lauk 5. stigi áður en ég fór til útlanda. Ég hef ekki enn gefið mér tíma til að halda áfram en það kemur vonandi að því einhvern tímann.“

Hvað varðar sumarið þá segir Kristín fjölskylduna hafa verið í Skotlandi meiri hluta síðastliðins sumars: „Ég var að ljúka ritgerð minni, sem var um almannatengsl hjá fyrirtækjum á Íslandi, og var lítil tími til annars. Eftir að við komum heim hóf ég strax að starfa af fullum krafti í Kauphöllinni, þannig að gott frí með fjölskyldunni verður að bíða betri tíma.“



Innihaldið skiptir öllu máli

Allt sem þú þarft að vita um viðskipti.



Sigríður Margrét Oddsdóttir

framkvæmdastjóri Já



Nafn: Sigríður Margrét Oddsdóttir.

Fæðingarstaður: Reykjavík, 6. 5. 1976.

Foreldrar: Oddur Einarsson og Una Dagbjört Kristjánsdóttir.

Maki: Rúnar Pálsson.

Börn: Einar Oddur Páll Rúnarsson og Elmar Fossberg Rúnarsson.

Menntun: B.Sc. í rekstrarfræðum frá Háskólanum á Akureyri.

Sigríður Margrét er með B.Sc. gráðu í rekstrarfræðum frá Háskólanum á Akureyri: „Námið þar var eins og sniðið að mínum þörfum, mikil áhersla á markaðsmál og öflug tengsl við atvinnulífið. Áður hafði ég útskrifast með stúdentspróf frá Verzlunarskóla Íslands eins og margt gott fólk sem ég þekki.“

„Þegar kemur að áhugamálum þá er ég svo heppin að hafa mestan áhuga á því sem ég starfa við, ég lít á starfið sem mikil forréttindi. Ég hef lengi haft brennandi áhuga á markaðsmálum og til þess að tryggja að ég haldi mér faglega við hef ég notað þau tækifæri sem mér hafa boðist til þess að kenna hluta úr áföngum og námskeið í markaðsfræðum.

Við fjölskyldan erum nýflutt frá Akureyri og ég sit í stjórn Góðvina Háskólans á Akureyri og hef einnig setið í stjórn Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar. Ég var meðlimur í Rótarýklúbbi Akureyrar um nokkurra ára bil og fundir í klúbbnum og félagar mínir þar eru eitt af því sem ég sakna hvað mest frá Akureyri.

Mestum frítíma mínum eyði ég með fjölskyldunni. Þegar öllu er á botninn hvolft er það hún sem veitir manni mesta hamingju. Við hjónin fórum á golfnámskeið áður en yngri sonur okkar fæddist og við stefnum fast að því að byrja af alvöru um leið og báðir drengirnir okkar eru orðnir nógu stórir til að röltast með okkur.“ 🏌️

Sigríður Margrét Oddsdóttir: „Mestum frítíma mínum eyði ég með fjölskyldunni, þegar öllu er á botninn hvolft er það hún sem veitir manni mesta hamingju.“. FV-mynd: Geir Ólafsson.

Já er nafn á nýju fyrirtæki sem stofnað var um nokkra þjónustubætti sem heyrta hafa undir Símann. Já rekur upp-lysingabjónustuna 118, annast ritstjórn og útgáfu Símaskrárinnar og rekstur vefsvæðisins símaskrá.is, sem er jafnframt vefsvæði félagsins. Já er dótturfélag Símans og eru starfsmenn um 140, en flestir starfa við 118. Starfsstöðvar Já eru í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum. Framkvæmdastjóri er Sigríður Margrét Oddsdóttir og hefur hún aðsetur í Reykjavík.

Sigríður Margrét segir starfið mjög fjölbreytt og skemmtilegt og gefur henni tæki-

færi til að fást við stjórnun og þróun: „Starfið er bæði krefjandi og gefandi. Grunnurinn að starfinu er lagður í stefnumótun fyrirtækisins, sem ég vinn í nánú samstarfi við stjórn og aðra starfsmenn, svo gengur starfið út á að framfylgja stefnunni og hafa yfirsýn með daglegum rekstri fyrirtækisins. Þessa dagana leggjum við hvað mesta áherslu á markaðsmál, vörubrúun og fjármál.“

Eiginmaður Sigríðar Margrétar heitir Rúnar Pálsson: „Við hjónin eigum tvo syni, sá eldri er sjö ára en sá yngri eins árs og eins og gefur að skilja fer mikill tími í uppeldi barnanna þegar daglegri vinnu lýkur.“



[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]

[REDACTED]



